# Ársskýrsla 2013



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

LSR



# Efnisyfirlit


**Ársskýrsla LSR og LH 2013**

Ávarp stjórnarformanns LSR 2
Stjórn LSR 3
Ávarp stjórnarformanns LH 4
Stjórn LH 5
Hrein eign til greiðslu lífeyris og tekjur af fjárfestingum 6
Ávöxtun 9
Eignir og markaðir 10
Fjárfestingar 13
Verðbréfaeign 14
Fjárfestingarstefna 16
Áhættustefna 18
Hluthafastefna 19
Sjóðfélagalán 20
Séreign LSR 22
Iðgjöld 24
Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur 27
Skuldbindingar 35
Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar 41
Starfsemi 44

**Yfirlit LSR og LH 2013**

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 48
Efnahagsreikningur 50
Sjóðstreymi 52

**Ársreikningur LSR 2013**

Skýrsla stjórnar 56
Áritun endurskoðenda 59
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 60
Efnahagsreikningur 62
Sjóðstreymi 64
Yfirlit um rekstur og fjárhag fjárfestingarleiða Séreignar LSR 66
Skýringar 67
Kennitölur LSR 84
Kennitölur A-deildar 85
Kennitölur B-deildar 86
Kennitölur Séreignar LSR Leið I 87
Kennitölur Séreignar LSR Leið II 88
Kennitölur Séreignar LSR Leið III 89

**Ársreikningur LH 2013**

Skýrsla stjórnar 92
Áritun endurskoðenda 95
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris 96
Efnahagsreikningur 97
Sjóðstreymi 98
Skýringar 99
Kennitölur 110

**Overview for LSR & LH 2013**

Statement of changes in net assets
available for benefits 114
Balance sheet 115
Cash flow statement 2013 116
Financial indicators – LSR 117
Financial indicators – LH 118
Appendix – LSR & LH 119


LSR

# Ársskýrsla 2013

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

# Ávarp stjórnarformanns LSR

Árið 2013 var annasamt og viðburðaríkt hjá LSR líkt og undanfarin ár. Vel gekk að ávaxta eignir sjóðsins og tekjur af fjárfestingum voru með mesta móti. Eignir sjóðsins héldu því áfram að vaxa hröðum skrefum eins og undanfarin ár. Þrátt fyrir það hefur tryggingafræðileg staða A- og B-deildar lítið breyst til batnaðar sem er áhyggjuefni.

Varðandi innri starfsemi sjóðsins var unnið að ýmsum brýnum verkefnum. Áhersla var lögð á að yfirfara og bæta verkferla og verklagsreglur, áfram var unnið að þróun á áhættustefnu sjóðsins, ýmsar úrbætur voru gerðar á tölvukerfum, ný hluthafastefna var kynnt og þannig mætti lengi telja.

Ávöxtun sjóðsins á liðnu ári var sem fyrr segir afar góð, hvort heldur hún er skoðuð í sögulegu samhengi eða borin saman við ávöxtun annarra lífeyrissjóða og sama má segja um samanburð við ávöxtunarviðmið í tryggingafræðilegum útreikningum. Nafnávöxtun LSR var 10,5% sem svarar til 6,5% hreinnar raunávöxtunar. Tekjur af fjárfestingum á árinu voru 46,3 milljarðar kr. og ef horft er til síðustu þriggja ára voru tekjur af fjárfestingum á því tímabili samtals 126,3 milljarðar kr. Á sama tímabili hafa eignir sjóðsins vaxið um 134,8 milljarða kr. og má því að nánast öllu leyti rekja eignaaukningu síðustu þriggja ára til tekna af fjárfestingum.

Allir eignaflokkar skiluðu góðri ávöxtun á síðasta ári, en hlutabréf, bæði innlend og erlend, standa undir drjúgum hluta ávöxtunarinnar. Sjóðurinn er með 31,2% eigna sinna í erlendum gjaldmiðlum sem er tiltölulega hátt hlutfall samanborið við aðra lífeyrissjóði. Hlutfall innlendra hlutabréfa af heildareignum var 9% um síðustu áramót og hækkaði það nokkuð á árinu. Fyrir hrun íslenska fjármálakerfisins á haustmánuðum 2008 var LSR yfirleitt tiltölulega lítill hluthafi í hverju innlendu hlutafélagi en nú er staðan breytt. Fá félög eru skráð á verðbréfamarkaði og þau eru flest minni en þau sem voru á markaði fyrir hrun. Þetta, ásamt fábreyttum fjárfestingarkostum, hefur leitt til þess að sjóðurinn er nú stærri hluthafi í nokkrum innlendum hlutafélögum en við áttum áður að venjast.

Ljóst er að gjaldeyrishöftin sem nú hafa staðið í rúmlega fimm ár skapa margvísleg og vaxandi vandamál fyrir fjárfestingar, áhættustýringu og starfsemi lífeyrissjóða almennt. Fáir fjárfestingarkostir leiða til einsleitara eignasafns þar sem áhættudreifing verður ófullnægjandi. Þá skapa gjaldeyrishöftin óheilbrigt ástand innanlands þar sem fjárfestingarkostir eru fábreyttir samanborið við framboð á fjármagni sem leitar eðlilegrar ávöxtunar. Við slíkar aðstæður skapast hætta á skekktu verðlagi á öllum innlendum eignamörkuðum, hvort sem um er að ræða hlutabréf, skuldabréf eða fasteignir og þar með áhættu sem brýnt er að varast í starfsemi lífeyrissjóða almennt.

Í árslok 2013 voru samanlagðar eignir allra deilda LSR 485 milljarðar kr. og höfðu þær hækkað um 48,3 milljarða kr. frá árinu á undan. Þar af voru eignir A-deildar 256,7 milljarðar kr., eignir B-deildar 217 milljarðar kr. og eignir Séreignar LSR 11,2 milljarðar kr.

Í hverjum mánuði greiddu að jafnaði tæplega 30 þúsund sjóðfélagar iðgjald til LSR á árinu, samtals 21,2 milljarða kr. Tæplega 16 þúsund sjóðfélagar fengu að meðaltali lífeyrisgreiðslur í hverjum mánuði á árinu 2013, samtals að fjárhæð 29,4 milljarða kr. eða 2,5 milljarða kr. á mánuði.

Þessar upplýsingar bera óneitanlega vott um umfangsmikla starfsemi, jafnframt því að vera birtingarmynd verðmætra réttinda fjölda sjóðfélaga. Það er því mikil ábyrgð sem hvílir á þeim sem gefið hafa kost á sér til setu í stjórn sjóðsins. Af eðlilegum ástæðum eru gerðar miklar kröfur til stjórnarmanna, m.a. þurfa þeir að gangast undir ítarlegt hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu þar sem viðhorf þeirra er kannað ásamt þekkingu þeirra á lögum og reglum um lífeyrissjóði, á reikningsskilum og á fjármálamörkuðum almennt. Þá reynir stjórn LSR eftir því sem kostur er, með dyggri aðstoð starfsmanna sjóðsins, að afla sér nauðsynlegra upplýsinga um þróun efnahagsmála og hreyfinga á fjármálamörkuðum innan ársins í þeirri viðleitni sinni að ávaxta fjármuni sjóðsins með ábyrgum hætti.

Í lögum sem gilda um A-deild sjóðsins segir að deildin skuli á hverjum tíma eiga eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Ef munur á eignum og skuldbindingum er utan þeirra vikmarka sem heimil eru samkvæmt lögum á hverjum tíma, skal grípa til viðeigandi ráðstafana af hálfu stjórnar. Þau vikmörk eru 10% fyrir rekstrarárið 2013. Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu A-deildar í lok árs 2013 er heildarstaða hennar neikvæð um 11,7% sem er utan vikmarka. Stjórninni ber því að grípa til aðgerða fyrir 1. október nk. þannig að munur á milli eigna og skuldbindinga verði innan vikmarka.

Tryggingafræðileg staða B-deildar er ekki síður erfið en deildin er aðeins að hluta til byggð á sjóðsöfnun og að hluta til á gegnumstreymiskerfi. Áfallnar skuldbindingar deildarinnar voru 379,4 milljarðar kr. umfram eignir um síðustu áramót. Greiddur lífeyrir er verulega umfram iðgjaldatekjur og lífeyrishækkanir og var fjárstreymi B-deildar neikvætt um 13,4 milljarða kr. á árinu 2013 fyrir utan afborganir verðbréfa og innleystra fjárfestingatekna. Það gengur því hratt á eignir deildarinnar og ef ekkert verður að gert, bendir allt til að eignir B-deildar verði uppurnar árið 2027.

Að takast á við erfiða tryggingafræðilega stöðu er eitt af mörgum krefjandi verkefnum stjórnar á yfirstandandi ári. Kröfur til starfshátta lífeyrissjóða og stjórnenda hafa aukist



Stjórn LSR. Frá vinstri: Guðlaug Kristjánsdóttir, Gunnar Björnsson, Þórveig Þormóðsdóttir, Árni Stefán Jónsson, Maríanna Jónasdóttir, Þórður Á. Hjaltested, Viðar Helgason, Guðrún Ágústsdóttir.

og starfsumhverfið verður sífellt flóknara. Stjórn sjóðsins mun áfram vinna að því að treysta starfsemina til hagsbóta fyrir sjóðfélaga og ábyrgðaraðila sjóðsins.

Síðastliðin ár hefur mikil vinna verið lögð í að yfirfara og skrá verkferla og verklagsreglur sem gilda í starfsemi LSR. Markmiðið hefur verið að tryggja öguð vinnubrögð, rekjanleika gagna og ákvarðana og að bæta þjónustu við sjóðfélaga. Í þessari vinnu hefur starfsemi sjóðsins verið skipt upp í alls 70 rekstrarþætti, þar sem hver rekstrarþáttur stendur fyrir ákveðin verkefni, og ábyrgðarskipting gerð eins skýr og kostur er.

Á liðnu ári framkvæmdi Fjármálaeftirlitið umfangsmikla könnun á starfsemi LSR, en því ber samkvæmt lögum að hafa eftirlit með því að starfsemi lífeyrissjóða sé í samræmi við ákvæði laga og reglna sem um lífeyrissjóði gilda. Það er ánægjulegt frá því að segja að sjóðurinn kom vel út úr þessari skoðun. Í niðurstöðukafla skýrslu Fjármálaeftirlitsins segir orðrétt: „Fjármálaeftirlitið telur að þeir þættir sem vettvangsathugunin beindist að séu almennt í mjög góðu horfi og að stjórnendur LSR hafi gott viðhorf til eftirlits. Það endurspeglast m.a. í fáum athugasemdum og ábendingum að teknu tilliti til þess hve athugun Fjármálaeftirlitsins var ítarleg og umfangsmikil."

Í lok síðasta árs var kynnt ný hluthafastefna sem stjórn sjóðsins hafði unnið að á árinu og samþykkt. Þetta er í raun fyrsta heildstæða hluthafastefna sjóðsins, en áður höfðu ákvæði þar um verið á mismunandi stöðum í reglum sjóðsins, m.a. í starfsreglum stjórnar. Í hluthafastefnunni er það undirstrikað að LSR er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar, en jafnframt að vera ábyrgur hluthafi sem stuðlar að framþróun starfshátta á hlutabréfamarkaði.

Hluthafastefnan varðar aðkomu LSR að fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í. Fyrir samþykki nýju hluthafastefnunnar var meginreglan hjá sjóðnum að vera hlutlaus hluthafi, þ.e. að hafa almennt ekki áhrif á hverjir völdust í stjórnir fyrirtækja. Í ljósi breytinga sem orðið hafa á íslenskum hlutabréfamarkaði og vegna stærðar LSR þá ákvað stjórn sjóðsins að gera breytingu hér á.

LSR mun í framtíðinni vera virkari fjárfestir á íslenskum markaði. Stjórn LSR mun þannig meta í hverju tilviki fyrir sig hvort gerð verði tillaga um stjórnarmann fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar hjá viðkomandi fyrirtæki fer fram. Við mat á virkni LSR sem fjárfestis að þessu leyti, verður m.a. litið til eignarhalds, fjárhæða og samkeppnisumhverfis. Jafnframt verða gerðar kröfur um að fyrirtæki, sem sjóðurinn fjárfestir í, sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum og umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Fyrir hönd stjórnar LSR þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum samstarfið á liðnu ári.

Maríanna Jónasdóttir,
stjórnarformaður

# Stjórn LSR

Stjórn LSR skipa átta stjórnarmenn og er skipunartíminn þrjú ár í senn. Fjármálaráðherra skipar fjóra þeirra, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin 21 sinni saman til formlegra fundarhalda á liðnu ári. Á árinu 2013 var Árni Stefán Jónsson formaður stjórnar sjóðsins en í ársbyrjun 2014 tók Maríanna Jónasdóttir við formennskunni.

# Ávarp stjórnarformanns LH

Ávöxtun eigna LH á árinu 2013 var mjög góð. Nafnávöxtun var 11,4% á árinu sem svarar til 7,3% hreinnar raunávöxtunar. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LH síðustu fimm árin er 4,5%. Tekjur af fjárfestingarstarfsemi á árinu voru 2,8 milljarðar kr. og heildareignir LH í árslok 2013 námu 26 milljörðum kr.

Verðbréfaeign sjóðsins í árslok 2013 skiptist þannig að 48,3% voru í innlendum skuldabréfum, þar af 32,2% í bréfum með ríkisábyrgð, 7,5% í innlendum hlutabréfum, 39,9% í erlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum og 4,3% í innlánum. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu, en mestu munar um ávöxtun innlendra og erlendra hlutabréfa. Hlutfall erlendra verðbréfa í eignasafni LH er talsvert hærra en gengur og gerist hjá öðrum lífeyrissjóðum því sjóðurinn hefur fylgt þeirri stefnu að halda í erlendu eignirnar þrátt fyrir að hann sé lokaður fyrir nýjum sjóðfélögum og útstreymi vegna lífeyris talsvert umfram innborganir iðgjalda. Áhættudreifingarsjónarmið hafa ráðið mestu um þá ákvörðun en erlend verðbréf hafa einnig haft góð áhrif á ávöxtunina á undanförnum árum. Þrátt fyrir að erlend verðbréfaeign sjóðsins hafi skilað góðri ávöxtun á árinu er rétt að hafa í huga að ávöxtun þessa eignaflokks er sveiflukennd og óvarlegt er að reikna með sama framhaldi á þessu eða næstu árum.

Burtséð frá fjármagnstekjum, sem geta verið sveiflukenndar milli ára, þá er LH í þeirri stöðu að vera farinn að ganga á eignir til að greiða lífeyri. Gjaldeyrishöftin hafa því ekki sömu áhrif og hjá sjóðum sem eru að byggja upp auknar eignir og þurfa nauðsynlega að geta fjárfest hluta af innflæði fjármagns í erlendum verðbréfum. Gjaldeyrishöftin hafa hins vegar áhrif á verðlagningu innlendra verðbréfa. Eftirspurn eftir innlendum verðbréfum kann að vera talsvert umfram framboð sem getur þrýst verði hlutabréfa, skuldabréfa og fasteigna upp á við. Nauðsynlegt er því fyrir sjóðinn að huga vel að þessari áhættu.

Á árinu 2013 fengu að meðaltali 908 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslur frá LH í hverjum mánuði, samtals 2,5 milljarða kr. Virkum sjóðfélögum fer fækkandi en að meðaltali greiddu 382 sjóðfélagar mánaðarlega iðgjald til LH á síðasta ári og fækkaði þeim um 10,3% milli ára. Iðgjaldagreiðslur til sjóðsins námu 257,4 milljónum kr.

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar LH í árslok 2013 voru samkvæmt útreikningi tryggingafræðings sjóðsins 72,9 milljarðar kr. Skuldbindingar umfram eignir eru því verulegar eða 46,8 milljarðar kr. Rétt er að minna á að uppbygging sjóðsins hefur frá upphafi verið með þeim hætti að iðgjöld og ávöxtun þeirra eiga einungis að standa undir hluta lífeyrisgreiðslna.

LH hefur verið lokaður fyrir nýjum sjóðfélögum frá árinu 1997. Innstreymi iðgjalda mun því enn minnka á næstu árum samhliða því sem lífeyrisgreiðslur munu aukast. Ríkissjóður og aðrir launagreiðendur sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins eru ábyrgir fyrir skuldbindingum hans og þar með ábyrgir fyrir greiðslu lífeyris þegar eignir sjóðsins tæmast. Það er því nauðsynlegt að gera áætlun um hvernig þeir geti sem best mætt skuldbindingum sínum.

Í framhaldi af lokun sjóðsins árið 1997 hóf ríkissjóður að greiða inn á framtíðarskuldbindingar sínar. Það var gert til að jafna greiðslustreymi úr sjóðnum til framtíðar og til að koma í veg fyrir að sjóðurinn tæmist. Við hrun fjármálakerfisins á haustmánuðum 2008 var þessum greiðslum hætt.

Staðan er nú þannig að samkvæmt áætlun um útstreymi fjár úr sjóðnum á næstu árum verða eignir LH, aðrar en þær sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til sjóðsins upp í skuldbindingar sínar, uppurnar á árinu 2018. Þá mun strax reyna á bakábyrgð annarra launagreiðenda en ríkissjóðs. Með aukagreiðslum ríkissjóðs til lífeyrissjóðsins hefur hins vegar tekist að lengja nokkuð í líftíma sjóðsins, en áætlað er að allar eignir hans verði uppurnar árið 2027 verði ekkert að gert. Heppilegast er að launagreiðendur hefji sem fyrst innborganir inn á skuldbindingar sínar svo komið verði í veg fyrir að lífeyrissjóðurinn tæmist og að lífeyrisgreiðslur lendi af fullum þunga á ábyrgðaraðilum sjóðsins.



Stjórn LH. Frá vinstri: Ásta Lára Leósdóttir, Ragnheiður Gunnarsdóttir, Guðjón Hauksson, Oddur Gunnarsson.

Hjúkrunarfræðingar greiða nú ýmist iðgjald til A-deildar LSR eða í LH. Frá árinu 1997 hafa allir nýráðnir hjúkrunarfræðingar gerst aðilar að LSR. Nú er svo komið að yfir 80% starfandi hjúkrunarfræðinga greiða iðgjald af launum sínum þangað.

Stjórn LH lét gera úttekt á hagkvæmni þess að sameina LH og LSR. Niðurstaða þeirrar úttektar er að heppilegast sé að LH verði sameinaður B-deild LSR. Slíkt megi gera þannig að eftir sameininguna gildi réttindareglur B-deildar og að við sameininguna tapist engin áunnin réttindi. Niðurstaða úttektarinnar hefur verið tekin saman í skýrslu sem kynnt hefur verið fyrir stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra. Framhald málsins er nú til skoðunar hjá þessum aðilum.

Þó svo ekki hafi verið gengið frá sameiningu LH og LSR er mikið samstarf með sjóðunum tveimur. LH er með þjónustusamning við LSR sem annast allan rekstur sjóðsins. Í skjóli þess getur LH boðið sjóðfélögum sínum þjónustu sambærilega við það sem best gerist og sjóðurinn nýtur stærðarhagkvæmni heildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar LH þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum góð samskipti á árinu.

Ragnheiður Gunnarsdóttir, stjórnarformaður

# Stjórn LH

Stjórn LH skipa fjórir stjórnarmenn. Fjármálaráðherra skipar tvo þeirra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Skipunartími stjórnar er þrjú ár í senn en á árinu 2013 kom Guðjón Hauksson inn í stjórn sjóðsins í stað Herdísar Gunnarsdóttur. Alls kom stjórnin 14 sinnum saman til fundar á liðnu ári. Á árinu 2013 var Ásta Lára Leósdóttir formaður stjórnar sjóðsins en í ársbyrjun 2014 tók Ragnheiður Gunnarsdóttir við formennskunni.

# Hrein eign til greiðslu lífeyris og tekjur af fjárfestingum

Samanlagðar eignir LSR og LH voru 510,9 milljarðar kr. í árslok 2013 og hækkuðu þær um 49,8 milljarða milli ára eða 10,8%. Af samanlögðum eignum LSR og LH í árslok námu eignir A-deildar LSR 256,7 milljörðum kr. eða rúmlega helmingi af eignum sjóðanna, eignir B-deildar LSR námu 217 milljörðum kr., eignir Séreignar LSR voru 11,2 milljarðar kr. og eignir LH 26 milljarðar kr.

Frá upphafi árs 2004 til loka árs 2013 hefur samanlögð hrein eign LSR og LH til greiðslu lífeyris aukist úr 158,9 milljörðum kr. í 510,9 milljarða kr. Aukningin nemur 352 milljörðum kr. á tímabilinu. Af þeirri fjárhæð voru fjárfestingartekjur rúmlega þrír fjórðu eða 269,1 milljarður kr., innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga 55,2 milljarðar kr. og iðgjöld ásamt lífeyrishækkunum umfram lífeyri og kostnað 27,8 milljarðar kr. Þrátt fyrir áhrif fjármálakreppunnar hafa eignir sjóðanna rúmlega þrefaldast á undanförnum 10 árum. Það jafngildir því að árleg meðalaukning eigna hafi verið 12,4%.

Fjárfestingartekjur sjóðanna voru 49 milljarðar kr. á síðasta ári og lækkuðu um 14,9% frá árinu áður. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri ávöxtun á síðasta ári og var ávöxtun erlendra og innlendra hlutabréfa góð.

Ávöxtun sjóðanna hefur verið misjöfn undanfarin 10 ár og endurspeglar hún þær sveiflur sem hafa verið á verðbréfamörkuðum. Þá hafa jafnframt verið miklar sviptingar í fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóðanna á undanförnum árum og takmarkaðir fjárfestingarkostir verið í boði. Þrátt fyrir það er meðaltal hreinnar raunávöxtunar undanfarin 5 ár góð eða 4,5% hjá bæði LSR og LH.

Síðustu 10 ár er meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR 2,4% og 2,2% hjá LH. Ef horft er 20 ár aftur í tímann er meðaltal hreinnar raunávöxtunar það sama hjá báðum sjóðum eða 3,5%. Samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum um uppgjör sjóðanna er gert ráð fyrir að hrein raunávöxtun til langs tíma sé 3,5%.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris

| (í millj. kr.) | 2013 | 2012 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| A-deild LSR | 256.744 | 218.447 | 17,5% |
| B-deild LSR | 217.024 | 208.004 | 4,3% |
| Séreign LSR | 11.186 | 10.194 | 9,7% |
| Lsj. hjúkrunarfræðinga | 25.993 | 24.469 | 6,2% |
| **Samtals** | **510.947** | **461.114** | **10,8%** |

## Fjárfestingartekjur

| (í millj. kr.) | 2013 | 2012 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| A-deild LSR | 22.995 | 24.606 | -6,5% |
| B-deild LSR | 22.453 | 28.852 | -22,2% |
| Séreign LSR | 817 | 924 | -11,6% |
| Lsj. hjúkrunarfræðinga | 2.759 | 3.243 | -14,9% |
| **Samtals** | **49.024** | **57.625** | **-14,9%** |

## Uppruni aukinna eigna 2004–2013





## Fjárfestingartekjur




## Hrein eign til greiðslu lífeyris




Hrein raunávöxtun
15%
10%
5%
0%
-5%
-10%
-15%
-20%
-25%
-30%
04
05
06
07
08
09
10
11
12
13
LSR
LH


5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar
6%
4%
2%
0%
-2%
-4%
-6%
05 – 09
06 – 10
07 – 11
08 – 12
09 – 13
LSR
LH



# Ávöxtun

Nafnávöxtun LSR á árinu 2013 var 10,5% sem samsvarar 6,6% raunávöxtun samanborið við 9,2% á árinu 2012. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 6,5% en 9,1% á árinu 2012. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu 5 árin er 4,5% og meðaltal síðustu 10 árin er 2,4%.

Nafnávöxtun LH á árinu 2013 var 11,4% sem samsvarar 7,5% raunávöxtun samanborið við 9,8% á árinu 2012. Hrein raunávöxtun LH var 7,3% á árinu 2013 en 9,6% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LH síðustu 5 árin er 4,5% og meðaltal síðustu 10 árin er 2,2%.

Í meðfylgjandi töflum má sjá ávöxtun og eignasamsetningu allra deilda LSR og LH á árinu 2013. Skuldabréfaeign A-deildar LSR, B-deildar LSR og LH er gerð upp á kaupkröfu sem þýðir að breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hafa ekki áhrif á bókfært virði þeirra bréfa sem sjóðirnir áttu í árslok 2013. Í árslok var skuldabréfaeign Séreignar LSR að mestu leyti í skuldabréfasjóðum og er hún gerð upp á markaðsvirði sem þýðir að þegar ávöxtunarkrafa á markaði lækkar, þá hækkar virði bréfanna og öfugt. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.



## Ávöxtun og eignasamsetning 2013

| | A-deild | B-deild | Séreign Leið I | Séreign Leið II | Séreign Leið III | LSR | LH |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 10,1% | 11,0% | 9,7% | 8,7% | 5,8% | 10,5% | 11,4% |
| Hrein raunávöxtun | 6,1% | 7,0% | 5,7% | 4,8% | 2,0% | 6,5% | 7,3% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 4,0% | 4,8% | 6,6% | 6,2% | 3,1% | 4,5% | 4,5% |
| | | | | | | | |
| Eignasamsetning í árslok 2013 | | | | | | | |
| Innlán | 6,5% | 1,9% | 6,9% | 12,5% | 100,0% | 5,4% | 4,3% |
| Skuldabréf | 58,3% | 52,6% | 45,5% | 50,5% | | 55,0% | 48,3% |
| Innlend hlutabréf | 11,2% | 6,7% | 9,1% | 5,6% | | 9,0% | 7,5% |
| Erlend hlutabréf | 18,8% | 33,8% | 34,5% | 27,3% | | 25,6% | 34,2% |
| Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu | 5,1% | 5,0% | 4,0% | 4,1% | | 5,0% | 5,7% |

# Eignir og markaðir

## Skuldabréf

Nafnávöxtun skuldabréfa var 8% á árinu 2013 sem samsvarar 4,2% raunávöxtun. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra íbúðabréfa hækkaði á árinu 2013, þó mismikið eftir líftíma viðkomandi skuldabréfaflokka. Hækkun ávöxtunarkröfunnar var á bilinu 0,3% til 0,6% á lengri flokkum. Ástæður þessara hækkana má aðallega rekja til minnkandi verðbólguvæntinga á markaði ásamt umræðu um stöðu Íbúðalánasjóðs.

Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa var á svipuðum stað í byrjun ársins og í árslok. Talsverðar sveiflur voru þó innan ársins og var ávöxtunarkrafa lengri skuldabréfaflokka á bilinu 6,7% til 7% í lok árs.

Á árinu 2013 mældist verðbólgan 3,7%. Vaxtaákvarðanir Seðlabanka Íslands voru átta talsins og héldust stýrivextir óbreyttir út árið eða 6%.

## Innlend hlutabréf

Nafnávöxtun innlends hlutabréfasafns sjóðanna var 33,8% á árinu sem jafngildir 29,1% raunávöxtun. Til samanburðar hækkaði íslenska úrvalsvísitalan með arði, OMXI6, um 20,4%. Þá hækkaði sænska úrvalsvísitalan (OMX) um 25,3%, norska (OBX) hækkaði um 22,7% og finnska (HEX) hækkaði um 32% á árinu. Þróun íslensku úrvalsvísitölunnar með arði á árinu 2013 er sýnd á mynd á næstu síðu.

### 10 stærstu skuldarar í árslok 2013 (LSR og LH)

| Skuldari | Í millj. kr. | Hlutföll |
|---|---|---|
| Íbúðalánasjóður | 91.930 | 42,5% |
| Ríkissjóður Íslands | 64.636 | 29,9% |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 6.788 | 3,1% |
| Landsvirkjun | 6.605 | 3,1% |
| Lánasjóður landbúnaðarins | 3.414 | 1,6% |
| Reykjavíkurborg | 3.360 | 1,6% |
| Akureyrarkaupstaður | 3.358 | 1,6% |
| Orkuveita Reykjavíkur | 3.344 | 1,5% |
| Eik fasteignafélag hf. | 3.023 | 1,4% |
| Ríkisútvarpið | 2.974 | 1,4% |

Stærstu skráðu félögin í söfnum LSR og LH í lok árs 2013 voru Icelandair Group hf., Hagar hf. og Eimskipafélag Íslands hf. Stærstu óskráðu félögin voru Skipti hf. og Jarðvarmi slhf. Stærsta skráða eign í hlutabréfasafni sjóðanna, Icelandair hf., hækkaði um 120% á árinu og Hagar hf. hækkaði um 67% á sama tímabili. Þrjár nýskráningar voru á íslenskum hlutabréfamarkaði á árinu 2013; Vátryggingafélag Íslands hf., Tryggingamiðstöðin hf. og N1 hf. Í lok árs 2013 voru 10 félög skráð á aðallista Kauphallar Íslands og útlit er fyrir að 3–4 nýskráningar verði á árinu 2014.

### Ávöxtunarkrafa stuttra og langra íbúðabréfa (HFF) á árinu 2013




### Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) á árinu 2013



## Erlend hlutabréf

Erlent hlutabréfasafn sjóðanna, reiknað í íslenskum krónum, hækkaði að nafnvirði um 14,2% á árinu 2013 sem svarar til 10,2% raunávöxtunar. LSR og LH eru í samstarfi við erlenda fjárvörsluaðila um ávöxtun fjármuna sjóðanna á erlendum verðbréfamörkuðum. Við val á fjárvörsluaðilum er horft til áhættudreifingar, ólíkrar aðferðafræði, reynslu, árangurs og mismunandi fjárfestingarstefnu. Leitað er eftir samstarfi við trausta aðila sem hafa náð góðum árangri yfir lengri tíma og veita góða og samkeppnishæfa þjónustu. Í töflu á næstu síðu má sjá sundurliðun á stærstu erlendu verðbréfasjóðunum í safni LSR og LH, eftir tegundum sjóða.

Miklar verðhækkanir voru á erlendum hlutabréfamörkuðum á árinu 2013. Heimsvísitala hlutabréfa, MSCI, hækkaði um 26,7% í dollurum talið en vegna styrkingar krónunnar nam hækkunin 13,2% í krónum. Áhættusækni fjárfesta hefur aukist á heimsvísu á síðustu misserum sem leitt hefur af sér aukna eftirspurn eftir hlutabréfum og sölu á ríkisskuldabréfum. Batnandi hagtölur í flestum ríkjum heimsins og lágir vextir í Bandaríkjunum og Evrópu hafa jafnframt leitt til hækkana á hlutabréfamörkuðum.

Íslenska krónan styrkist á árinu gagnvart helstu viðskiptamyntum og kom stærsti hluti styrkingarinnar fram á síðari hluta ársins. Styrking krónunnar var 9,4% gagnvart Bandaríkjadollar og 6,7% gagnvart evru á árinu 2013.

Hér að neðan er yfirlit yfir þróun gengisvísitölu íslensku krónunnar á árinu og á næstu síðu má sjá yfirlit yfir þróun heimsvísitölu hlutabréfa, í dollurum.

## Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Undir sjóði um sameiginlega fjárfestingu falla innlendir og erlendir framtaks- og fasteignasjóðir.

Eignir LSR og LH í framtakssjóðum námu 24,6 milljörðum kr. og eignir í fasteignasjóðum námu 1,4 milljörðum kr. í árslok 2013. Á árinu 2013 voru nettó-endurgreiðslur úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu ríflega 1,1 milljarður kr. sem skiptist þannig að endurgreiðslur úr framtakssjóðum umfram innkallanir námu tæplega 1,1 milljarði og endurgreiðslur úr fasteignasjóðum námu 53 milljónum kr. Í árslok var vægi eignaflokksins 5% af heildareignum eða tæpir 26 milljarðar kr.

### Þróun OMXI6 með arði á árinu 2013




### Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu 2013





## Erlend verðbréf eftir tegundum sjóða 2013 (LSR og LH)

| Sérgreind söfn | Í millj. kr. | Hlutföll |
|---|---|---|
| MFS Institutional Advisors | 25.459 | 16,2% |
| Morgan Stanley | 8.065 | 5,2% |
| EFG Global Equity | 5.281 | 3,4% |
| ETF Credit Suisse | 5.244 | 3,4% |
| | **44.049** | **28,2%** |
| **Erlend hlutabréf** | | |
| Sampo OYJ-A SHS | 625 | 0,4% |
| **Erlend hlutdeildarskírteini** | | |
| Vanguard Global Stock Index | 20.474 | 13,1% |
| Schroder Global Core | 12.920 | 8,3% |
| JP Morgan Global Dynamic B | 12.885 | 8,3% |
| Schroder Global Quant Value | 9.083 | 5,8% |
| T. Rowe Price US Large Growth | 7.128 | 4,6% |
| Aðrir sjóðir | 26.929 | 17,2% |
| | **89.419** | **57,3%** |
| **Framtakssjóðir** | | |
| Schroder Private Equity III | 3.477 | 2,2% |
| Morgan Stanley Private Equity III | 2.007 | 1,3% |
| Landsbanki Private Equity II | 1.644 | 1,1% |
| Schroder Private Equity IV | 1.502 | 1,0% |
| Morgan Stanley Emerging Private Markets | 1.425 | 0,9% |
| BlackRock Diversified Private Equity III | 974 | 0,6% |
| Aðrir sjóðir | 9.526 | 6,1% |
| | **20.555** | **13,2%** |
| **Fasteignasjóðir** | | |
| Alþjóða fasteignasjóðurinn | 735 | 0,5% |
| Templeton Real Estate Fund | 637 | 0,4% |
| | **1.372** | **0,9%** |
| **Samtals** | **156.020** | **100,0%** |

## Þróun MSCI með arði á árinu 2013 í USD



# Fjárfestingar

Á liðnu ári keyptu LSR og LH verðbréf og veittu lán fyrir samtals 19,4 milljarða kr. að teknu tilliti til seldra bréfa. Alls voru nettókaup skuldabréfa tæpur 9,1 milljarður kr. og nettókaup hlutabréfa námu 11,5 milljörðum kr. Endurgreiðslur frá sjóðum um sameiginlega fjárfestingu námu rúmum 1,1 milljarði kr. Útlán til sjóðfélaga námu 3,5 milljörðum kr. og uppgreiðslur 2,2 milljörðum kr. þannig að nettóútlán námu 1,4 milljörðum kr. á árinu. Sundurliðun fjárfestinga allra deilda LSR og LH á árinu 2013 má sjá í meðfylgjandi töflu.

Nettókaup skuldabréfa skiptast þannig að nettókaup ríkisbréfa voru 8,2 milljarðar kr., nettóútlán til sjóðfélaga námu 1,4 milljörðum kr. og nettókaup í innlendum skuldabréfasjóðum námu 491 milljón kr. Aftur á móti námu uppgreiðslur lánastofnanabréfa 1 milljarði kr. og nettósala annarra skuldabréfa nam 1 milljón kr.

Á árinu voru keypt innlend hlutabréf fyrir tæpan 17,1 milljarð kr. en seld fyrir tæpa 3,8 milljarða kr. og námu nettókaup því samtals 13,3 milljörðum kr.

Nettósala erlendra hlutabréfa nam 1,8 milljörðum kr. en þrátt fyrir sölu og styrkingu krónunnar á árinu hækkaði vægi erlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðanna frá árinu áður. Í árslok 2013 var hlutfallið 26% af eignum miðað við 25,2% í árslok 2012 og skýrist það af góðri ávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum.

Fjárfestingarloforð í innlendum framtakssjóðum, fasteignasjóðum og samlagshlutafélögum námu 10,5 milljörðum kr. og í árslok 2013 höfðu um 41,5% af þeirri fjárhæð verið innkölluð. Fjárfestingarloforð í erlendum framtaks- og fasteignasjóðum námu 30,6 milljörðum kr. og í árslok 2013 höfðu um 84,2% af þeirri fjárhæð verið greidd í sjóðina.

## Nettófjárfestingar 2013

(í millj. kr.)

| | A-deild | B-deild | Séreign | LSR | LH | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ríkistryggð bréf | 10.577 | (2.092) | 0 | 8.484 | (286) | 8.198 |
| Skuldabréf lánastofnana | (420) | (500) | 0 | (920) | (80) | (1.000) |
| Sjóðfélagalán | 2.027 | (575) | 0 | 1.452 | (82) | 1.370 |
| Innlendir skuldabréfasjóðir | 500 | 0 | (9) | 491 | 0 | 491 |
| Önnur skuldabréf | 1.327 | (1.071) | 0 | 256 | (257) | (1) |
| **Skuldabréf** | **14.010** | **(4.238)** | **(9)** | **9.763** | **(704)** | **9.059** |
| Innlend hlutabréf | 8.978 | 3.691 | 160 | 12.828 | 450 | 13.279 |
| Erlend hlutabréf | (276) | (1.263) | 13 | (1.526) | (286) | (1.812) |
| **Hlutabréf** | **8.702** | **2.427** | **173** | **11.302** | **164** | **11.466** |
| Framtakssjóðir | 203 | (1.130) | (15) | (941) | (155) | (1.096) |
| Fasteignasjóðir | (16) | (31) | (1) | (48) | (4) | (53) |
| **Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu** | **187** | **(1.161)** | **(16)** | **(990)** | **(159)** | **(1.149)** |
| **Fjárfestingar alls** | **22.899** | **(2.972)** | **149** | **20.076** | **(699)** | **19.377** |

# Verðbréfaeign

Í árslok 2013 nam verðbréfaeign sjóðanna 514,7 milljörðum kr. Fjárhæðin skiptist þannig að eign í skuldabréfum var 281,3 milljarðar kr., 46,1 milljarður kr. var í innlendum hlutabréfum og 134,1 milljarður kr. í erlendum hlutabréfum. Fjárfestingar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu námu 26 milljörðum kr. og innlán námu tæpum 27,3 milljörðum kr. í árslok. Skiptingu verðbréfaeignar A- og B-deilda LSR, LH og Séreignar LSR í árslok 2013 má sjá í meðfylgjandi töflu. Samsetning eigna hefur breyst nokkuð frá fyrra ári. Vægi skuldabréfa er nú 54,6% af verðbréfaeign samanborið við 58,5% árið áður. Vægi erlendra hlutabréfa hefur aukist úr 25,2% í 26% og vægi innlendra hlutabréfa hefur aukist úr 4,9% í 8,9%. Vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 5% í stað 5,8% árið áður og innlán eru 5,3% af eignum í stað 5,6% árið 2012.

## Verðbréfaeign LSR og LH 2013




## Verðbréfaeign 2013

(í millj. kr.)

| | A-deild | B-deild | Séreign | LSR | LH | Samtals | Hlutföll A-deild | B-deild | Séreign | LSR | LH | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ríkistryggð bréf | 101.064 | 68.504 | 2.577 | 172.145 | 8.480 | 180.625 | 39,4% | 31,0% | 23,0% | 35,2% | 32,2% | 35,1% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 12.365 | 10.420 | 214 | 22.999 | 1.322 | 24.321 | 4,8% | 4,7% | 1,9% | 4,7% | 5,0% | 4,7% |
| Skuldabréf lánastofnana | 1.216 | 818 | 57 | 2.092 | 114 | 2.206 | 0,5% | 0,4% | 0,5% | 0,4% | 0,4% | 0,4% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | 1.219 | 1.373 | 57 | 2.650 | 98 | 2.749 | 0,5% | 0,6% | 0,5% | 0,5% | 0,4% | 0,5% |
| Sjóðfélagalán | 28.051 | 32.191 | 0 | 60.243 | 2.359 | 62.601 | 10,9% | 14,6% | 0,0% | 12,3% | 9,0% | 12,2% |
| Önnur skuldabréf | 5.675 | 2.704 | 54 | 8.433 | 329 | 8.762 | 2,2% | 1,2% | 0,5% | 1,7% | 1,2% | 1,7% |
| Skuldabréf | 149.592 | 116.011 | 2.959 | 268.561 | 12.702 | 281.263 | 58,3% | 52,6% | 26,4% | 55,0% | 48,3% | 54,6% |
| Innlend hlutabréf | 28.726 | 14.800 | 548 | 44.074 | 1.983 | 46.057 | 11,2% | 6,7% | 4,9% | 9,0% | 7,5% | 8,9% |
| Erlend hlutabréf | 48.354 | 74.595 | 2.130 | 125.079 | 9.013 | 134.093 | 18,8% | 33,8% | 19,0% | 25,6% | 34,2% | 26,0% |
| Hlutabréf | 77.080 | 89.396 | 2.678 | 169.153 | 10.997 | 180.150 | 30,0% | 40,5% | 23,9% | 34,6% | 41,8% | 35,0% |
| Framtakssjóðir | 12.643 | 10.322 | 233 | 23.198 | 1.396 | 24.595 | 4,9% | 4,7% | 2,1% | 4,7% | 5,3% | 4,8% |
| Fasteignasjóðir | 524 | 727 | 24 | 1.274 | 98 | 1.372 | 0,2% | 0,3% | 0,2% | 0,3% | 0,4% | 0,3% |
| Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu | 13.167 | 11.049 | 256 | 24.473 | 1.494 | 25.967 | 5,1% | 5,0% | 2,3% | 5,0% | 5,7% | 5,0% |
| Verðbréf alls | 239.838 | 216.456 | 5.893 | 462.187 | 25.193 | 487.380 | 93,5% | 98,1% | 52,6% | 94,6% | 95,7% | 94,6% |
| Innlán | 16.755 | 4.089 | 5.320 | 26.165 | 1.126 | 27.291 | 6,5% | 1,9% | 47,4% | 5,4% | 4,3% | 5,3% |
| Heildareignir | 256.593 | 220.546 | 11.213 | 488.352 | 26.319 | 514.671 | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |



## Þróun verðbréfaeignar LSR og LH 2000–2013






# Fjárfestingarstefna

Í fjárfestingarstefnu LSR og LH eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðanna. Þær miða að því að tryggja góða ávöxtun til lengri tíma en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er. Leitast er við að ná þessu með því að ákveða eignasamsetningu samkvæmt fyrirfram mótaðri fjárfestingarstefnu, tryggja eignir sem best og vanda til allra ákvarðana um fjárfestingar og vörslu á eignum sjóðanna. Í fjárfestingarstefnu er tekið á þáttum eins og árangursmælingum og hámarkseign í einstökum eignaflokkum og öðrum takmörkunum á fjárfestingum. Stjórnir LSR og LH endurskoða fjárfestingarstefnu sjóðanna eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Við þá endurskoðun er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum, breytinga sem orðið hafa á umhverfi lífeyrissjóðanna og annarra ytri skilyrða sem áhrif hafa á rekstur og starfsumhverfi þeirra. Í fjárfestingarstefnunni eru sett fram markmið um eignasamsetningu sjóðanna. Fjárfestingarstefna A-deildar LSR er ólík stefnum B-deildar LSR og LH vegna þess að greiðsluflæði þessara deilda hefur þróast með ólíkum hætti. Einungis A-deild LSR tekur við nýjum sjóðfélögum á meðan B-deild LSR og LH eru lokaðar. Það veldur því að hlutfall iðgjalda af ráðstöfunarfé B-deildar LSR og LH fer minnkandi á meðan hlutfall lífeyrisgreiðslna fer vaxandi og mun svo verða um ókomna tíð.

## A-deild LSR

Nokkrar breytingar voru gerðar á vægi og vikmörkum einstakra eignaflokka A-deildar LSR. Markmið um eignasamsetningu fyrir árið 2014 voru ákveðin þannig að vægi innlána er 1%, skuldabréfa 61%, innlendra hlutabréfa 12% og vægi erlendra hlutabréfa er 20%. Vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 6% og vægi fjárfestingar í íbúðarhúsnæði er 0%. Vægi gengisbundinna verðbréfa er samtals 25% í fjárfestingarstefnu A-deildar LSR.

## B-deild LSR og LH

Nokkrar breytingar voru jafnframt gerðar á vægi og vikmörkum einstakra eignaflokka B-deildar LSR og LH. Markmið um eignasamsetningu fyrir árið 2014 voru ákveðin þannig að vægi innlána er 1%, skuldabréfa 52%, innlendra hlutabréfa 7% og vægi erlendra hlutabréfa er 35%. Vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 5% og vægi fjárfestingar í íbúðarhúsnæði er 0%. Vægi gengisbundinna verðbréfa er samtals 40% í fjárfestingarstefnum B-deildar LSR og LH.

### Fjárfestingarstefna

| | A-deild | Vikmörk | | B-deild og LH | Vikmörk | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Innlán** | 1% | 0% | 15% | 1% | 0% | 10% |
| **Skuldabréf** | **61%** | **40%** | **80%** | **52%** | **30%** | **65%** |
| Ríkistryggð bréf | 40% | 20% | 60% | 29% | 15% | 50% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 2% | 0% | 10% | 2% | 0% | 10% |
| Skuldabréf lánastofnana | 2% | 0% | 10% | 2% | 0% | 10% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | 12% | 5% | 20% | 15% | 5% | 25% |
| Önnur skuldabréf | 5% | 0% | 10% | 4% | 0% | 10% |
| **Hlutabréf** | **32%** | **10%** | **60%** | **42%** | **10%** | **60%** |
| Innlend hlutabréf | 12% | 5% | 20% | 7% | 5% | 15% |
| Erlend hlutabréf | 20% | 10% | 50% | 35% | 20% | 50% |
| **Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu** | **6%** | **0%** | **10%** | **5%** | **0%** | **10%** |
| **Fjárfesting í íbúðarhúsnæði** | **0%** | **0%** | **3%** | **0%** | **0%** | **3%** |
| **Þar af gengisbundin verðbréf** | **25%** | **10%** | **50%** | **40%** | **20%** | **50%** |



## Séreign LSR

Lítilsháttar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu Séreignar LSR fyrir árið 2014. Eftir sem áður er henni skipt í þrjár fjárfestingarleiðir. Samkvæmt fjárfestingarstefnu fyrir Leið I er vægi innlána 5%, skuldabréfa 48%, innlendra hlutabréfa 12%, erlendra hlutabréfa 30%, vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 5% og vægi fjárfestingar í íbúðarhúsnæði er 0%. Vægi gengisbundinna verðbréfa er samtals 36% í fjárfestingarstefnu Leiðar I. Samkvæmt fjárfestingarstefnu fyrir Leið II er vægi innlána 5%, skuldabréfa 58%, innlendra hlutabréfa 7%, erlendra hlutabréfa 25%, vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 5% og vægi fjárfestingar í íbúðarhúsnæði er 0%. Vægi gengisbundinna verðbréfa er samtals 31% í fjárfestingarstefnu Leiðar II. Leið III er áfram bundinn verðtryggður innlánsreikningur. Sjóðfélagar geta einnig valið svokallaða Sér-leið þar sem þeir hafa val um Leið I og Leið II framan af en svo flyst inneign sjálfkrafa yfir í Leið III með jöfnum mánaðarlegum yfirfærslum frá 55 ára aldri til 58 ára aldurs.

## Fjárfestingarstefna Séreignar

| | Leið I | Vikmörk | | Leið II | Vikmörk | | Leið III |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Innlán | 5% | 0% | 15% | 5% | 0% | 15% | 100% |
| Skuldabréf | 48% | 20% | 70% | 58% | 30% | 90% | |
| Ríkistryggð bréf | 38% | 10% | 60% | 48% | 20% | 70% | |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 4% | 0% | 15% | 4% | 0% | 15% | |
| Skuldabréf lánastofnana | 2% | 0% | 15% | 2% | 0% | 15% | |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | 2% | 0% | 10% | 2% | 0% | 10% | |
| Önnur skuldabréf | 2% | 0% | 5% | 2% | 0% | 5% | |
| Hlutabréf | 42% | 25% | 60% | 32% | 0% | 40% | |
| Innlend hlutabréf | 12% | 0% | 20% | 7% | 0% | 15% | |
| Erlend hlutabréf | 30% | 20% | 50% | 25% | 10% | 40% | |
| Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu | 5% | 0% | 10% | 5% | 0% | 10% | |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði | 0% | 0% | 3% | 0% | 0% | 3% | |
| **Þar af gengisbundin verðbréf** | **36%** | **20%** | **65%** | **31%** | **10%** | **50%** | |



# Áhættustefna

Meginmarkmið með áhættustefnu sjóðanna er að skilgreina áhættu, áhættueftirlit og áhættuvilja. Með áhættustefnunni er m.a. stuðlað að því að sjóðirnir nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að fylgjast með að lögum, reglum settum á grundvelli þeirra, samþykktum sjóðsins og öðrum innri reglum sé framfylgt.

Áhættustefnan byggir á leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu samtryggingardeilda lífeyrissjóða og áhættustýringu vörsluaðila séreignarsparnaðar. Hún byggir jafnframt á lögum og reglugerðum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sérlögum sem gilda um LSR og LH ásamt reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

## Samspil við fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna sjóðanna gegnir mikilvægu hlutverki við áhættustýringu þeirra. Þar er m.a. markaður rammi fyrir ráðstöfun fjármuna sjóðsins eftir eignaflokkum og takmarkanir á mótaðilaáhættu. Sjóðirnir leitast við að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

## Áhættueftirlit

Áhættueftirlit er umtalsverður hluti áhættustýringar. Forstöðumaður áhættustýringar hefur yfirumsjón með áhættueftirliti en sjálf framkvæmdin dreifist á starfsfólk sjóðsins eftir ábyrgðarsviði hvers og eins. Formlegt áhættueftirlit er að stærstum hluta framkvæmt með skilgreindum og tímasettum áhættueftirlitsaðgerðum, en einnig er hluta eftirlits fullnægt með gæðaeftirliti, verkferlum og öryggisstjórnkerfi sjóðsins. Áhættueftirlitið er endurskoðað eins oft og þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en árlega.

## Áhættustýring

Stjórnir sjóðanna bera endanlega ábyrgð á að fullnægjandi áhættustýring sé til staðar en framkvæmdastjóri og forstöðumaður áhættustýringar sjá um framkvæmd áhættustýringar fyrir hönd þeirra. Þá gegnir endurskoðunarnefnd sjóðanna sem og innri og ytri endurskoðendur mikilvægu hlutverki við að tryggja gæði áhættustýringar.

Í áhættustefnu eru skilgreindir fimm meginflokkar áhættu og 29 undirflokkar þeirra:

| Fjárhagsleg áhætta | Lausafjáráhætta | Lífeyristryggingaráhætta | Mótaðilaáhætta | Rekstraráhætta |
|---|---|---|---|---|
| • Vaxtaáhætta<br>• Uppgreiðsluáhætta<br>• Markaðsáhætta<br>• Gjaldmiðlaáhætta<br>• Ósamræmisáhætta<br>• Verðbólguáhætta<br>• Eignir og skuldbindingar utan efnahags | • Seljanleikaáhætta<br>• Útstreymisáhætta | • Áhætta vegna aukinnar iðgjaldaþarfar<br>• Bakábyrgðaráhætta<br>• Iðgjaldaáhætta<br>• Umhverfisáhætta<br>• Lýðfræðileg áhætta<br>• Réttindaflutningsáhætta | • Útlánaáhætta<br>• Samþjöppunaráhætta<br>• Landsáhætta<br>• Afhendingaráhætta<br>• Uppgjörsáhætta | • Starfsmannaáhætta<br>• Áhætta vegna svika<br>• Áhætta vegna upplýsingatækni<br>• Orðsporsáhætta<br>• Pólitísk áhætta, lög og reglur<br>• Skjalaáhætta<br>• Úrskurðaráhætta lífeyris<br>• Áhætta vegna útvistunar<br>• Upplýsingaáhætta |

# Hluthafastefna

LSR er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar, en jafnframt að vera ábyrgur hluthafi sem stuðlar að framþróun starfshátta á hlutabréfamarkaði. Í ljósi breytinga sem orðið hafa á íslenskum hlutabréfamarkaði og vegna stærðar LSR ákvað stjórn sjóðsins að LSR muni í framtíðinni vera virkari fjárfestir á íslenskum markaði en áður og var því samþykkt ný hluthafastefna í lok síðasta árs. Við mat á virkni LSR sem fjárfestis er m.a. litið til eignarhlutdeildar, fjárhæðar og samkeppnisumhverfis.

LSR gerir kröfu til þess að fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í, sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum, umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda.

## Val á stjórnarmönnum og kröfur til þeirra

Stjórn LSR mun meta í hverju tilviki fyrir sig hvort gerð verði tillaga um stjórnarmann fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar hjá viðkomandi fyrirtæki fer fram. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri LSR skulu ekki taka sæti í stjórnum fyrirtækja í umboði sjóðsins eða sem sjóðurinn fjárfestir í.

LSR gerir kröfu um að stjórnarmenn í fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í, sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum, kostgæfni og í samræmi við góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn skulu taka virkan þátt í stjórnarstörfum og vera sjálfstæðir í störfum sínum.

LSR styður almennt ekki stjórnarmann ef seta hans í öðrum stjórnum getur haft neikvæð áhrif á ákvarðanatöku hans í málefnum er varða viðkomandi fyrirtæki eða ef fyrirsjáanlegt er að hann geti orðið vanhæfur til ákvörðunartöku sökum hagsmunaárekstra.

Við kosningu stjórnarmanna er m.a. litið til þess að stjórnarmenn hafi menntun og reynslu sem nýtist við stjórnun og rekstur viðkomandi fyrirtækis, að kynjahlutföll séu í samræmi við löggjöf um lágmark 40% hvors kyns í stjórn og að stjórnarmenn hafi ekki sýnt af sér hegðun sem kann að rýra traust þeirra og trúverðugleika. Jafnframt er litið til þess að meirihluti stjórnarmanna sé óháður viðkomandi fyrirtæki og stjórnendum þess og að lágmarki tveir stjórnarmenn (ef um fimm manna stjórn eða stærri er að ræða) séu jafnframt óháðir stórum hluthöfum þess.

## Störf stjórnar

LSR leggur ríka áherslu á að stjórn viðkomandi fyrirtækis starfi í samræmi við góða stjórnarhætti; m.a. að haga störfum sínum í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, setja sér starfsreglur, skilgreina valdheimildir forstjóra/framkvæmdastjóra, meta eigin störf með árangursmati og birta árlega upplýsingar um stjórnarhætti sína.

Jafnframt væntir sjóðurinn þess að undirnefndum stjórnar séu settar starfsreglur sem stjórn samþykkir og að stjórnarmenn taki ekki að sér önnur störf fyrir viðkomandi fyrirtæki en þau sem honum eru falin sérstaklega af stjórn. Þá hvetur LSR fyrirtæki til að huga að umhverfismálum, m.a. með því að setja sér umhverfisstefnu sem starfað er eftir og birt er hluthöfum.

## Starfskjör stjórnenda og hluthafafundir

Sjóðurinn gerir kröfu um að starfskjarastefna viðkomandi fyrirtækis uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og við á. LSR telur að við ákvörðun um starfskjör stjórnenda eigi að gæta hófs og m.a. að líta til stærðar og umfangs fyrirtækisins svo og þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem fyrirtækið starfar á.

Á hluthafafundum mun LSR greiða atkvæði þegar LSR metur það mikilvægt með hagsmuni sjóðsins í fyrirrúmi. LSR metur almennt hverja tillögu sem lögð er fyrir hluthafafund og hvaða áhrif ákvörðun mun hafa.

# Sjóðfélagalán

Útlán LSR og LH til sjóðfélaga á árinu 2013 námu 3.546 milljónum kr. samanborið við 2.236 milljónir kr. árið áður. Uppgreiðsla lána nam 2.176 milljónum kr. á árinu 2013. Nettóútlán ársins voru því 1.370 milljónir kr. en þau voru hins vegar neikvæð um 311 milljónir kr. á árinu 2012. Alls voru veitt 490 lán á árinu 2013 samanborið við 364 árið áður.

Sjóðfélagalán í vanskilum námu samtals 406 milljónum kr. í árslok 2013 og lækkaði fjárhæð vanskila lítillega milli ára. Hlutfallsleg fjárhæð sjóðfélagalána í vanskilum er lág eða 0,65% og hélst hlutfallið óbreytt á milli ára. Þá voru 411 lán í meira en 3ja mánaða vanskilum í árslok 2013 og fækkaði þeim um 22 lán milli ára.

Lán sem fóru til uppboðsmeðferðar voru 32 á árinu 2013 sem er tveimur lánum færra en árið áður. Það er neyðarúrræði að bjóða upp eignir og leitast sjóðirnir við að leysa málin með þeim úrræðum sem standa skuldurum til boða. Fasteignir í eigu sjóðanna í árslok 2013 voru 11 talsins en á árinu leystu sjóðirnir til sín 7 fasteignir og seldu 13 eignir sem þeir höfðu áður leyst til sín.

## Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skuldamálum einstaklinga

Þann 26. mars 2014 kynnti ríkisstjórnin tvö lagafrumvörp sem hafa það að markmiði að lækka húsnæðisskuldir heimila í landinu. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána sem snýr beint að niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána. Hins vegar er um að ræða frumvarp um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, sem snýr m.a. að því að einstaklingum verði heimilt að ráðstafa séreignarsparnaði inn á veðlán. Lagafrumvörpin gera ráð fyrir því að sækja skuli um ofangreind úrræði á vef Ríkisskattstjóra.

## Ný lög um neytendalán

Ný lög um neytendalán tóku gildi 1. nóvember 2013. Lögin kveða á um ýmis réttindi til hagsbóta fyrir lántakendur. Með tilkomu laganna er upplýsingaskylda lánveitanda aukin, m.a. þarf að gefa lánsumsækjanda upplýsingar á stöðluðu eyðublaði áður en lán er veitt til að hann geti borið saman ólík tilboð og tekið upplýsta ákvörðun um lántökuna. Með lögunum er lánveitendum einnig skylt að meta lánshæfi einstaklinga

### Sjóðfélagalán LSR og LH

(í þús. kr.)

| Veitt lán á árinu: | 2013 | 2012 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Fjárhæð | 3.546.046 | 2.236.401 | 58,6% |
| Fjöldi lána | 490 | 364 | 34,6% |
| Meðalfjárhæð | 7.237 | 6.144 | 17,8% |
| **Lán í árslok:** | | | |
| Heildarfjárhæð | 62.601.105 | 62.713.794 | -0,2% |
| Fjöldi lána | 12.871 | 13.241 | -2,8% |
| Meðalfjárhæð | 4.864 | 4.736 | 2,7% |
| **Aðrar upplýsingar:** | | | |
| Fjöldi lána með greiðslujöfnunarvísitölu í árslok | 5.214 | 5.603 | -6,9% |
| Fjöldi lána með neysluverðsvísitölu í árslok | 7.657 | 7.638 | 0,2% |
| Fjöldi frystra lána í árslok | 222 | 226 | -1,8% |
| Fjöldi lána í greiðsluaðlögun | 100 | 87 | 14,9% |
| Fjöldi lána í sértækri skuldaaðlögun | 81 | 56 | 44,6% |
| Fjöldi útsendra uppboðsbeiðna á árinu | 32 | 34 | -5,9% |
| Fjöldi skuldbreyttra lána á árinu | 161 | 142 | 13,4% |
| Fjöldi lána í meira en 3ja mán. vanskilum í árslok | 411 | 433 | -5,1% |
| Fjárhæð í vanskilum alls í árslok | 405.751 | 406.784 | -0,3% |
| Hlutfall vanskila af sjóðfélagalánum | 0,65% | 0,65% | -0,1% |

og er matið byggt á viðskiptasögu milli aðila og/eða upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Jafnframt er lánveitendum skylt að framkvæma greiðslumat við lánveitingu ef fjárhæð láns er 2 milljónir kr. eða hærri eða 4 milljónir kr. eða hærri þegar um hjón eða sambúðarfólk er að ræða.

## Úrræði vegna greiðsluvanda

Ýmis úrræði eru í boði hjá sjóðunum fyrir skuldara í greiðsluvanda. Sjóðirnir hafa lagt áherslu á að aðstoða sjóðfélaga eftir fremsta megni við að halda lánum sínum í skilum með þeim úrræðum sem í boði eru. Helstu úrræðin sem sjóðirnir bjóða upp á eru skuldbreyting vanskila, frestun á greiðslum, lenging lánstíma og skilmálabreyting til að létta greiðslubyrði.

## Greiðsluaðlögun

Í einstaka tilfellum duga þær aðgerðir, sem að framan er rætt um, ekki til að lántakendur geti greitt af lánum sínum og þarf þá að grípa til aðgerða sem ganga lengra. Þetta á við þegar um verulegan greiðsluvanda er að ræða og eignastaða er ef til vill einnig neikvæð. Þeim lántakendum stendur til boða að leita eftir greiðsluaðlögun með aðstoð embættis Umboðsmanns skuldara. Greiðsluaðlögun getur eftir atvikum átt sér stað með eftirgjöf krafna, hlutfallslegri lækkun þeirra, sölu eigna, framlengingu lána, tímabundnum gjaldfresti eða öllu framangreindu í senn.

Veitt lán til sjóðfélaga LSR og LH




Fjöldi veittra sjóðfélagalána LSR og LH




Útistandandi lán til sjóðfélaga LSR og LH




Meðalfjárhæð veittra sjóðfélagalána LSR og LH



# Séreign LSR

## Iðgjöld og eignir

Iðgjöld á árinu 2013 námu 636 milljónum kr. og lækkuðu um 9,5% milli ára. Heildareignir sjóðfélaga námu 11.186 milljónum kr. í árslok 2013 og hækkuðu um 991 milljón kr. eða um 9,7% á milli ára. Á árinu 2013 greiddu 2.843 sjóðfélagar iðgjald til Séreignar LSR. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 2.569 og fækkaði þeim um 4,4% milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem áttu eign í sjóðnum í árslok 2013 var 4.974.

## Fjárfestingarleiðir

Sjóðfélagar í Séreign LSR geta valið milli Leiðar I, Leiðar II, Leiðar III og Sér-leiðar. Samkvæmt fjárfestingarstefnu Leiðar I er vægi hlutabréfa 42%, skuldabréfa 48%, sjóða um sameiginlega fjárfestingu 5% og innlána 5%. Í Leið II er vægi hlutabréfa 32%, skuldabréfa 58%, sjóða um sameiginlega fjárfestingu 5% og innlána 5%. Í Leið III eru eignir ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum. Velji sjóðfélagi eina af leiðunum þremur helst sú fjárfestingarleið óbreytt en í Sér-leið færist inneign sjálfkrafa milli leiða eftir aldri og áhættuvali.

## Verðbréfaeign

Hrein eign Leiðar I var 5.319 milljónir kr. í lok árs 2013. Eign í skuldabréfum var 2.437 milljónir kr. eða 45,6% af verðbréfaeign, erlend hlutabréfaeign var 1.848 milljónir kr. eða 34,6% af verðbréfaeign og innlend hlutabréfaeign var 490 milljónir kr. eða 9,2%. Eign í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu nam 214 milljónum kr. eða 4% og innlán námu 352 milljónum kr. eða 6,6% af verðbréfaeign Leiðar I.

Hrein eign Leiðar II var 1.019 milljónir kr. í lok árs 2013. Eign í skuldabréfum var 521 milljón kr. eða 50,9% af verðbréfaeign, erlend hlutabréfaeign var 282 milljónir kr. eða 27,5% af verðbréfaeign og innlend hlutabréfaeign var 58 milljónir kr. eða 5,7% af eignum. Eign í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu nam 42 milljónum kr. eða 4,1% og innlán námu 121 milljón kr. eða 11,8% af verðbréfaeign Leiðar II.

Í lok árs var hrein eign Leiðar III, sem ávöxtuð er á verðtryggðum innlánsreikningum, 4.848 milljónir kr.



## Ávöxtun ársins 2013

Nafnávöxtun Leiðar I var 9,7% sem samsvarar 5,7% hreinni raunávöxtun samanborið við 6,9% á árinu 2012. Nafnávöxtun Leiðar II var 8,7% sem samsvarar 4,8% hreinni raunávöxtun samanborið við 7,6% á árinu 2012. Nafnávöxtun Leiðar III var 5,8% sem samsvarar 2% hreinni raunávöxtun samanborið við 2,1% á árinu 2012.

## Tímabundin heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar

Í desember 2013 var framlengd tímabundin heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Þar með var sjóðfélögum heimilt að taka út allt að 9 milljónir kr. í stað 6,25 milljóna kr. áður, svo fremi að sjóðfélagi hafi átt þá fjárhæð 1. janúar 2014. Hægt er að dreifa greiðslum á allt að 15 mánuði og fyrir þá sem eiga 9 milljónir og nýta sér útborgunarheimildina að fullu er hámarksfjárhæð á mánuði því 600 þúsund kr.

Á árinu 2013 nýttu 242 sjóðfélagar sér tímabundna heimild til útgreiðslu og námu greiðslur alls 186 milljónum kr. Greiðslur úr Leið I námu 118,4 milljónum kr., 21,8 milljónum kr. úr Leið II og 45,8 milljónum kr. úr Leið III.

Í lok árs 2013 voru kynntar hugmyndir ríkisstjórnarinnar um greiðslu séreignarsparnaðar inn á höfuðstól lána. Áætlað er að þær aðgerðir komi til framkvæmda á árinu 2014.

## Verðbréfaeign Séreignar 2013






## Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í millj. kr.)

| Fjárfestingarleiðir | 2013 | Hlutfall | 2012 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|---|
| Leið I | 5.319 | 47,6% | 4.803 | 10,7% |
| Leið II | 1.019 | 9,1% | 920 | 10,8% |
| Leið III | 4.848 | 43,3% | 4.471 | 8,4% |
| **Samtals** | **11.186** | **100,0%** | **10.194** | **9,7%** |

# Iðgjöld

Á árinu 2013 námu iðgjöld ásamt endurgreiðslum og réttindaflutningum til allra deilda LSR og LH 21,4 milljörðum kr. Iðgjaldatekjur jukust um 1,2 milljarða kr. á árinu 2013 eða sem nemur 6,1% milli ára. Af iðgjaldagreiðslum ársins fóru 85% til A-deildar LSR og námu þær 18,2 milljörðum kr. og hækkuðu um 8,6% milli ára. Iðgjöld til B-deildar LSR námu 2,3 milljörðum kr. á árinu 2013 og lækkuðu um 6,1%. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar LSR voru 636 milljónir kr. á árinu 2013 og 235 milljónir kr. voru greiddar til LH.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjald að meðaltali í hverjum mánuði, var 29.873 á árinu 2013 og fækkaði þeim um 0,8% milli ára. Flestir sjóðfélagar greiða til A-deildar LSR eða 23.066 talsins og fjölgaði þeim um 381 milli ára. B-deild LSR og LH eru lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum en virkum sjóðfélögum B-deildar LSR fækkaði um 459 milli ára eða sem nemur 10,6%. Sjóðfélögum LH fækkaði að sama skapi um 10,4% á síðastliðnu ári. Sjóðfélögum sem greiða reglulega til samtryggingardeilda sjóðanna hefur fækkað um 1.694 eða sem nemur 5,8% frá árinu 2009 en það ár náði fjöldi virkra sjóðfélaga hámarki.

## Skipting iðgjalda 2013




Samanlagður fjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald einhvern tíma á árinu 2013 var 34.094 og fækkaði um 1,9% milli ára. Þar af greiddu 2.996 sjóðfélagar til fleiri en eins sjóðs eða einnar deildar. Af 2.834 sjóðfélögum Séreignar LSR greiða 220 eingöngu til sjóðanna vegna séreignarsparnaðar.

## Iðgjöld

| (í millj. kr.) | 2013 | 2012 | Breyting | Breyting á hvern virkan sjóðfélaga |
|---|---|---|---|---|
| A-deild LSR | 18.180 | 16.739 | 8,6% | 6,8% |
| B-deild LSR | 2.339 | 2.491 | -6,1% | 5,1% |
| Séreign LSR | 636 | 702 | -9,5% | -5,3% |
| Lsj. hjúkrunarfræðinga | 235 | 232 | 1,0% | 12,8% |
| **Samtals** | **21.389** | **20.165** | **6,1%** | |

## Sjóðfélagar

| | Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | | | Greiðandi sjóðfélagar | | | Með réttindi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | Breyting | 2013 | 2012 | Breyting | 31.12.13 |
| A-deild LSR | 23.066 | 22.685 | 1,7% | 26.750 | 26.729 | 0,1% | 55.856 |
| B-deild LSR | 3.856 | 4.315 | -10,6% | 4.106 | 4.626 | -11,2% | 37.426 |
| Séreign LSR | 2.569 | 2.686 | -4,4% | 2.834 | 2.946 | -3,8% | 4.974 |
| Lsj. hjúkrunarfræðinga | 382 | 426 | -10,4% | 404 | 462 | -12,6% | 3.002 |
| **Samtals** | **29.873** | **30.112** | **-0,8%** | **34.094** | **34.763** | **-1,9%** | **101.258** |



### Lögbundin iðgjöld




### Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga




Í árslok 2013 var meðalaldur þeirra sem greiddu iðgjöld til A-deildar LSR 45 ár og 71% þeirra voru konur og 29% karlar. Meðalaldur sjóðfélaga sem greiddu til B-deildar LSR var hins vegar 59 ár og voru 60% þeirra konur en 40% karlar. Hjá LH var meðal-aldurinn 59 ár en kynjahlutföllin talsvert frábrugðin eða 98% konur og 2% karlar. Meðalaldur hjá Séreign LSR var 56 ár, þar af var meðalaldur 53 ár í Leið I, 55 ár í Leið II og 60 ár í Leið III.

### Greiðandi sjóðfélagar í desember 2013

| | Karlar | Konur | Meðal-aldur |
|---|---|---|---|
| A-deild LSR | 29% | 71% | 45 |
| B-deild LSR | 40% | 60% | 59 |
| Séreign LSR | 35% | 65% | 56 |
| Lsj. hjúkrunarfræðinga | 2% | 98% | 59 |







# Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Heildarfjárhæð lífeyrisgreiðslna nam 31,8 milljörðum kr. á árinu 2013 en þar af voru greiðslur úr B-deild LSR 83% eða 26,4 milljarðar kr. Lífeyrisgreiðslur jukust um 9,2% á árinu og meðalfjárhæð lífeyris hækkaði um 4,5%. Tæplega 91% af lífeyrisgreiðslum sjóðanna er úr B-deild LSR og LH og breytast þær í takt við breytingar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Í A-deild LSR eru lífeyrisgreiðslur verðtryggðar með vísitölu neysluverðs. Samanlagður fjöldi lífeyrisþega í öllum deildum LSR og LH á árinu 2013 var 19.803 og fjölgaði um 4,5% á árinu.

Hjá B-deild LSR fengu 1.733 lífeyrisþegar einnig greiðslur úr A-deild LSR og af lífeyrisþegum hjá LH fengu 269 líka greiðslur frá A- eða B-deild LSR. Fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru með þeim hætti að fái lífeyrisþegi fleiri en eina tegund lífeyris eða greiðslur frá fleiri en einum sjóði eða deild er hann talinn oftar en einu sinni.

## Lífeyrir

| | Lífeyrisgreiðslur í millj. kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. |
| A-deild LSR | 2.535 | 2.023 | 25,3% | 3.950 | 3.481 | 13,5% | 642 | 581 | 10,4% |
| B-deild LSR | 26.366 | 24.193 | 9,0% | 14.277 | 13.801 | 3,4% | 1.847 | 1.753 | 5,3% |
| Séreign LSR | 453 | 714 | -36,6% | 615 | 736 | -16,4% | 736 | 970 | -24,1% |
| Lsj. hjúkrunarfræðinga | 2.472 | 2.206 | 12,1% | 961 | 933 | 3,0% | 2.572 | 2.364 | 8,8% |
| **Samtals** | **31.825** | **29.136** | **9,2%** | **19.803** | **18.951** | **4,5%** | **1.607** | **1.537** | **4,5%** |

### Lífeyrisgreiðslur




### Meðalfjöldi lífeyrisþega



## Eftirmanns- og meðaltalsregla

Með lagabreytingum sem tóku gildi í byrjun árs 1997 gátu lífeyrisþegar í B-deild LSR og LH valið hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum þeirra fylgdu launum eftirmanns í starfi eða meðalbreytingum sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Miðað við lífeyrisgreiðslur í desember 2013 fengu 76,4% lífeyrisþega greiddan lífeyri frá B-deild LSR samkvæmt meðaltalsreglu en 59,9% lífeyrisþega hjá LH. Hér á opnunni má sjá breytingar á hlutfalli milli meðaltals- og eftirmannsreglu hjá lífeyrisþegum B-deildar LSR og LH undanfarin 10 ár.

Lífeyrisgreiðslur úr B-deild LSR í desember, flokkað eftir útgreiðslureglu




Lífeyrisgreiðslur úr LH í desember, flokkað eftir útgreiðslureglu






## Skipting lífeyrisgreiðslna eftir tegund lífeyris

Samsetning lífeyrisgreiðslna eftir tegund lífeyris er ólík milli deilda LSR og LH. Hún er meðal annars háð reglum sjóðanna hvað varðar einstakar tegundir lífeyris og því hve lengi sjóðirnir hafa tekið á móti iðgjöldum. Þá er mismunandi vægi lífeyristegunda einnig háð kyni og aldri sjóðfélaganna.

Í heildina eru 77,8% lífeyrisgreiðslna úr sjóðunum vegna ellilífeyris en vægi hans eykst um 1,2% milli ára. Vægi makalífeyrisgreiðslna var 14,8% af greiðslum, örorkulífeyrir nam 6,6% af greiðslum og barnalífeyrir 0,3%. Þá voru útgreiðslur hjá Séreign LSR vegna tímabundinnar heimildar til úttektar úr séreignarsjóðum 0,6% af greiðslum.

## A-deild LSR

Á árinu 2013 fengu 3.950 lífeyrisþegar greiðslur úr A-deild LSR, samtals að fjárhæð 2.535 milljónir kr. Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2013 var tæplega 66 ár og voru 69% af þeim konur en 31% karlar (hér eru barnalífeyrisþegar ekki taldir með). Meðalaldur þeirra sem áttu réttindi í árslok 2013 var rúmlega 44 ár en A-deild sjóðsins er tiltölulega ung að árum með 17 ára iðgjaldasögu. Hlutfall örorkulífeyris er tiltölulega hátt hjá sjóðnum en við úrskurð á örorku njóta sjóðfélagar framreiknings líkt og þeir hefðu áunnið sér réttindi til ellilífeyrisaldurs. Við útreikning ellilífeyris er hins vegar miðað við áunnin réttindi og skýrir það tiltölulega hátt hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna.

Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 49,5% í greiðslu ellilífeyris, 43,3% í örorkulífeyri, 3,7% í makalífeyri og 3,4% í barnalífeyri. Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 13,5% á árinu 2013, en greiðslur hækkuðu um 25,3%.



### Skipting lífeyrisgreiðslna eftir lífeyristegundum 2013




### Skipting lífeyrisgreiðslna A-deildar LSR 2013




## A-deild LSR

| | Lífeyrisgreiðslur í millj. kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. |
| Ellilífeyrir | 1.256 | 912 | 37,6% | 2.255 | 1.863 | 21,0% | 557 | 490 | 13,7% |
| Örorkulífeyrir | 1.097 | 937 | 17,0% | 1.023 | 940 | 8,8% | 1.072 | 997 | 7,5% |
| Makalífeyrir | 95 | 89 | 6,8% | 190 | 164 | 15,9% | 500 | 543 | -7,8% |
| Barnalífeyrir | 87 | 84 | 3,8% | 482 | 514 | -6,2% | 181 | 164 | 10,6% |
| **Samtals** | **2.535** | **2.023** | **25,3%** | **3.950** | **3.481** | **13,5%** | **642** | **581** | **10,4%** |

## B-deild LSR

Á árinu 2013 fengu 14.277 lífeyrisþegar greiðslur úr B-deild LSR, samtals að fjárhæð 26,4 milljörðum kr. Meðalaldur lífeyrisþega var 74 ár í árslok 2013 og voru 63% af þeim konur en 37% karlar (hér eru barnalífeyrisþegar ekki taldir með). Af lífeyrisgreiðslum ársins fóru 79,8% til greiðslu ellilífeyris, 17,1% í makalífeyri og 3% í örorkulífeyri.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 3,4% á árinu 2013 en lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 9%. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2013 var 1.847 þúsund kr. og hækkaði um 5,3% milli ára.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega í B-deild LSR var 37,6% í desember 2013. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og að meðaltali er því um að ræða áunnin réttindi í tæplega 19 ár miðað við fullt starf. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í desember var 159 þúsund kr. en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru 382 þúsund kr. Meðalviðmiðunarlaun hækkuðu um 5,4% milli ára en meðalréttindaprósenta lífeyrisþega lækkaði um 0,2%. Vísitala sem mælir breytingar á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna hækkaði um 6% á árinu 2013.

Ef meðalfjárhæð lífeyris er vegin miðað við réttindi lífeyrisþega eru 4.198 kr. á bak við hvert réttindaprósent eða sem svarar til 420 þúsund kr. meðalviðmiðunarlauna. Meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru hins vegar lægri eða 382 þúsund kr. Almennt má því segja að fylgni sé á milli hækkandi réttinda-

Skipting lífeyrisgreiðslna
B-deildar LSR 2013






## B-deild LSR

| | Lífeyrisgreiðslur í millj. kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. |
| Ellilífeyrir | 21.037 | 19.128 | 10,0% | 10.398 | 9.882 | 5,2% | 2.023 | 1.936 | 4,5% |
| Örorkulífeyrir | 803 | 803 | 0,0% | 1.164 | 1.205 | -3,4% | 690 | 666 | 3,5% |
| Makalífeyrir | 4.519 | 4.254 | 6,2% | 2.599 | 2.555 | 1,7% | 1.739 | 1.665 | 4,4% |
| Barnalífeyrir | 7 | 9 | -21,5% | 116 | 159 | -27,0% | 63 | 59 | 7,6% |
| **Samtals** | **26.366** | **24.193** | **9,0%** | **14.277** | **13.801** | **3,4%** | **1.847** | **1.753** | **5,3%** |

## Meðallífeyrir og meðalréttindi í desember 2013 hjá B-deild LSR

| | Meðalréttindi % | Meðalfjárhæð | Meðal-viðmiðunarlaun | Meðalfjárhæð á bak við hvert réttindaprósent |
|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 40,5% | 171.947 | 384.344 | 4.251 |
| Örorkulífeyrir | 17,1% | 54.639 | 288.757 | 3.188 |
| Makalífeyrir | 33,8% | 147.996 | 408.006 | 4.377 |
| **Meðaltal** | **37,6%** | **159.144** | **381.826** | **4.198** |

Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna elli-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2013 án persónuuppbótar.

prósentu og hækkandi viðmiðunarlauna. Vakin er athygli á því að framangreindar tölur eru meðaltöl og því lækka lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá deildinni meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til B-deildar LSR ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi miðað við fullt starf. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun í desember 2013 myndu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga nema 298 þúsund kr. á mánuði.

Af þeim 26,4 milljörðum kr. sem greiddir voru í lífeyri úr B-deild LSR á síðasta ári fékk deildin 9,4 milljarða endurgreidda frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er launagreiðendum í B-deild LSR skylt að endurgreiða þann hluta lífeyris sem tilkominn er vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri fyrrum starfsmanna sinna.

Hlutfall B-deildar LSR í lífeyrisgreiðslum á árinu 2013 var 64,5% en var 64,1% árið áður. Því lengur sem lífeyrisþegi hefur verið á lífeyri, því lægra er hlutfallið þar sem uppsafnaðar launahækkanir eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda. Geri launagreiðandi upp skuldbindingu sína fellur innheimta lífeyrishækkana niður. Þar að auki hefur nýliðun á lífeyri, launahækkanir, lífeyrisaldur og lífslíkur áhrif á hlutfall B-deildar LSR í lífeyrisgreiðslum. Nýir lífeyrisúrskurðir voru 1.202 talsins á árinu en brottfallnir lífeyrisúrskurðir voru 726.



## Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

Á árinu 2013 fékk 961 lífeyrisþegi greiðslur frá LH, samtals að fjárhæð 2.472 milljónir kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 71 ár í árslok 2013 og voru 94% af þeim konur en 6% karlar (hér eru barnalífeyrisþegar ekki taldir með). Af lífeyrisgreiðslum úr sjóðnum á árinu 2013 fóru 89,3% til greiðslu ellilífeyris, 7,5% í örorkulífeyri og 3,2% í makalífeyri.

Lífeyrisþegum fjölgaði í heildina um 3% á árinu 2013 en lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 12,1%. Meðalfjárhæð lífeyris á árinu 2013 var 2.572 þúsund kr. og hækkaði um 8,8% milli ára.

Meðalréttindaprósenta lífeyrisþega hjá LH var 48,5% í desember 2013. Fyrir fullt starf ávinnur sjóðfélagi sér 2% á ári og að meðaltali er því um að ræða áunnin réttindi í rúmlega 24 ár miðað við fullt starf. Meðalfjárhæð greidd til lífeyrisþega í desember var 213 þúsund kr. en meðalviðmiðunarlaun til greiðslu lífeyris voru 426 þúsund kr. Meðalviðmiðunarlaun hækkuðu um 6% milli ára en meðalréttindaprósenta lífeyrisþega lækkaði um 0,3% milli ára.

Ef meðalfjárhæð lífeyris er vegin miðað við réttindi lífeyrisþega eru 4.362 kr. á bak við hvert réttindaprósent sem samsvarar 436 þúsund kr. meðallaunum. Vakin er athygli á því að framangreindar tölur eru meðaltöl og því lækka lífeyrisþegar sem eiga lítil réttindi hjá sjóðnum meðalréttindaprósentuna. Sjóðfélagi sem greitt hefur meirihluta starfsævi sinnar til sjóðsins ætti að vera kominn með að lágmarki 70% lífeyrisréttindi miðað við fullt starf. Ef miðað er við vegin meðalviðmiðunarlaun sjóðsins í desember 2013 myndu ellilífeyrisgreiðslur til slíks sjóðfélaga nema 313 þúsund kr. á mánuði.

## Skipting lífeyrisgreiðslna LH 2013




## Lsj. hjúkrunarfræðinga

| | Lífeyrisgreiðslur í millj. kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. |
| Ellilífeyrir | 2.207 | 1.956 | 12,8% | 770 | 747 | 3,1% | 2.867 | 2.619 | 9,5% |
| Örorkulífeyrir | 185 | 182 | 1,8% | 134 | 131 | 2,3% | 1.382 | 1.389 | -0,5% |
| Makalífeyrir | 79 | 66 | 18,7% | 50 | 47 | 6,4% | 1.578 | 1.414 | 11,6% |
| Barnalífeyrir | 1 | 1 | -23,7% | 7 | 8 | -12,5% | 85 | 97 | -12,7% |
| **Samtals** | **2.472** | **2.206** | **12,1%** | **961** | **933** | **3,0%** | **2.572** | **2.364** | **8,8%** |

## Meðallífeyrir og meðalréttindi í desember 2013 hjá LH

| | Meðalréttindi % | Meðalfjárhæð | Meðal-viðmiðunarlaun | Meðalfjárhæð á bak við hvert réttindaprósent |
|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 52,4% | 233.733 | 435.991 | 4.464 |
| Örorkulífeyrir | 31,0% | 114.085 | 361.290 | 3.675 |
| Makalífeyrir | 30,4% | 133.347 | 425.742 | 4.383 |
| **Meðaltal** | **48,5%** | **213.474** | **426.129** | **4.362** |

Við útreikninginn voru notaðar fjárhæðir vegna elli-, maka- og örorkulífeyrisgreiðslna fyrir dagvinnu í desember 2013 án persónuuppbótar.

Af þeim 2.472 milljónum kr. sem greiddar voru í lífeyri úr LH á síðasta ári fékk sjóðurinn 939 milljónir endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum ársins var 62%, en var 62,7% árið áður. Nýir lífeyrisúrskurðir voru 67 en brottfallnir 39. Sjóðurinn greiðir að öllu leyti fjárhæð lífeyris vegna nýrra lífeyrisþega en launagreiðendur greiða allar hækkanir sem verða á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna.

## Séreign LSR

Útgreiðslur úr Séreign LSR námu 453 milljónum kr. á árinu 2013 og lækkuðu um 36,6% milli ára. Þar af námu útgreiðslur til þeirra sem voru 60 ára eða eldri 252 milljónum kr. Þá nýttu 242 sjóðfélagar sér tímabundna heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar á móti 388 einstaklingum árið áður. Í heildina námu þær greiðslur 186 milljónum kr. eða 769 þúsund kr. á hvern sjóðfélaga. Af lífeyrisgreiðslum síðasta árs voru 165 milljónir kr. greiddar úr Leið I, 49 milljónir kr. úr Leið II og 239 milljónir kr. úr Leið III. Á árinu 2013 fengu í heildina 615 sjóðfélagar greiddan lífeyri vegna séreignarsparnaðar og fækkaði þeim um 121 milli ára.

Frá og með 1. janúar 2014 var hámarksúttekt tímabundinnar heimildar til úttektar á séreignarsparnaði hækkuð í 9 milljónir kr. Á undanförnum 5 árum hefur 1.681 milljón kr. verið greidd aukalega úr Séreign LSR vegna framangreindrar heimildar. Á sama tíma hafa auk þess verið greiddar 1.687 milljónir kr. til þeirra sem eru 60 ára og eldri en frá og með árinu 2009 gátu sjóðfélagar sem náð höfðu 60 ára aldri tekið út inneign sína í einu lagi.

### Skipting lífeyrisgreiðslna Séreignar LSR 2013




## Séreign LSR

| | Lífeyrisgreiðslur í millj. kr. | | | Fjöldi lífeyrisþega | | | Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr. | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. | 2013 | 2012 | Breyt. |
| Ellilífeyrir | 252 | 316 | -20,0% | 318 | 314 | 1,3% | 794 | 1.005 | -21,0% |
| Örorku-, maka- og barnalífeyrir | 14 | 14 | 3,6% | 55 | 34 | 61,8% | 255 | 399 | -36,0% |
| Aðrar útgreiðslur | 186 | 385 | -51,6% | 242 | 388 | -37,6% | 769 | 992 | -22,5% |
| Samtals | 453 | 714 | -36,6% | 615 | 736 | -16,4% | 736 | 970 | -24,1% |

# Breytingar á fjölda lífeyrisþega eftir deildum 2012–2013

| A-deild LSR | Fjöldi 2013 | Nýir úrskurðir | Út af lífeyri | Fjöldi 2012 | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 2.255 | 503 | 111 | 1.863 | 392 |
| Örorkulífeyrir | 1.023 | 177 | 94 | 940 | 83 |
| Makalífeyrir | 190 | 38 | 12 | 164 | 26 |
| Barnalífeyrir | 482 | 86 | 118 | 514 | (32) |
| **Samtals** | **3.950** | **804** | **335** | **3.481** | **469** |

| B-deild LSR | Fjöldi 2013 | Nýir úrskurðir | Út af lífeyri | Fjöldi 2012 | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 10.398 | 877 | 361 | 9.882 | 516 |
| Örorkulífeyrir | 1.164 | 120 | 161 | 1.205 | (41) |
| Makalífeyrir | 2.599 | 188 | 144 | 2.555 | 44 |
| Barnalífeyrir | 116 | 17 | 60 | 159 | (43) |
| **Samtals** | **14.277** | **1.202** | **726** | **13.801** | **476** |

| Lsj. hjúkrunarfræðinga | Fjöldi 2013 | Nýir úrskurðir | Út af lífeyri | Fjöldi 2012 | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 770 | 44 | 21 | 747 | 23 |
| Örorkulífeyrir | 134 | 17 | 14 | 131 | 3 |
| Makalífeyrir | 50 | 5 | 2 | 47 | 3 |
| Barnalífeyrir | 7 | 1 | 2 | 8 | (1) |
| **Samtals** | **961** | **67** | **39** | **933** | **28** |

| Samtals | Fjöldi 2013 | Nýir úrskurðir | Út af lífeyri | Fjöldi 2012 | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 13.423 | 1.424 | 493 | 12.492 | 931 |
| Örorkulífeyrir | 2.321 | 314 | 269 | 2.276 | 45 |
| Makalífeyrir | 2.839 | 231 | 158 | 2.766 | 73 |
| Barnalífeyrir | 605 | 104 | 180 | 681 | (76) |
| **Samtals** | **19.188** | **2.073** | **1.100** | **18.215** | **973** |

## Nýir á lífeyri – brottfall af lífeyri



# Skuldbindingar

Stjórnir LSR og LH fólu Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna í árslok 2013. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hjá A-deild LSR er miðað við 3,5% ávöxtun eigna umfram vísitölu neysluverðs. Hjá B-deild LSR og LH er gert ráð fyrir að launahækkanir séu 1,5% umfram vísitölu neysluverðs og að ávöxtun sé 2% umfram launahækkanir. Tryggingafræðilegar forsendur eru óbreyttar frá fyrra ári og er miðað við lífslíkur sem byggðar eru á árunum 2007 til 2011.

## Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum A-deildar LSR

Áfallin skuldbinding A-deildar LSR í árslok 2013 var 267,1 milljarður kr. og hækkaði um 15,4% milli ára. Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2013 nam 256,7 milljörðum kr. og hækkaði um 17,5% milli ára. Endurmat þeirra verðbréfa sem bera vexti umfram 3,5% nam 4,6 milljörðum að teknu tilliti til núvirts fjárfestingarkostnaðar í framtíðinni. Endurmetnar eignir A-deildar LSR í árslok 2013 eru því 261,4 milljarðar kr. og voru eignir í árslok þannig 5,7 milljörðum lægri en áfallin skuldbinding eða sem nemur 2,2%, en staðan var neikvæð um 3,3% árið áður. Vegna áhrifa fjármálakreppunnar versnaði staða A-deildar LSR á árinu 2008 en fram að því hafði deildin verið í jafnvægi. Réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs en einungis hluti af eignum er verðtryggður. Mikil verðbólga hefur því slæm áhrif á tryggingafræðilega stöðu A-deildar LSR.

Heildarstaða A-deildar LSR, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 63,1 milljarð kr. eða um 11,7% af heildarskuldbindingunni.

Framlag launagreiðenda er nú 11,5%, en það er breytilegt samkvæmt lögum og er miðað við að A-deild LSR eigi að jafnaði nægar eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Ef munur á eignum og skuldbindingum er utan þeirra vikmarka sem heimilt er að vera með frá fullu jafnvægi á hverjum tíma, skal grípa til viðeigandi ráðstafana. Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu A-deildar í lok árs 2013 er heildarstaða hennar neikvæð um 11,7% en vikmörk eru 11% fyrir árið 2013. Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða nr. VI, skal stjórn sjóðsins gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta af fjárhag A-deildar LSR fyrir 1. október nk.

| A-deild LSR – tryggingafræðileg staða (í millj. kr.) | 2013 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 256.744 | | 218.447 | |
| Endurmat verðbréfa | 4.648 | | 5.454 | |
| Áfallin skuldbinding | (267.139) | | (231.494) | |
| **Áfallin staða** | **(5.748)** | **-2,2%** | **(7.593)** | **-3,3%** |
| Verðmæti framtíðariðgjalda | 214.251 | | 203.641 | |
| Framtíðarskuldbinding | (271.650) | | (256.957) | |
| **Framtíðarstaða** | **(57.399)** | **-21,1%** | **(53.316)** | **-20,7%** |
| Eign ásamt framtíðariðgjöldum | 475.643 | | 427.542 | |
| Heildarskuldbinding | (538.789) | | (488.451) | |
| **Heildarstaða** | **(63.147)** | **-11,7%** | **(60.909)** | **-12,5%** |

## Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum B-deildar LSR

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar B-deildar LSR 599,5 milljarðar kr. í árslok 2013 en voru 573 milljarðar kr. árið áður og er það 4,6% hækkun milli ára.

Hjá B-deild LSR ávinna sjóðfélagar sér réttindi, fyrir hvert launatímabil, sem eru ákveðið hlutfall af dagvinnulaunum. Allar launabreytingar hafa áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga, hvort sem þeir eru í starfi, með geymd réttindi eða á lífeyri. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 6% á árinu 2013 en byrjað var að mæla hækkun dagvinnulauna opinberra starfsmanna með sérstakri vísitölu í ársbyrjun 1997. Frá þeim tímapunkti hefur árleg hækkun vísitölunnar numið 8,1% að meðaltali. Til samanburðar hefur nafnávöxtun B-deildar LSR verið 8,8% að meðaltali. Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2013 skiptist eftir flokkun launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingu áfallinna skuldbindinga á árinu 2013.

Skuldbindingar B-deildar LSR voru 304,1 milljarður kr. í árslok 2003 og hafa því tvöfaldast á undanförnum 10 árum. Hækkun á skuldbindingum má aðallega rekja til almennra launahækkana, kerfisbreytinga á launum opinberra starfsmanna sem og aukinna lífslíkna. Frá árslokum 2003 til loka ársins 2013 hækkaði vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna um 88,4%. Eignir B-deildar hafa á sama tíma hækkað um 100,5% og stafar það m.a. af ávöxtun og uppgjörum og innborgunum vegna skuldbindinga. Á súluriti hér á næstu síðu má sjá hvernig eignir B-deildar LSR hafa þróast sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 2004. Jafnframt sýnir súluritið hlutfall innborgana ríkissjóðs á móti öðrum eignum en í árslok 2013 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs 86,2% af eignum B-deildar LSR. Hlutfall eigna B-deildar LSR var 36,7% á móti áfallinni skuldbindingu í árslok 2013. Tryggingafræðileg staða versnar lítillega milli ára en greiðslustreymi B-deildar LSR er neikvætt og þarf þar af leiðandi að ganga á eignir og ávöxtun þeirra til að greiða sjóðfélögum lífeyri. Ávöxtun eigna var 11% á árinu 2013 en skuldbindingar hækkuðu um 4,6%.

## Skuldbindingar launagreiðenda við B-deild LSR vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna

Samkvæmt lögum um B-deild LSR er ekki gert ráð fyrir því að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða deildinni þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Sá hluti skuldbindinga B-deildar LSR, sem launagreiðendur eiga að standa undir, var metinn 255,3 milljarðar kr. í árslok 2013 af tryggingastærðfræðingi sjóðsins eða um 42,6% af skuldbindingum. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 243,7 milljarðar kr. í árslok 2012 og hækkuðu því um 4,7% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður. Í ársreikningi B-deildar LSR eru kröfur á launagreiðendur settar fram sem eignir utan efnahagsreiknings.

| Áfallin skuldbinding í árslok 2013, B-deild LSR | Fjárhæð í millj. kr. |
|---|---|
| Ríkissjóður | 448.061 |
| Samrekstur ríkis og sveitafélaga | 5.547 |
| Sparisjóðir | 3.160 |
| Stéttarfélög | 1.506 |
| Sveitarfélög | 23.947 |
| Uppgerðar skuldbindingar | 89.010 |
| Ýmsir með bakábyrgð sveitafélaga | 5.967 |
| Ýmsir aðrir aðilar | 22.319 |
| **Samtals** | **599.515** |

| Breyting áfallinnar skuldbindingar, B-deild LSR | Fjárhæð í millj. kr. |
|---|---|
| Skuldbinding í árslok 2012 | 573.024 |
| Vextir 2% | 11.460 |
| Nýjar skuldbindingar | 5.539 |
| Launahækkanir og annað | 35.857 |
| Lífeyrisgreiðslur á árinu | (26.366) |
| **Skuldbinding í árslok 2013** | **599.515** |

## Eign til greiðslu á lífeyri í B-deild LSR

Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign B-deildar LSR 217 milljarðar kr. í árslok 2013 samanborið við 208 milljarða kr. árið á undan. Til viðbótar á B-deild LSR áðurnefnda kröfu á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana sem metin er 255,3 milljarðar kr. Samtals eru þessar eignir 472,3 milljarðar kr. Endurmat þeirra verðbréfa sem bera vexti umfram 3,5% nam 3,1 milljarði að teknu tilliti til núvirts fjárfestingarkostnaðar í framtíðinni. Endurmetnar eignir teljast því vera 475,4 milljarðar kr. að teknu tilliti til krafna á launagreiðendur eða um 79,3% af áfallinni skuldbindingu. Samkvæmt 32. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ber ríkissjóður ábyrgð á greiðslu lífeyris

| Hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum B-deildar LSR í árslok 2013 | Fjárhæð í millj. kr. | Hlutdeild | Uppsöfnuð hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 217.024 | 36,2% | 36,2% |
| Endurmat á verðbréfaeign | 3.114 | 0,5% | 36,7% |
| Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna lífeyrishækkana (33. gr. laga nr. 1/1997) | 255.253 | 42,6% | 79,3% |
| Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar (32. gr. laga nr. 1/1997) | 124.124 | 20,7% | 100,0% |
| **Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt** | **599.515** | **100,0%** | |

úr B-deild sjóðsins. Hins vegar reynir ekki á þá ábyrgð nema til þess komi að B-deild LSR geti ekki lengur innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sínum og eignum. Bakábyrgð ríkissjóðs var samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2013 metin á 124,1 milljarð kr. eða 20,7% af áfallinni skuldbindingu B-deildar LSR. Staðan versnaði milli ára í krónum talið en í árslok 2012 var bakábyrgð ríkissjóðs metin 118,2 milljarðar kr. eða um 20,6% af áfallinni skuldbindingu. Taflan hér að framan sýnir sundurliðun á hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum í árslok 2013. Ríkissjóður hefur greitt inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR umfram lagaskyldu en í árslok 2013 námu uppfærðar innborganir 187 milljörðum kr. Án aukagreiðslna ríkissjóðs hefði bakábyrgð hans verið 311,1 milljarður í árslok 2013.

## Samsetning eigna B-deildar LSR upp í skuldbindingar

Haldið er sérstaklega utan um þær greiðslur sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur hafa greitt aukalega til sjóðsins inn á skuldbindingar sínar. Af eignum sjóðsins í árslok að fjárhæð 217 milljarðar kr. eru 189 milljarðar kr. vegna aukagreiðslna. Aðrar eignir sjóðsins voru 28 milljarðar kr. en til að mæta útgreiðslum er fyrst gengið á þær eignir. Áfallin staða sjóðsins var neikvæð um 63,3% í árslok 2013 og versnar um 17,5 milljarða kr. milli ára.

Hluti launagreiðenda hefur gert upp áfallnar skuldbindingar sínar og verður B-deild LSR að standa að fullu undir þessum hluta skuldbindinga með eignum sínum og bakábyrgð ríkissjóðs án frekari krafna á launagreiðendur. Af áfallinni skuldbindingu að fjárhæð 599,5 milljarðar kr. hafa 89 milljarðar verið endanlega gerðir upp. Listi yfir launagreiðendur sem gert hafa upp áfallna skuldbindingu gagnvart B-deild LSR er í skýringarlið nr. 23.

Skv. útreikningi tryggingastærðfræðings sjóðsins munu aðrar eignir B-deildar LSR til að mæta skuldbindingum verða uppurnar á árinu 2016. Frá þeim tímapunkti verða útgreiðslur fjármagnaðar með inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna. Vegna lokunar B-deildar LSR fyrir nýjum

### Núvirtar eignir B-deildar LSR sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum




sjóðfélögum og þess hvernig réttindakerfið er byggt upp, lá fyrir að eignir til að mæta skuldbindingum myndu klárast á endanum. Ástæðan er sú að réttindakerfi B-deildar LSR er að hluta til byggt upp sem gegnumstreymiskerfi og að hluta með sjóðsöfnun. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en hægt er að standa undir með 12% iðgjaldi. Eftir að B-deild LSR var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum hafa lífeyrisgreiðslur verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur og hefur stærstur hluti af eignamyndun eftir það verið tilkominn vegna ávöxtunar, aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörs á skuldbindingum. Þar sem eignum vegna aukagreiðslna ríkissjóðs er haldið til hliðar við útgreiðslur hefur gengið jafnt og þétt á aðrar eignir. Í ljósi fjárhagsstöðu B-deildar LSR er ljóst að það var heillavænlegt skref að ríkissjóður skyldi á sínum tíma hafa tekið þá ákvörðun að greiða aukalega til B-deildar LSR og dreifa þar með greiðslum sínum vegna bakábyrgðar til lengri tíma en ella.

B-deild LSR – samsetning eigna og tryggingafræðileg staða

| (í millj. kr.) | 2013 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| Aukagreiðslur ríkissjóðs | 186.990 | | 167.644 | |
| Aukagreiðslur annarra launagreiðenda | 1.996 | | 1.765 | |
| Aðrar eignir | 28.039 | | 38.595 | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 217.024 | | 208.004 | |
| | | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 217.024 | | 208.004 | |
| Endurmat verðbréfa | 3.114 | | 3.151 | |
| Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris | 220.138 | | 211.155 | |
| | | | | |
| Uppgerð áfallin skuldbinding | 89.009 | | 85.656 | |
| Önnur áfallin skuldbinding | 510.505 | | 487.368 | |
| Samtals áfallin skuldbinding | 599.515 | | 573.024 | |
| | | | | |
| **Áfallin tryggingafræðileg staða** | (379.376) | -63,3% | (361.870) | -63,2% |

## Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum LH

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar LH 72,9 milljarðar kr. í árslok 2013 en 67,7 milljarðar árið áður, sem er 7,8% hækkun milli ára.

Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 6% á árinu 2013. Frá ársbyrjun 1997, þegar mæling vísitölunnar hófst, hefur árleg hækkun vísitölunnar numið 8,1% að meðaltali. Til samanburðar hefur nafnávöxtun LH verið 8,5% að meðaltali. Hækkun á skuldbindingum sjóðsins má almennt rekja til launahækkana, kerfisbreytinga á launum, áunninna réttinda sem og breytinga á lífs- og örorkulíkum.

Þegar dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga breytast hefur það bein áhrif á skuldbindingar vegna virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega á eftirmannsreglu. Meðaltalshækkun dagvinnulauna allra opinberra starfsmanna hefur hins vegar áhrif á skuldbindingar vegna lífeyrisþega á meðaltalsreglu og sjóðfélaga með geymd réttindi, þ.m.t. þeirra sem fluttu sig yfir í A-deild LSR í ársbyrjun 1997.

Á næstu síðu má sjá töflu sem sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2013 skiptist eftir flokkun launagreiðenda ásamt töflu yfir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2013.

Skuldbindingar LH voru 33,8 milljarðar kr. í árslok 2003 og hafa aukist um 116,1% á undanförnum 10 árum en á sama tíma hafa eignir sjóðsins tvöfaldast. Hér til hliðar má sjá hvernig eignir LH hafa þróast sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 2004. Jafnframt sýnir súluritið hlutfall innborgana

### Núvirtar eignir LH sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum




ríkissjóðs á móti öðrum eignum sjóðsins en í árslok 2013 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs 70,2% af eignum. Hlutfall eigna LH var 35,9% á móti áfallinni skuldbindingu í árslok 2013 og lækkaði um 0,5 prósentustig frá árinu áður. Ávöxtun eigna sjóðsins var 11,4% á árinu 2013 á meðan skuldbindingar hækkuðu um 7,8%. Undanfarin misseri hefur jafnt og þétt dregið úr nettóinnstreymi í sjóðinn vegna fækkunar greiðandi sjóðfélaga og aukinna lífeyrisgreiðslna og endurspeglast það í tryggingafræðilegri stöðu hans. Greiðslustreymi í sjóðinn er neikvætt og þarf hann að ganga á eignir sínar og ávöxtun þeirra til að greiða sjóðfélögum lífeyri.

**LH – samsetning eigna og tryggingafræðileg staða**

| (í millj. kr.) | 2013 | | 2012 | |
|---|---|---|---|---|
| Aukagreiðslur ríkissjóðs | 18.255 | | 16.318 | |
| Aukagreiðslur annarra launagreiðenda | 988 | | 874 | |
| Aðrar eignir | 6.750 | | 7.278 | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 25.993 | | 24.469 | |
| | | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 25.993 | | 24.469 | |
| Endurmat verðbréfa | 179 | | 177 | |
| Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris | 26.173 | | 24.647 | |
| | | | | |
| Uppgerð áfallin skuldbinding | 95 | | 81 | |
| Önnur áfallin skuldbinding | 72.848 | | 67.601 | |
| Samtals áfallin skuldbinding | 72.944 | | 67.682 | |
| | | | | |
| **Áfallin tryggingafræðileg staða** | **(46.771)** | **-64,1%** | **(43.035)** | **-63,6%** |

## Samsetning eigna LH upp í skuldbindingar

Haldið er sérstaklega utan um þær greiðslur sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur hafa greitt aukalega til sjóðsins inn á skuldbindingar sínar. Eignir sjóðsins í árslok 2013 voru 26 milljarðar kr. en þar af voru 19,2 milljarðar kr. vegna aukagreiðslna. Aðrar eignir sjóðsins voru 6,8 milljarðar kr. og er fyrst gengið á þær eignir til að mæta útgreiðslum. Áfallin staða sjóðsins var neikvæð um 64,1% í árslok 2013.

Skv. útreikningi tryggingastærðfræðings sjóðsins munu aðrar eignir sjóðsins til að mæta skuldbindingum verða uppurnar á árinu 2018. Frá þeim tímapunkti verða greiðslur úr sjóðnum fjármagnaðar með inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna. Þar sem innstreymi í sjóðinn er neikvætt þarf hann að ganga á eignir sínar til að greiða sjóðfélögum lífeyri. Ástæða þess að sjóðurinn mun tæmast er m.a. sú að lífeyrisgreiðslur hafa verið margfalt hærri en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur inn í sjóðinn enda hefur honum hefur verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og hefur stærstur hluti af eignamyndun hvers árs verið tilkominn vegna ávöxtunar og aukagreiðslna ríkissjóðs. Þá er réttindakerfi sjóðsins byggt upp með sama hætti og hjá B-deild LSR þar sem réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en sjóðurinn getur staðið undir með 12% iðgjaldi.

## Skuldbindingar launagreiðenda við LH vegna lífeyrishækkana fyrrverandi starfsmanna

Samkvæmt lögum um LH er ekki gert ráð fyrir því að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðnum þann hluta lífeyris sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig. Launagreiðendur eru krafðir um þessar greiðslur mánaðarlega. Sá hluti skuldbindinga LH sem launagreiðendur eiga að standa undir samkvæmt þessu ákvæði var metinn 36,4 milljarðar kr. í árslok 2013 eða um 49,9% af skuldbindingum sjóðsins. Skuldbindingar launagreiðenda voru metnar 33,8 milljarðar kr. í árslok 2012 og hækkuðu því um 7,8% milli ára. Flestir launagreiðendur hafa fært framangreinda kröfu sjóðsins til skuldar í ársreikningum sínum, þar á meðal ríkissjóður. Í ársreikningi LH eru kröfur á launagreiðendur settar fram sem eignir utan efnahagsreiknings.

| Áfallin skuldbinding í árslok 2013, LH | Fjárhæð í millj. kr. |
|---|---|
| Ríkissjóður | 64.731 |
| Samrekstur ríkis og sveitafélaga | 9 |
| Stéttarfélög | 99 |
| Sveitarfélög | 1.054 |
| Uppgerðar skuldbindingar | 95 |
| Ýmsir aðrir aðilar | 6.955 |
| **Samtals** | **72.944** |

| Breyting áfallinnar skuldbindingar, LH | Fjárhæð í millj. kr. |
|---|---|
| Skuldbinding í árslok 2012 | 67.682 |
| Vextir 2% | 1.354 |
| Nýjar skuldbindingar | 468 |
| Launahækkanir og annað | 5.912 |
| Lífeyrisgreiðslur á árinu | (2.472) |
| **Skuldbinding í árslok 2013** | **72.944** |

| Hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum LH í árslok 2013 | Fjárhæð í millj. kr. | Hlutdeild | Uppsöfnuð hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 25.993 | 35,6% | 35,6% |
| Endurmat á verðbréfaeign | 179 | 0,2% | 35,9% |
| Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna lífeyrishækkana (20. gr. laga nr. 2/1997) | 36.424 | 49,9% | 85,8% |
| Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna bakábyrgðar (18. gr. laga nr. 2/1997) | 10.347 | 14,2% | 100,0% |
| **Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt** | **72.944** | **100,0%** | |



# Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Árið 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur til B-deildar LSR og LH umfram lagaskyldu með það að markmiði að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum við sjóðina til lengri tíma. Aukagreiðslurnar hafa styrkt fjárhagsstöðu sjóðanna verulega og gert þeim kleift að mæta skuldbindingum með eignum sínum til lengri tíma en annars hefði orðið. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur dregið verulega úr aukagreiðslum frá ríkissjóði.

Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt mynda inneign hjá sjóðunum og kemur hún til frádráttar skuldbindingum ríkissjóðs. Innborganir ríkissjóðs geta verið ýmist í formi beinna aukagreiðslna, viðbótariðgjalds frá stofnunum í A-hluta ríkissjóðs eða iðgjaldaviðbótar frá sveitarfélögum vegna grunnskólakennara sem annars hefði verið skilað til ríkissjóðs. Inneign ríkissjóðs er uppfærð í samræmi við vísitölu neysluverðs og hreina raunávöxtun sjóðanna.

Á árinu 2013 námu innborganir ríkissjóðs í formi viðbótariðgjalda 1,1 milljarði kr. og drógust saman um 1% milli ára. Frá árinu 1999 hefur ríkissjóður samtals greitt 88,6 milljarða kr. inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH. Sú fjárhæð, uppfærð með verðbótum og hreinni raunávöxtun sjóðanna, nam samtals 205,2 milljörðum kr. í árslok 2013. Þar af námu uppsafnaðir vextir og verðbætur 116,6 milljörðum kr.

Í árslok 2013 nam hrein eign B-deildar LSR til greiðslu lífeyris 217 milljörðum kr. Þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 187 milljarðar kr. eða 86,2%. Hrein eign LH í árslok 2013 nam hins vegar 26 milljörðum kr. og þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 18,3 milljarðar eða 70,2%.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt miðað við árslok 2013 var ógreidd bakábyrgð ríkissjóðs metin 124,1 milljarður kr. hjá B-deild LSR en 10,3 milljarðar kr. hjá LH. Ef ekki hefði komið til aukagreiðslna frá ríkissjóði hefði bakábyrgð hans í árslok 2013 verið 311,1 milljarður kr. vegna B-deildar LSR og 28,6 milljarðar kr. vegna LH. Framangreind bakábyrgð er vegna áfallinna lífeyrisskuldbindinga og tekur því ekki tillit til bakábyrgðar sem á eftir að myndast vegna iðgjaldagreiðslna í framtíðinni.

### Innborganir ríkissjóðs – inneign í árslok




### Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar hjá LSR og LH




## Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

| | B-deild LSR | | Lsj. hjúkrunarfræðinga | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| (í millj. kr.) | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| Inneign í ársbyrjun | 167.644 | 144.389 | 16.318 | 14.157 | 183.962 | 158.545 |
| Viðbótariðgjöld (A-hluti ríkissjóðs) | 680 | 662 | 92 | 89 | 773 | 750 |
| Viðbót vegna grunnskólakennara | 317 | 350 | 0 | 0 | 317 | 350 |
| Uppfærsla vegna vaxta og verðbóta | 18.349 | 22.243 | 1.845 | 2.073 | 20.193 | 24.316 |
| **Samtals inneign í árslok** | **186.990** | **167.644** | **18.255** | **16.318** | **205.244** | **183.962** |

Ef horft er framhjá aukagreiðslum ríkissjóðs voru aðrar eignir B-deildar LSR 30 milljarðar kr. og LH 7,7 milljarðar kr. í árslok 2013. Samkvæmt framtíðarsjóðstreymi, sem tryggingastærðfræðingur sjóðanna hefur reiknað, munu aðrar eignir B-deildar LSR verða uppurnar á árinu 2016 og árið 2018 hjá LH. Ef engar aukagreiðslur hefðu komið frá ríkissjóði hefðu B-deild LSR og LH farið í þrot á þessum tímapunkti og allar greiðslur sjóðanna þurft að koma úr ríkissjóði og frá launagreiðendum sem eru í bakábyrgð vegna lífeyrisgreiðslna úr LH. Vegna aukagreiðslna ríkissjóðs hefur hins vegar tekist að fresta því til ársins 2027 að B-deild LSR og LH komist í þrot. Í þessum útreikningum er ekki gert ráð fyrir frekara aukaframlagi frá ríkissjóði, en gert er ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði greidd áfram samhliða lögbundnum iðgjöldum um ókomna tíð.

Þegar eignir B-deildar LSR eru ekki lengur fyrir hendi munu allar greiðslur falla á ríkissjóð sem bakábyrgðaraðila. Á meðfylgjandi mynd sjást tekjur B-deildar LSR, ásamt greiðslum frá ríkissjóði vegna bakábyrgðar, sem munu gera deildinni kleift að standa undir skuldbindingum sínum. Greiðslur vegna bakábyrgðar vega þyngst í framtíðarsjóðstreyminu sem og greiðslur sem B-deild LSR fær frá launagreiðendum vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum. Deildin mun jafnframt fá fjárfestingartekjur af eignum sínum eins lengi og þær eru fyrir hendi ásamt iðgjöldum og viðbótariðgjöldum frá launagreiðendum og sjóðfélögum þar til kemur að töku lífeyris. Á myndinni má sjá þann hluta af bakábyrgð ríkissjóðs sem þegar hefur verið fjármagnaður með aukagreiðslum, alls 187 milljarðar kr. vegna B-deildar LSR. Greiðslur ríkissjóðs munu hefjast á árinu 2027 að öllu óbreyttu og verða að meðaltali 20,8 milljarðar kr. á ári næstu 10 árin eftir það, miðað við verðlag í árslok 2013, en fara svo lækkandi. Á sama tíma munu tekjur B-deildar LSR vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema tæpum 12,4 milljörðum en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði. Þegar eignir LH verða uppurnar á árinu 2027 munu samsvarandi árlegar greiðslur til LH nema 3,1 milljarði kr. vegna bakábyrgðar og 1,3 milljörðum kr. vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum næstu 10 árin eftir það, miðað við verðlag í árslok 2013. Í ljósi þessa er mikilvægt að ríkissjóður hefji aftur aukagreiðslur til sjóðanna til að dreifa greiðslum vegna bakábyrgðar til lengri tíma en ella.

## Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að ríkisstofnunum í B- og C-hluta ríkissjóðs og sjálfseignarstofnunum, sem njóta fjárframlaga frá ríkissjóði, sé skylt að greiða viðbótariðgjald umfram 12% lögbundið iðgjald af dagvinnulaunum til B-deildar LSR og LH. Markmiðið með greiðslu viðbótariðgjalds er að greiðslurnar gangi upp í samtímaskuldbindingu einstakra stofnana. Flestar stofnanir, sem gert hafa upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR, greiða viðbótariðgjald sem kemur þá til frádráttar við uppgjör á árlegri skuldbindingu. Viðbótariðgjöld launagreiðenda utan A-hluta ríkissjóðs má sjá í töflunni hér að neðan.

## Innborganir ríkissjóðs
## Uppsafnaðar innborganir og ávöxtun




## Tekjur B-deildar LSR og fjármögnun á bakábyrgð ríkissjóðs (á verðlagi árslока 2013)



### B-deild LSR – bakábyrgð ríkissjóðs




### B-deild LSR – hrein eign til greiðslu lífeyris




### LH – bakábyrgð ríkissjóðs og annarra launagreiðenda




### LH – hrein eign til greiðslu lífeyris




## Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda

| | B-deild LSR | | Lsj. hjúkrunarfræðinga | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| (í millj. kr.) | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| Óráðstafað viðbótariðgjald frá fyrra ári | 1.765 | 1.485 | 874 | 748 | 2.639 | 2.232 |
| Viðbótariðgjöld ársins | 92 | 117 | 16 | 17 | 109 | 134 |
| Ráðstafað vegna uppgjörs skuldbindinga | (54) | (64) | 0 | (1) | (54) | (65) |
| Uppfærsla vegna vaxta og verðbóta | 193 | 228 | 98 | 109 | 291 | 337 |
| **Inneign launagreiðenda í árslok** | **1.996** | **1.765** | **988** | **874** | **2.984** | **2.639** |

# Starfsemi

Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins má skipta í 6 meginsvið; áhættustýringarsvið, eignastýringarsvið, fjárreiðusvið, réttindasvið, upplýsingatæknisvið og framkvæmdastjórn. Undir réttindasvið falla iðgjaldadeild, lánadeild, lífeyrisdeild og séreignar- og kynningarmál auk þjónustudeildar. Stöðugildi voru 44,3 á árinu 2013 og fjölgaði þeim um tæplega fjögur stöðugildi frá árinu áður. Skýrist það meðal annars af ráðningu skjala- og gæðastjóra og forstöðumanns áhættustýringar.

LSR starfar í þremur deildum, A-deild, B-deild og séreignardeild. Deildirnar lúta sömu stjórn en eru fjárhagslega sjálfstæðar. LSR annast allan rekstur Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga en hann hefur sína eigin stjórn. Þá sér LSR jafnframt um utanumhald á réttindum og greiðslu lífeyris til fyrrum alþingismanna og ráðherra og fyrir Eftirlaunasjóð fyrrum starfsmanna Útvegsbanka Íslands.

## Rafræn skjalastýring hjá LSR

LSR hefur innleitt rafræna skjalastýringu í samstarfi við Gagnavörsluna hf. ásamt því að taka í notkun skjalastýringarkerfið CoreData sem heldur utan um öll skjöl og gögn sjóðsins. Notkun CoreData mun einfalda skjalavistun, verkefnastýringu og yfirsýn auk þess sem kerfið hefur verið samþætt öðrum upplýsingakerfum hjá sjóðnum. Endurbættir verkferlar hafa verið innleiddir en undanfarin ár hefur starfsemi LSR verið kortlögð samhliða því að farið var yfir alla verkferla, ferlalýsingar og verklagsreglur.

## Athugun Fjármálaeftirlitsins á starfsemi LSR

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skal Fjármálaeftirlitið (FME) hafa eftirlit með því að starfsemi lífeyrissjóða sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktir lífeyrissjóða. Þá kveður 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, á um að FME skuli athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir og getur það í þeim tilgangi gert vettvangskannanir eða óskað eftir upplýsingum um starfsemina.

Í gegnum tíðina hefur FME reglulega kallað eftir gögnum varðandi afmarkaða þætti í starfsemi LSR. Í september 2013 óskaði FME hins vegar eftir ítarlegum gögnum um flesta þætti í starfsemi sjóðsins, þar á meðal yfirlit yfir allar innri reglur og verkferla. Mánuði síðar fór svo fram vettvangsathugun FME á starfseminni. Í mars 2014 skilaði FME skýrslu til sjóðsins um niðurstöður athugunarinnar. Þar kemur fram að „FME telur að þeir þættir sem vettvangsathugunin beindist að séu almennt í mjög góðu horfi og að stjórnendur LSR hafi gott viðhorf til eftirlits. Það endurspeglast meðal annars í fáum athugasemdum og ábendingum að teknu tilliti til þess hve athugun FME var ítarleg og umfangsmikil.“ FME hefur birt tilkynningu á heimasíðu sinni vegna athugunarinnar í samræmi við gagnsæisstefnu FME.

## Yfirlit réttinda í lífeyrissjóðum í gegnum Lífeyrisgáttina

Sjóðfélagar LSR og LH hafa um árabil haft aðgang að sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðanna og geta þar nálgast upplýsingar, m.a. um áunnin réttindi, iðgjalda- og lífeyrisgreiðslur ásamt rafrænum launaseðlum fyrir lífeyrisþega.

Í nóvember 2013 opnuðu LSR og LH, í samstarfi við aðra lífeyrissjóði, aðgang að upplýsingum um áunnin réttindi í öðrum lífeyrissjóðum í gegnum Lífeyrisgáttina. Lífeyrisgáttin nær til innlendra lífeyrissjóða og í gegnum hana hafa sjóðfélagar nú aðgengi að upplýsingum um áunnin lífeyrisréttindi sín á einum stað. Þannig er auðveldara fyrir sjóðfélaga að fá upplýsingar og þekkja rétt sinn. Lífeyrisgáttin er aðgengileg í gegnum sjóðfélagavef sjóðanna.

## Þjónusta við sjóðfélaga

Til viðbótar við upplýsingar sem eru aðgengilegar á vefnum geta sjóðfélagar alltaf leitað til starfsfólks sjóðanna með sín mál. Ráðgjafar þjónustudeildar leggja áherslu á að veita sjóðfélögum góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar.

Hjá þjónustudeildinni er hægt að fá ráðgjöf varðandi lánamál, hvort sem er vegna nýs láns, greiðsluvanda eða aðgerða ríkisstjórnarinnar í skuldamálum einstaklinga. Mikilvægt er að sjóðfélagar þekki lífeyrisrétt sinn og séu meðvitaðir um þau réttindi sem þeir eiga. Þegar kemur að töku lífeyris er svo að ýmsu að huga og því gott að leita til þjónustudeildar í tíma og fá heildarráðgjöf í lífeyrismálum.

Séreign LSR býður upp á 3 fjárfestingarleiðir og veitir þjónustudeildin m.a. ráðgjöf varðandi val á fjárfestingarleið, uppbyggingu viðbótarlífeyrissparnaðar og úttekt á sparnaði.



Fremri röð frá vinstri:
Haukur Hafsteinsson
Agni Ásgeirsson
Helgi Þór Jónsson
Guðrún G. Baldvinsdóttir
Kristíanna Jessen
Ólöf Edda Eysteinsdóttir
Ágústa Hrönn Gísladóttir
Þorkell Sigurgeirsson
Birgir Stefánsson
Kristín Nielsen
Brynja Rut Brynjarsdóttir
Ásgrímur Skarphéðinsson
Ólöf Sigurjónsdóttir
Arnfríður Einarsdóttir
Tinna Ösp Skúladóttir
Regína Bettý Hansdóttir
Ingibjörg Thorarensen
Elsa Margrét Böðvarsdóttir
Guðný Jónsdóttir
Ásta Sigrún Karlsdóttir

Aftari röð frá vinstri:
Erna Guðmundsdóttir
Þorbjörg G. Blandon
Baldur Þór Vilhjálmsson
Sólveig Heimisdóttir
Jónas Hallgrímsson
Harpa Dögg Kristinsdóttir
Hulda Jakobsdóttir
Aníta Guðlaugsdóttir
Halla Kristjánsdóttir
Rakel Lind Hauksdóttir
Brynja Gunnlaugsdóttir
Björn Hjaltested Gunnarsson
Elísabet Þórey Þórisdóttir
Íris Guðmundsdóttir
Þóra Bryndís Árnadóttir
Anna Hugrún Jónasdóttir
Bryndís Richter
Kristín Kristjánsdóttir
Ingunn Ragna Arnarsdóttir

Á myndina vantar:
Önnu G. Jóhannsdóttur
Önnu Sigríði Arnardóttur
Önnu Sk. Gunnarsdóttur
Esther Sigurðardóttur
Þorbjörgu Sigurðardóttur
Þórunni Magnúsdóttur
Völu Rebekku Þorsteinsdóttur







# LSR og LH

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2013

| | Samtals LSR og LH | |
|---|---|---|
| | 2013 | 2012 |
| **Iðgjöld** | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | 5.704.083 | 5.423.436 |
| Iðgjöld launagreiðenda | 15.707.412 | 14.754.861 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | (22.723) | (13.534) |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | 251.668 | 223.613 |
| Lífeyrishækkanir | 10.311.051 | 9.499.642 |
| Uppgreiddar lífeyrisskuldbindingar | 572.343 | 567.007 |
| Innborganir launagreiðenda inn á skuldbindingar | 1.143.786 | 1.169.694 |
| Iðgjöld alls | 33.667.620 | 31.624.720 |
| **Lífeyrir** | | |
| Lífeyrir | 31.825.313 | 29.135.811 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | 190.474 | 53.929 |
| Lífeyrir alls | 32.015.787 | 29.189.740 |
| **Fjárfestingartekjur** | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 15.398.737 | 16.233.464 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 32.341.881 | 44.071.002 |
| Breytingar á niðurfærslu | 1.168.884 | (2.178.067) |
| Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar | 114.750 | (501.303) |
| Fjárfestingartekjur alls | 49.024.252 | 57.625.096 |
| **Fjárfestingargjöld** | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 447.044 | 384.676 |
| **Rekstrarkostnaður** | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 426.498 | 378.926 |
| **Gjald til ríkissjóðs** | | |
| Tímabundinn skattur | 0 | 23.916 |
| **Aðrar tekjur** | | |
| Aðrar tekjur | 29.751 | 27.295 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 49.832.296 | 59.299.852 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 461.114.347 | 401.814.494 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | **510.946.642** | **461.114.347** |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

| A-deild LSR | | B-deild LSR | | Séreign LSR | | LH | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| 4.693.914 | 4.322.388 | 629.947 | 686.412 | 318.857 | 350.472 | 61.365 | 64.164 |
| 13.493.435 | 12.424.861 | 1.712.386 | 1.817.657 | 328.419 | 344.133 | 173.172 | 168.209 |
| (7.700) | (8.135) | (3.635) | (13.105) | (11.388) | 7.834 | 0 | (128) |
| 117.954 | 101.807 | 110.850 | 99.477 | 0 | 0 | 22.865 | 22.329 |
| 0 | 0 | 9.372.505 | 8.677.761 | 0 | 0 | 938.546 | 821.881 |
| 0 | 0 | 569.439 | 562.974 | 0 | 0 | 2.905 | 4.033 |
| 0 | 0 | 1.035.220 | 1.064.574 | 0 | 0 | 108.565 | 105.120 |
| 18.297.604 | 16.840.923 | 13.426.712 | 12.895.750 | 635.888 | 702.439 | 1.307.417 | 1.185.608 |
| 2.534.952 | 2.022.769 | 26.365.729 | 24.193.465 | 452.579 | 713.901 | 2.472.053 | 2.205.676 |
| 154.031 | 40.631 | 32.962 | 12.003 | 0 | 0 | 3.480 | 1.296 |
| 2.688.984 | 2.063.400 | 26.398.691 | 24.205.468 | 452.579 | 713.901 | 2.475.533 | 2.206.971 |
| 8.134.881 | 7.549.818 | 6.277.895 | 7.575.958 | 167.969 | 112.783 | 817.992 | 994.905 |
| 14.365.135 | 18.086.067 | 15.507.320 | 22.699.821 | 644.557 | 813.734 | 1.824.869 | 2.471.380 |
| 462.746 | (879.438) | 599.325 | (1.117.524) | (187) | 0 | 107.001 | (181.104) |
| 32.130 | (150.305) | 68.850 | (306.520) | 4.590 | (2.154) | 9.180 | (42.324) |
| 22.994.892 | 24.606.142 | 22.453.389 | 28.851.735 | 816.929 | 924.363 | 2.759.042 | 3.242.857 |
| 205.094 | 167.150 | 205.876 | 186.313 | 3.387 | 2.760 | 32.687 | 28.453 |
| 115.278 | 103.736 | 270.055 | 236.443 | 5.445 | 5.308 | 35.720 | 33.439 |
| 0 | 20.213 | 0 | 3.170 | 0 | 0 | 0 | 533 |
| 13.594 | 12.232 | 14.850 | 13.697 | 0 | 0 | 1.307 | 1.366 |
| 38.296.734 | 39.104.797 | 9.020.330 | 17.129.788 | 991.406 | 904.833 | 1.523.826 | 2.160.435 |
| 218.446.796 | 179.341.999 | 208.003.894 | 190.874.107 | 10.194.253 | 9.289.421 | 24.469.402 | 22.308.968 |
| **256.743.530** | **218.446.796** | **217.024.224** | **208.003.894** | **11.185.660** | **10.194.253** | **25.993.228** | **24.469.402** |

# Efnahagsreikningur 31.12.2013

| Eignir | Samtals LSR og LH 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | |
| Húseign og lóð | 457.939 | 455.292 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 212.205.529 | 175.576.171 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 212.362.228 | 209.894.616 |
| Veðlán | 63.060.563 | 62.092.554 |
| Aðrar fjárfestingar | 5.050.024 | 4.770.224 |
| Fjárfestingar alls | 493.136.284 | 452.788.857 |
| **Kröfur** | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 2.154.357 | 2.218.377 |
| Ýmsar kröfur | 30.434 | 268.781 |
| Kröfur alls | 2.184.791 | 2.487.159 |
| **Aðrar eignir** | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 60.938 | 55.523 |
| Sjóður og bankareikningar | 22.283.753 | 22.007.183 |
| Aðrar eignir alls | 22.344.691 | 22.062.706 |
| **Eignir samtals** | **517.665.765** | **477.338.722** |
| **Skuldir** | | |
| **Skuldbindingar** | | |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | 145.724 | 128.915 |
| Skuldbindingar alls | 145.724 | 128.915 |
| **Viðskiptaskuldir** | | |
| Aðrar skuldir | 1.204.874 | 1.113.515 |
| Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar | 5.368.526 | 14.981.944 |
| Viðskiptaskuldir alls | 6.573.399 | 16.095.460 |
| **Skuldir samtals** | **6.719.123** | **16.224.375** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **510.946.642** | **461.114.347** |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | | |
| Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. laga nr. 1/1997 og 20. gr. laga nr. 2/1997 | 291.676.823 | 277.484.554 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

| A-deild LSR | | B-deild LSR | | Séreign LSR | | LH | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| 457.939 | 455.292 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 92.104.432 | 71.139.233 | 101.818.495 | 88.370.996 | 5.693.304 | 5.048.962 | 12.589.298 | 11.016.980 |
| 119.311.807 | 109.127.831 | 82.446.207 | 89.354.425 | 359.233 | 360.459 | 10.244.981 | 11.051.902 |
| 28.510.657 | 26.502.031 | 32.191.363 | 33.096.589 | 0 | 0 | 2.358.543 | 2.493.933 |
| 101.490 | 212.393 | 158.134 | 122.293 | 4.790.401 | 4.401.856 | 0 | 33.682 |
| 240.486.325 | 207.436.780 | 216.614.198 | 210.944.303 | 10.842.938 | 9.811.277 | 25.192.822 | 24.596.498 |
| 1.253.140 | 1.206.862 | 828.948 | 979.100 | 11.914 | 0 | 60.354 | 32.415 |
| 18.489 | 123.341 | 4.406 | 120.866 | 7.521 | 8.352 | 19 | 16.223 |
| 1.271.629 | 1.330.203 | 833.354 | 1.099.966 | 19.435 | 8.352 | 60.373 | 48.638 |
| 27.422 | 24.985 | 27.422 | 24.985 | 0 | 0 | 6.094 | 5.552 |
| 16.665.977 | 14.349.339 | 4.089.458 | 6.163.606 | 402.104 | 522.744 | 1.126.214 | 971.495 |
| 16.693.399 | 14.374.324 | 4.116.880 | 6.188.591 | 402.104 | 522.744 | 1.132.308 | 977.047 |
| **258.451.353** | **223.141.307** | **221.564.433** | **218.232.860** | **11.264.476** | **10.342.372** | **26.385.503** | **25.622.183** |
| 38.575 | 32.575 | 95.402 | 85.881 | 0 | 0 | 11.747 | 10.459 |
| 38.575 | 32.575 | 95.402 | 85.881 | 0 | 0 | 11.747 | 10.459 |
| 110.243 | 121.640 | 956.827 | 861.252 | 48.053 | 46.087 | 89.751 | 84.537 |
| 1.559.005 | 4.540.295 | 3.487.980 | 9.281.833 | 30.764 | 102.032 | 290.777 | 1.057.785 |
| 1.669.248 | 4.661.935 | 4.444.807 | 10.143.084 | 78.816 | 148.119 | 380.528 | 1.142.322 |
| **1.707.823** | **4.694.510** | **4.540.209** | **10.228.966** | **78.816** | **148.119** | **392.275** | **1.152.781** |
| **256.743.530** | **218.446.796** | **217.024.224** | **208.003.894** | **11.185.660** | **10.194.253** | **25.993.228** | **24.469.402** |
| | | 255.252.622 | 243.684.084 | | | 36.424.201 | 33.800.470 |

| | A-deild LSR | | B-deild LSR | | Séreign LSR | | LH | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| | 18.251.325 | 16.866.670 | 13.576.864 | 12.935.904 | 623.974 | 702.680 | 1.279.478 | 1.177.905 |
| | 2.229.209 | 1.950.997 | 2.623.209 | 1.934.405 | 300.662 | 319.640 | 191.643 | 230.429 |
| | 10.640.960 | 9.377.522 | 12.565.521 | 11.654.809 | 12.407 | 33.816 | 1.357.876 | 1.190.271 |
| | 7.005.431 | 4.524.985 | 10.627.662 | 6.655.574 | 860.811 | 196.816 | 1.485.937 | 645.763 |
| | 2.241.520 | 14.642.032 | 2.731.765 | 15.556.875 | 0 | 28.789 | 382.227 | 1.510.895 |
| | 110.903 | 91.999 | 0 | 91.999 | 0 | 0 | 33.682 | 20.444 |
| | 40.479.348 | 47.454.205 | 42.125.020 | 48.829.565 | 1.797.854 | 1.281.742 | 4.730.844 | 4.775.707 |
| | 2.681.184 | 2.006.363 | 26.302.753 | 24.194.236 | 450.029 | 717.096 | 2.471.514 | 2.190.893 |
| | 209.219 | 163.808 | 201.888 | 190.574 | 3.387 | 2.760 | 31.510 | 28.453 |
| | 105.603 | 98.734 | 262.174 | 241.849 | 476 | 5.729 | 33.557 | 30.445 |
| | 2.949.159 | 0 | 5.725.003 | 0 | 66.678 | 0 | 757.828 | 0 |
| | 0 | 125.771 | 0 | 152.201 | 0 | 0 | 0 | 17.627 |
| | 5.945.166 | 2.394.676 | 32.491.818 | 24.778.860 | 520.571 | 725.584 | 3.294.409 | 2.267.417 |
| | 34.534.182 | 45.059.529 | 9.633.202 | 24.050.705 | 1.277.283 | 556.157 | 1.436.434 | 2.508.290 |
| | 15.007.840 | 10.644.981 | 10.287.148 | 6.603.696 | 1.009.378 | 146.912 | 1.193.202 | 666.229 |
| | 14.335.208 | 30.109.950 | 714.643 | 11.237.549 | 0 | 64.499 | 61.451 | 1.514.698 |
| | 2.857.856 | 1.648.325 | 662.690 | 570.482 | 388.545 | 399.490 | 25.500 | 17.750 |
| | 16.640 | 286.902 | 42.868 | 25.181 | 0 | 0 | 1.562 | 5.596 |
| | **32.217.544** | **42.690.157** | **11.707.349** | **18.436.908** | **1.397.923** | **610.901** | **1.281.715** | **2.204.274** |
| | 2.316.638 | 2.369.372 | (2.074.148) | 5.613.797 | (120.640) | (54.744) | 154.719 | 304.016 |
| | 14.349.339 | 11.979.967 | 6.163.606 | 549.809 | 522.744 | 577.488 | 971.495 | 667.478 |
| | **16.665.977** | **14.349.339** | **4.089.458** | **6.163.606** | **402.104** | **522.744** | **1.126.214** | **971.495** |

# Sjóðstreymi fyrir árið 2013

| | Samtals LSR og LH | |
|---|---|---|
| | 2013 | 2012 |
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 33.731.641 | 31.683.159 |
| Fjárfestingartekjur | 5.344.723 | 4.435.471 |
| Afborganir verðbréfa | 24.576.764 | 22.256.418 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 19.979.841 | 12.023.138 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 5.355.512 | 31.738.590 |
| Seldar fullnustueignir og aðrar inngreiðslur | 144.585 | 204.441 |
| Inngreiðslur | 89.133.065 | 102.341.218 |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 31.905.480 | 29.108.587 |
| Fjárfestingargjöld | 446.005 | 385.594 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 401.811 | 376.756 |
| Gjaldmiðlavarnasamningar | 9.498.669 | 0 |
| Greiddur tímabundinn skattur | 0 | 295.599 |
| Útgreiðslur | 42.251.965 | 30.166.536 |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu | 46.881.101 | 72.174.682 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 27.497.568 | 18.061.818 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 15.111.302 | 42.926.696 |
| Ný veðlán og útlán | 3.934.591 | 2.636.047 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og fullnustueignir | 61.070 | 317.679 |
| **Ráðstöfun alls** | **46.604.531** | **63.942.240** |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 276.570 | 8.232.442 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 22.007.183 | 13.774.742 |
| **Handbært fé í árslok** | **22.283.753** | **22.007.183** |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna





# Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Ársreikningur 2013

# Skýrsla stjórnar

## Eignir og ávöxtun

Hrein eign LSR til greiðslu lífeyris nam 485 milljörðum kr. í árslok 2013. Eignirnar jukust um 48,3 milljarða kr. á árinu eða sem nemur 11,1%. Í árslok 2013 voru eignir A-deildar 256,7 milljarðar kr., eignir B-deildar 217 milljarðar kr. og Séreignar LSR 11,2 milljarðar kr.

Ávöxtun á árinu 2013 var góð en nafnávöxtun sjóðsins var 10,5%. Hrein raunávöxtun sjóðsins, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 6,5% á árinu 2013 samanborið við 9,1% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er 4,5% en 2,4% sé horft til síðustu 10 ára. Frá árinu 1991 er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 3,9% en í tryggingafræðilegri úttekt er miðað við 3,5% ávöxtun til langs tíma.

Nafnávöxtun A-deildar var 10,1% á árinu 2013 en hrein raunávöxtun var 6,1% samanborið við 8,1% árið á undan. Nafnávöxtun B-deildar var 11% á árinu 2013 en hrein raunávöxtun var 7% samanborið við 10,4% árið á undan.

Fjárfestingarstefna Séreignar LSR er mismunandi eftir fjárfestingarleiðum en í þeim er vægi hlutabréfa og skuldabréfa mismunandi og sveiflast ávöxtun þeirra þar af leiðandi mismikið. Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2013 var 9,7% og 8,7% hjá Leið II. Leið III samanstendur af bundnum innlánsreikningum og skilaði 5,8% nafnávöxtun á árinu 2013. Hrein raunávöxtun Leiðar I á árinu 2013 var 5,7%, 4,8% hjá Leið II og 2% hjá Leið III.

Á árinu 2013 var raunávöxtun innlendra skuldabréfa 4,1%, innlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina 25,8% og erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina 7,8%, umreiknað í íslenskar krónur.

Í árslok 2013 voru hlutabréf 34,6% af verðbréfaeign sjóðsins, en hlutfallið var 29,7% árið áður. Hlutabréf námu 30% af verðbréfaeign A-deildar í árslok en samsvarandi hlutfall hjá B-deild var 40,5%. Verðbréfaeign LSR skiptist þannig að 68,8% voru í íslenskum krónum og 31,2% voru í erlendum gjaldmiðlum.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar að teknu tilliti til seldra verðbréfa námu 20,1 milljarði kr. á árinu 2013. Hjá A-deild var fjárfest fyrir 22,9 milljarða kr., hjá B-deild var sala umfram kaup 3 milljarðar kr. og hjá Séreign LSR var fjárfest fyrir 149 milljónir kr.

Fjárfestingar á árinu 2013 skiptust þannig að 9,8 milljarðar kr. fóru í innlend skuldabréf og 12,8 milljarðar kr. í innlend hlutabréf. LSR var nettóseljandi erlendra hlutabréfa að fjárhæð 1,5 milljarðar kr. og endurgreiðslur úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu námu 1 milljarði kr. Nettó útlán til sjóðfélaga námu 1,5 milljörðum kr.

## Gjaldmiðlavarnasamningar

Við frágang á ársuppgjöri 2012 var búið að semja um uppgjör allra gjaldmiðlavarnasamninga við skilanefndir Landsbanka Íslands, Glitnis og Kaupþings og var umsamin fjárhæð færð í ársreikning sjóðsins það ár. Á árinu 2013 var gengið frá fullnaðaruppgjöri við skilanefnd Kaupþings vegna gjaldmiðlavarnasamninga. Í árslok 2013 voru eftirstöðvar skuldar við skilanefnd Glitnis vegna gjaldmiðlavarnasamninga 5,1 milljarður kr. og kemur fjárhæðin til greiðslu á næstu árum. Óvissa er þó um greiðslu á hluta þessarar fjárhæðar vegna dómsmáls sem LSR hefur höfðað vegna víkjandi skuldabréfs á Glitni. Verði málið úrskurðað sjóðnum í hag á hann skuldajafnanlega kröfu að fjárhæð 3,8 milljarðar kr. á hendur skilanefnd Glitnis.

## Iðgjöld

Lögbundin iðgjöld ársins, ásamt réttindaflutningum og endurgreiðslum, námu 21,2 milljörðum kr. og hækkuðu þau um 6,1% milli ára. Um 86% af iðgjaldagreiðslum ársins 2013 fóru til A-deildar sjóðsins eða 18,2 milljarðar kr. og hækkuðu um 8,6% milli ára. Iðgjaldagreiðslur til B-deildar námu 2,3 milljörðum kr. á síðasta ári og lækkuðu um 6,1% milli ára. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar LSR námu 636 milljónum kr. á síðasta ári og lækkuðu um 9,5% milli ára.

Alls greiddi 29.491 sjóðfélagi að meðaltali iðgjald í hverjum mánuði til LSR á árinu 2013 og fækkaði þeim um 0,7% milli ára. Í heildina greiddu 33.690 sjóðfélagar iðgjald til LSR á árinu 2013 og fækkaði þeim um 1,8% milli

ára. Virkir sjóðfélagar voru 23.066 hjá A-deild og fjölgaði þeim um 1,7% milli ára. Hjá B-deild voru virkir sjóðfélagar 3.856 og fækkaði um 10,6% milli ára. Virkir sjóðfélagar hjá Séreign LSR voru 2.569 og fækkaði um 4,4% á árinu 2013.

Í árslok 2013 áttu 55.856 sjóðfélagar skráð réttindi hjá A-deild sjóðsins og 37.426 hjá B-deild. Sjóðfélagar með inneign hjá Séreign LSR voru 4.974 í árslok.

## Innborganir ríkissjóðs og uppgjör skuldbindinga gagnvart B-deild

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við B-deild í formi viðbótariðgjalda námu 997 milljónum kr. á árinu 2013 en voru 1.012 milljónir kr. árið áður. Innborganir annarra launagreiðenda í formi viðbótariðgjalda námu 38 milljónum kr. á árinu 2013 en voru 53 milljónir kr. árið áður.

Innborganir ríkissjóðs eru vaxtareiknaðar til samræmis við ávöxtun B-deildar og mynda inneign sem er dregin frá skuldbindingum. Með aukagreiðslum er ríkissjóður að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum til lengri tíma en hann er bakábyrgur fyrir skuldbindingum B-deildar. Inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna nam 187 milljörðum kr. í árslok 2013 og hækkaði hún um 19,3 milljarða kr. milli ára. Uppgjör launagreiðenda á lífeyrisskuldbindingum sínum gagnvart B-deild námu 569 milljónum kr. á árinu 2013 á móti 563 milljónum kr. árið áður.

## Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur LSR voru 29,4 milljarðar kr. á árinu 2013 og hækkuðu um 9% milli ára. Þar af voru 26,4 milljarðar kr. greiddar úr B-deild eða 90%. Lífeyrisgreiðslur A-deildar námu 2,5 milljörðum kr. í stað 2 milljarða kr. á árinu 2012. Lífeyrisgreiðslur Séreignar LSR námu 453 milljónum kr. árið 2013 en þar af voru 186 milljónir kr. greiddar út vegna tímabundinnar heimildar til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Alls fengu 17.590 einstaklingar greiddan lífeyri hjá deildum LSR á árinu og fjölgaði lífeyrisþegum um 4,8% milli ára. Úr B-deild fengu 13.284 lífeyrisþegar greiddan lífeyri, 3.648 úr A-deild og 658 úr Séreign LSR. Endurgreiðslur launagreiðenda á lífeyrisgreiðslum B-deildar námu 9,4 milljörðum kr. á árinu og hækkuðu um 8% milli ára.

## Rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld

Á árinu 2013 námu rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld 805 milljónum kr. en voru 702 milljónir kr. árið áður og hækkuðu um 14,7% milli ára. Aðrar tekjur námu 28 milljónum kr. á árinu 2013 og hækkuðu um 9,7% milli ára. Kostnaður að frátöldum öðrum tekjum var 0,17% af meðaleignum sjóðsins árið 2013. Þar af nam rekstrarkostnaður 0,08% af meðaleignum.

Launakostnaður sjóðsins nam 408 milljónum kr. árið 2013 og skiptist þannig að heildarfjárhæð launa var 332 milljónir kr. og launatengd gjöld 75 milljónir kr. Stöðugildi voru 41 á árinu 2013.

## Tryggingafræðileg úttekt og hrein eign til greiðslu lífeyris

### A-deild

Áfallin skuldbinding A-deildar í árslok 2013 var 267,1 milljarður kr. Á móti nam hrein eign A-deildar til greiðslu lífeyris 256,7 milljörðum kr. en var 218,4 milljarðar kr. í árslok 2012. Endurmetnar eignir A-deildar í árslok 2013 voru 261,4 milljarður kr. eða 2,2% lægri en áfallin skuldbinding.

Heildarstaða A-deildar, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, er neikvæð um 63,1 milljarð kr. eða sem nemur 11,7% af heildarskuldbindingum. Heildarstaða sjóðsins batnaði um 0,8% milli ára. Framlag launagreiðenda til A-deildar er nú 11,5% af heildarlaunum og er það breytilegt samkvæmt lögum sjóðsins en miðað er við að sjóðurinn eigi að jafnaði nægar eignir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Iðgjaldahlutfall launagreiðenda skal endurskoða árlega.

Munur milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur nú verið meiri en 10% sex ár í röð. Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða nr. VI, skal stjórn sjóðsins gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta af fjárhag hans. Stjórn sjóðsins hefur tekið til skoðunar mögulegar leiðir til að bregðast við neikvæðri tryggingafræðilegri stöðu A-deildar en samkvæmt reglum sjóðsins þarf stjórn hans að bregðast við fyrir 1. október n.k.

## B-deild

Áfallin skuldbinding B-deildar í árslok 2013 var 599,5 milljarðar kr. og hækkaði hún um 4,6% á árinu. Samkvæmt útreikningi tryggingafræðinga eiga launagreiðendur að standa undir 255,3 milljörðum kr. af skuldbindingum B-deildar með greiðslu lífeyrishækkana. Skuldbindingar sem deildin á sjálf að standa undir eru því 344,3 milljarðar kr. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign til greiðslu lífeyris 217 milljarðar kr. í árslok 2013 og endurmetin hrein eign hans 220,1 milljarður kr.

Eins og fram kom í umfjöllun um iðgjöld hér að framan hefur ríkissjóður greitt aukalega inn á skuldbindingar sínar við B-deild. Í árslok 2013 námu uppfærðar greiðslur ríkissjóðs 187 milljörðum kr. og innborganir annarra launagreiðenda 2 milljörðum kr.

Stjórn sjóðsins hefur látið gera úttekt á framtíðargreiðsluflæði B-deildar og samkvæmt niðurstöðum hennar mun sjóðurinn tæmast á árinu 2027 ef ekki koma til frekari aukagreiðslur frá ríkissjóði.

## Lokaorð

Stærsta óvissuatriðið sem snýr að sjóðnum er fjármögnun á skuldbindingum hans til framtíðar. Of mikill munur er á milli eigna og skuldbindinga í A-deild og er nauðsynlegt að bregðast við þeim vanda sem fyrst. Þá er ljóst að eignir B-deildar munu tæmast mörgum árum áður en skuldbindingar hafa verið greiddar að fullu. Nauðsynlegt er að ríkissjóður sem bakábyrgðaraðili setji fram áætlun um hvernig bregðast skuli við þeirri stöðu.

Flestum óvissuatriðum sem hafa verið í efnahagsreikningum sjóðsins frá hruni fjármálakerfisins á árinu 2008 hefur verið eytt. Samið hefur verið um uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga og búið er að ganga frá flestum kröfum sem sjóðurinn átti vegna markaðsskuldabréfa á fyrirtæki. Stærsta eftirstandandi óvissuatriðið er deilumál sem er til úrlausnar hjá dómstólum varðandi kaup á víkjandi skuldabréfi af Glitni.

Ytra starfsumhverfi sjóðsins einkennist af gjaldeyrishöftum og takmörkuðum fjárfestingarkostum. Meðan sjóðurinn á ekki kost á að fjárfesta í erlendum verðbréfum verður eignasafn sjóðsins einsleitara. Óheppilegt er að geta ekki dreift áhættunni á fleiri hagkerfi en það íslenska. Það hefur meðal annars í för með sér að sífellt stærri hluti eigna sjóðsins er í verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs og spyrja má hversu heppilegt það sé þegar um er að ræða lífeyrissjóð með bakábyrgð ríkissjóðs í tilfelli B-deildar eða ábyrgð ríkissjóðs á iðgjöldum í tilfelli A-deildar.

Ávöxtun á árinu 2013 var góð og vel gekk að ávaxta flesta eignaflokka. Það sem af er árinu 2014 hafa verið óverulegar hækkanir á innlendum og erlendum hlutabréfum. Árið hefur því farið hægar af stað en síðasta ár. Hins vegar stefnir í að framboð fjárfestingarkosta innanlands verði heldur meira en undangengin ár.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins og einstakra deilda hans fyrir árið 2013 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 9. apríl 2014.

Maríanna Jónasdóttir, stjórnarformaður, Árni Stefán Jónsson, Guðlaug Kristjánsdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Gunnar Björnsson, Viðar Helgason, Þórður Á. Hjaltested og Þórveig Þormóðsdóttir.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri.

# Áritun endurskoðenda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og skýringar nr. 1–23, kennitölur og deildaskiptingu.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum okkur hafa aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna við endurskoðunina til að undirbyggja álit okkar.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og um ársreikninga lífeyrissjóða.

Í skýrslu stjórnenda eða í skýringum koma fram þær upplýsingar sem ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Ríkisendurskoðun, 9. apríl 2014

Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2013

| | Skýring | Samtals LSR 2013 | Samtals LSR 2012 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 5.642.718 | 5.359.272 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 15.534.240 | 14.586.652 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (22.723) | (13.406) |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | | 228.804 | 201.284 |
| Lífeyrishækkanir | | 9.372.505 | 8.677.761 |
| Uppgreiddar lífeyrisskuldbindingar | 8 | 569.439 | 562.974 |
| Innborganir launagreiðenda inn á skuldbindingar | 9 | 1.035.220 | 1.064.574 |
| Iðgjöld alls | | 32.360.203 | 30.439.111 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 10 | 29.353.260 | 26.930.135 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | 10 | 186.994 | 52.633 |
| Lífeyrir alls | | 29.540.253 | 26.982.769 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 11 | 14.580.745 | 15.238.559 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 12 | 30.517.012 | 41.599.622 |
| Breytingar á niðurfærslu | 5 | 1.061.883 | (1.996.962) |
| Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar | 6 | 105.570 | (458.979) |
| Fjárfestingartekjur alls | | 46.265.210 | 54.382.239 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 7 | 414.356 | 356.223 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 7 | 390.777 | 345.487 |
| **Gjald til ríkissjóðs** | | | |
| Tímabundinn skattur | | 0 | 23.383 |
| **Aðrar tekjur** | | | |
| Aðrar tekjur | 7 | 28.444 | 25.930 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 48.308.470 | 57.139.418 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 436.644.944 | 379.505.527 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | **484.953.414** | **436.644.944** |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

| | A-deild | | B-deild | | Séreign | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| | 4.693.914 | 4.322.388 | 629.947 | 686.412 | 318.857 | 350.472 |
| | 13.493.435 | 12.424.861 | 1.712.386 | 1.817.657 | 328.419 | 344.133 |
| | (7.700) | (8.135) | (3.635) | (13.105) | (11.388) | 7.834 |
| | 117.954 | 101.807 | 110.850 | 99.477 | 0 | 0 |
| | 0 | 0 | 9.372.505 | 8.677.761 | 0 | 0 |
| | 0 | 0 | 569.439 | 562.974 | 0 | 0 |
| | 0 | 0 | 1.035.220 | 1.064.574 | 0 | 0 |
| | 18.297.604 | 16.840.923 | 13.426.712 | 12.895.750 | 635.888 | 702.439 |
| | 2.534.952 | 2.022.769 | 26.365.729 | 24.193.465 | 452.579 | 713.901 |
| | 154.031 | 40.631 | 32.962 | 12.003 | 0 | 0 |
| | 2.688.984 | 2.063.400 | 26.398.691 | 24.205.468 | 452.579 | 713.901 |
| | 8.134.881 | 7.549.818 | 6.277.895 | 7.575.958 | 167.969 | 112.783 |
| | 14.365.135 | 18.086.067 | 15.507.320 | 22.699.821 | 644.557 | 813.734 |
| | 462.746 | (879.438) | 599.325 | (1.117.524) | (187) | 0 |
| | 32.130 | (150.305) | 68.850 | (306.520) | 4.590 | (2.154) |
| | 22.994.892 | 24.606.142 | 22.453.389 | 28.851.735 | 816.929 | 924.363 |
| | 205.094 | 167.150 | 205.876 | 186.313 | 3.387 | 2.760 |
| | 115.278 | 103.736 | 270.055 | 236.443 | 5.445 | 5.308 |
| | 0 | 20.213 | 0 | 3.170 | 0 | 0 |
| | 13.594 | 12.232 | 14.850 | 13.697 | 0 | 0 |
| | 38.296.734 | 39.104.797 | 9.020.330 | 17.129.788 | 991.406 | 904.833 |
| | 218.446.796 | 179.341.999 | 208.003.894 | 190.874.107 | 10.194.253 | 9.289.421 |
| | **256.743.530** | **218.446.796** | **217.024.224** | **208.003.894** | **11.185.660** | **10.194.253** |

# Efnahagsreikningur 31.12.2013

| | | Samtals LSR | |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | Skýring | 2013 | 2012 |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Húseign og lóð | 4,13 | 457.939 | 455.292 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 14 | 199.616.231 | 164.559.191 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 15 | 202.117.247 | 198.842.714 |
| Veðlán | 15 | 60.702.020 | 59.598.620 |
| Aðrar fjárfestingar | | 5.050.024 | 4.736.541 |
| Fjárfestingar alls | | 467.943.461 | 428.192.359 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 16 | 2.094.003 | 2.185.962 |
| Ýmsar kröfur | | 30.416 | 252.558 |
| Kröfur alls | | 2.124.418 | 2.438.521 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 4,13 | 54.844 | 49.970 |
| Sjóður og bankareikningar | | 21.157.539 | 21.035.688 |
| Aðrar eignir alls | | 21.212.383 | 21.085.659 |
| **Eignir samtals** | | **491.280.262** | **451.716.539** |
| **Skuldir** | | | |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Áfallin lífeyrisskuldbinding | | 133.977 | 118.456 |
| Skuldbindingar alls | | 133.977 | 118.456 |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | 17 | 1.115.123 | 1.028.979 |
| Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar | 6 | 5.077.749 | 13.924.159 |
| Viðskiptaskuldir alls | | 6.192.872 | 14.953.138 |
| **Skuldir samtals** | | **6.326.848** | **15.071.595** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | **484.953.414** | **436.644.944** |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | | | |
| Krafa á launagreiðendur skv. 33. gr. laga nr. 1/1997 | 21 | 255.252.622 | 243.684.084 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

| A-deild | | B-deild | | Séreign | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| 457.939 | 455.292 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 92.104.432 | 71.139.233 | 101.818.495 | 88.370.996 | 5.693.304 | 5.048.962 |
| 119.311.807 | 109.127.831 | 82.446.207 | 89.354.425 | 359.233 | 360.459 |
| 28.510.657 | 26.502.031 | 32.191.363 | 33.096.589 | 0 | 0 |
| 101.490 | 212.393 | 158.134 | 122.293 | 4.790.401 | 4.401.856 |
| 240.486.325 | 207.436.780 | 216.614.198 | 210.944.303 | 10.842.938 | 9.811.277 |
| 1.253.140 | 1.206.862 | 828.948 | 979.100 | 11.914 | 0 |
| 18.489 | 123.341 | 4.406 | 120.866 | 7.521 | 8.352 |
| 1.271.629 | 1.330.203 | 833.354 | 1.099.966 | 19.435 | 8.352 |
| 27.422 | 24.985 | 27.422 | 24.985 | 0 | 0 |
| 16.665.977 | 14.349.339 | 4.089.458 | 6.163.606 | 402.104 | 522.744 |
| 16.693.399 | 14.374.324 | 4.116.880 | 6.188.591 | 402.104 | 522.744 |
| **258.451.353** | **223.141.307** | **221.564.433** | **218.232.860** | **11.264.476** | **10.342.372** |
| 38.575 | 32.575 | 95.402 | 85.881 | 0 | 0 |
| 38.575 | 32.575 | 95.402 | 85.881 | 0 | 0 |
| 110.243 | 121.640 | 956.827 | 861.252 | 48.053 | 46.087 |
| 1.559.005 | 4.540.295 | 3.487.980 | 9.281.833 | 30.764 | 102.032 |
| 1.669.248 | 4.661.935 | 4.444.807 | 10.143.084 | 78.816 | 148.119 |
| **1.707.823** | **4.694.510** | **4.540.209** | **10.228.966** | **78.816** | **148.119** |
| **256.743.530** | **218.446.796** | **217.024.224** | **208.003.894** | **11.185.660** | **10.194.253** |
| | | 255.252.622 | 243.684.084 | | |

# Sjóðstreymi fyrir árið 2013

| | Samtals LSR | |
|---|---|---|
| | 2013 | 2012 |
| **Inngreiðslur** | | |
| Iðgjöld | 32.452.163 | 30.505.254 |
| Fjárfestingartekjur | 5.153.080 | 4.205.042 |
| Afborganir verðbréfa | 23.218.888 | 21.066.147 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | 18.493.903 | 11.377.376 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | 4.973.284 | 30.227.696 |
| Seldar fullnustueignir og aðrar inngreiðslur | 110.903 | 183.997 |
| Inngreiðslur | 84.402.222 | 97.565.511 |
| **Útgreiðslur** | | |
| Lífeyrir | 29.433.966 | 26.917.694 |
| Fjárfestingargjöld | 414.495 | 357.141 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | 368.254 | 346.311 |
| Gjaldmiðlavarnasamningar | 8.740.841 | 0 |
| Greiddur tímabundinn skattur | 0 | 277.973 |
| Útgreiðslur | 38.957.555 | 27.899.119 |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu | 45.444.667 | 69.666.392 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | 26.304.366 | 17.395.589 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | 15.049.851 | 41.411.997 |
| Ný veðlán og útlán | 3.909.091 | 2.618.297 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og fullnustueignir | 59.508 | 312.083 |
| Ráðstöfun alls | 45.322.816 | 61.737.966 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 121.851 | 7.928.425 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 21.035.688 | 13.107.263 |
| **Handbært fé í árslok** | **21.157.539** | **21.035.688** |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

| | A-deild | | B-deild | | Séreign | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 | 2013 | 2012 |
| | 18.251.325 | 16.866.670 | 13.576.864 | 12.935.904 | 623.974 | 702.680 |
| | 2.229.209 | 1.950.997 | 2.623.209 | 1.934.405 | 300.662 | 319.640 |
| | 10.640.960 | 9.377.522 | 12.565.521 | 11.654.809 | 12.407 | 33.816 |
| | 7.005.431 | 4.524.985 | 10.627.662 | 6.655.574 | 860.811 | 196.816 |
| | 2.241.520 | 14.642.032 | 2.731.765 | 15.556.875 | 0 | 28.789 |
| | 110.903 | 91.999 | 0 | 91.999 | 0 | 0 |
| | 40.479.348 | 47.454.205 | 42.125.020 | 48.829.565 | 1.797.854 | 1.281.742 |
| | 2.681.184 | 2.006.363 | 26.302.753 | 24.194.236 | 450.029 | 717.096 |
| | 209.219 | 163.808 | 201.888 | 190.574 | 3.387 | 2.760 |
| | 105.603 | 98.734 | 262.174 | 241.849 | 476 | 5.729 |
| | 2.949.159 | 0 | 5.725.003 | 0 | 66.678 | 0 |
| | 0 | 125.771 | 0 | 152.201 | 0 | 0 |
| | 5.945.166 | 2.394.676 | 32.491.818 | 24.778.860 | 520.571 | 725.584 |
| | 34.534.182 | 45.059.529 | 9.633.202 | 24.050.705 | 1.277.283 | 556.157 |
| | 15.007.840 | 10.644.981 | 10.287.148 | 6.603.696 | 1.009.378 | 146.912 |
| | 14.335.208 | 30.109.950 | 714.643 | 11.237.549 | 0 | 64.499 |
| | 2.857.856 | 1.648.325 | 662.690 | 570.482 | 388.545 | 399.490 |
| | 16.640 | 286.902 | 42.868 | 25.181 | 0 | 0 |
| | 32.217.544 | 42.690.157 | 11.707.349 | 18.436.908 | 1.397.923 | 610.901 |
| | 2.316.638 | 2.369.372 | -2.074.148 | 5.613.797 | -120.640 | -54.744 |
| | 14.349.339 | 11.979.967 | 6.163.606 | 549.809 | 522.744 | 577.488 |
| | **16.665.977** | **14.349.339** | **4.089.458** | **6.163.606** | **402.104** | **522.744** |

# Yfirlit um rekstur og fjárhag fjárfestingarleiða Séreignar LSR árið 2013

| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2013 | Leið I | Leið II | Leið III | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 294.261 | 68.818 | 284.197 | 647.276 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | (76.579) | (1.621) | 66.812 | (11.388) |
| Lífeyrir | (164.713) | (48.571) | (239.294) | (452.579) |
| Fjárfestingartekjur | 467.664 | 81.111 | 268.154 | 816.929 |
| Fjárfestingargjöld | (2.343) | (457) | (587) | (3.387) |
| Rekstrarkostnaður | (2.586) | (498) | (2.361) | (5.445) |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **515.704** | **98.781** | **376.921** | **991.406** |
| Hrein eign frá fyrra ári | 4.803.146 | 920.015 | 4.471.093 | 10.194.253 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **5.318.850** | **1.018.796** | **4.848.014** | **11.185.660** |

| Efnahagsreikningur 31.12.2013 | Leið I | Leið II | Leið III | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 4.850.134 | 843.169 | 0 | 5.693.304 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 271.550 | 87.683 | 0 | 359.233 |
| Bundinn innlánsreikningur | 0 | 0 | 4.790.401 | 4.790.401 |
| Ýmsar kröfur | 6.599 | 1.880 | 10.956 | 19.435 |
| Sjóður og bankainnistæður | 237.823 | 101.997 | 62.284 | 402.104 |
| Skuldir | (47.256) | (15.934) | (15.627) | (78.816) |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **5.318.850** | **1.018.796** | **4.848.014** | **11.185.660** |

| Sjóðstreymi fyrir árið 2013 | Leið I | Leið II | Leið III | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Inngreiðslur | 994.632 | 194.957 | 608.265 | 1.797.854 |
| Útgreiðslur | (220.313) | (58.253) | (242.005) | (520.571) |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum | 774.319 | 136.704 | 366.260 | 1.277.283 |
| Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting | (909.810) | (99.568) | (388.545) | (1.397.923) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | (135.491) | 37.136 | (22.285) | (120.640) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 373.313 | 64.861 | 84.569 | 522.744 |
| **Handbært fé í árslok** | **237.823** | **101.997** | **62.284** | **402.104** |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

# Skýringar með ársreikningi 2013

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Almennt

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) er saminn í samræmi við reglur nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

LSR er starfræktur í þremur deildum og er hver deild með aðskilinn fjárhag. Deildir sjóðsins eru: A-deild, B-deild og Séreign LSR.

### 2. Iðgjöld og réttindi

Iðgjald til A-deildar er 15,5% af heildarlaunum, sjóðfélaginn greiðir 4% iðgjald af þeim launum sem skylt er að greiða af. A-deild er stigasjóður þar sem sjóðfélagar fá réttindi í hlutfalli við þau iðgjöld sem greidd eru og réttindi A-deildar eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs. Réttur til töku ellilífeyris í A-deild er ekki háður starfslokum heldur er þar almenn heimild til að hefja töku lífeyris milli 60 og 70 ára aldurs. Sá sem hefur töku lífeyris við 65 ára aldur fær lífeyrisgreiðslur í samræmi við áunnin stig. Ef töku lífeyris er frestað eftir að 65 ára aldri er náð, hækkar upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um 0,75% fyrir hvern mánuð sem lífeyristöku er frestað eða um 9% fyrir hvert ár. Ef taka lífeyris hefst hins vegar fyrir 65 ára aldurinn lækkar áunninn lífeyrisréttur um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á að 65 ára aldri sé náð eða um 6% fyrir hvert ár.

Iðgjald til B-deildar er 12% af dagvinnulaunum, vaktaálagi, persónuuppót og orlofsuppbót. Réttindi sjóðfélaga í B-deild miðast við þann tíma sem greitt hefur verið í sjóðinn, ásamt starfshlutfalli. Almennur réttur til töku ellilífeyris í B-deild er við 65 ára aldur. Sjóðfélaga er þó heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður sjóðfélagaaldur hans og lífaldur er 95 ár eða meira (95 ára regla), en þó aldrei fyrr en hann er orðinn 60 ára. Lífeyrir reiknast sem hlutfall af launum við starfslok eða í ákveðnum tilvikum af launum vegna 10 ára í hærra launuðu starfi. Eftir það taka lífeyrisgreiðslur mið af dagvinnulaunum eftirmanns í starfi eða breytingum sem verða að meðaltali á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, samkvæmt svokallaðri meðaltalsreglu. Með lagabreytingum sem tóku gildi við upphaf árs 1997 gátu lífeyrisþegar í B-deild LSR valið hvort breytingar á lífeyrisgreiðslum þeirra fylgdu launum eftirmanns í starfi eða meðalbreytingum sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Iðgjald til Séreignar LSR er háð ákvörðun sjóðfélagans en frádráttarbært iðgjald frá tekjuskatti er 2% af heildarlaunum. Mótframlag launagreiðanda getur numið allt að 2%.

### 3. Sundurliðun fjárfestinga

Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast innlend og erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Erlend verðbréf sjóðsins eru skráð á skipulögðum verðbréfamörkuðum og því eignfærð á markaðsverði miðað við síðasta skráða gengi þeirra í árslok. Verðbréfin eru umreiknuð í íslenskar krónur á kaupgengi skv. Seðlabanka Íslands í árslok. Innlend hlutabréf sjóðsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð hlutabréf á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði ef það er lægra. Fjárfestingar í framtakssjóðum, þar með talið í Framtakssjóði Íslands slhf., eru færðar til eignar á gangverði skv. upplýsingum frá vörsluaðilum. Stjórnendur sjóðanna telja eignfærslu m.v. gangverð gefa rétta mynd af eignum sjóðsins í árslok.

Til verðbréfa með föstum tekjum teljast innlend og erlend skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast innlend skuldabréfalán með veði í fasteign. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum m.v. vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Afföllin eða gengisaukinn sem myndast við kaup verðbréfanna eru færð í ársreikninginn á afborgunartíma þeirra miðað við virka vexti. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á kaupgengi skv. Seðlabanka Íslands í árslok.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftir vegna kaupa ársins 2013 reiknast hlutfallslega eftir eignarhaldstíma innan ársins. Afskriftahlutföll eru eftirfarandi: fasteign 1,5%, tölvubúnaður 33,3%, aðrir rekstrarfjármunir 10–15%.

## 5. Niðurfærsla verðbréfa og afskriftasjóður

Verðbréfasafn lífeyrissjóðsins hefur verið yfirfarið og mat lagt á virði þess. Sjóðurinn hefur lagt til hliðar í afskriftasjóð til að mæta mögulegum niðurfærslum skuldabréfa í framtíðinni. Að mestu leyti er um að ræða kröfur á hendur þeim verðbréfaútgefendum sem lentu í fjárhagsvanda í efnahagshruninu. Mat á lánum lífeyrissjóðanna til einstaklinga tekur mið af mati á vanskilum, veðstöðu og áhrifum þeirra úrræða sem kynnt hafa verið til aðstoðar þeim sem lent hafa í skuldavanda.

Þróun afskriftasjóðs á árinu og gjaldfærð niðurfærsla ársins er sem hér segir:

| | A-deild | B-deild | Séreign | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftasjóður í ársbyrjun | 5.188.963 | 12.232.704 | 0 | 17.421.667 |
| Framlag í afskriftasjóð, gjaldfært (tekjufært) á árinu | (462.746) | (599.325) | 187 | (1.061.883) |
| Endanlega tapað | (1.608.405) | (4.287.203) | (187) | (5.895.795) |
| Afskriftasjóður í árslok | 3.117.812 | 7.346.176 | 0 | 10.463.989 |

## 6. Gjaldmiðlavarnasamningar

Við frágang á ársuppgjöri 2012 var búið að semja um uppgjör allra gjaldmiðlavarnasamninga við skilanefndir Landsbanka Íslands, Glitnis og Kaupþings og var umsamin fjárhæð færð í ársreikning sjóðsins það ár. Á árinu 2013 var gengið frá fullnaðaruppgjöri við skilanefnd Kaupþings vegna gjaldmiðlavarnasamninga ásamt því að greidd var afborgun samkvæmt samkomulagi við skilanefnd Glitnis.

Skuld vegna gjaldmiðlavarnasamninga og gjaldfærsla ársins er sem hér segir:

| | A-deild | B-deild | Séreign | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Skuld við skilanefndir í ársbyrjun | 4.540.295 | 9.281.833 | 102.032 | 13.924.160 |
| Lækkun á samningsfjárhæð | (32.130) | (68.850) | (4.590) | (105.570) |
| Uppgjör samkvæmt samkomulagi við skilanefndir | (2.949.159) | (5.725.003) | (66.678) | (8.740.841) |
| Skuld við skilanefndir í árslok | 1.559.005 | 3.487.980 | 30.764 | 5.077.749 |

Bókfærð skuld vegna gjaldmiðlavarnasamninga í árslok 2013 er 5,1 milljarður kr. og er um að ræða skuld við skilanefnd Glitnis. Í samkomulagi um uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga við skilanefnd Glitnis er gerður sérstakur fyrirvari vegna víkjandi skuldabréfs sjóðsins á hendur Glitni sem ekki var samþykkt til skuldajöfnunar af skilanefndinni. Sjóðurinn hefur höfðað dómsmál og fer fram á að krafan verði dæmd sem almenn krafa og þar með skuldajafnanleg. Krafa sjóðsins á hendur Glitni vegna framangreinds skuldabréfs nam 3,8 milljörðum kr. skv. kröfulýsingu þann 22. apríl 2009. Dæmi dómstólar sjóðnum í hag mun skuld sjóðsins vegna gjaldmiðlavarnasamninga við skilanefnd Glitnis lækka sem því nemur. Vegna varúðarsjónarmiða hefur skuldabréfið verið afskrifað að fullu með færslu á afskriftareikning.

## 7. Fjárfestingargjöld, rekstrarkostnaður og aðrar tekjur

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt í fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Umsýslu- og viðskiptakostnaður vegna erlendra og innlendra hlutabréfa, erlendra sérgreindra hlutabréfasafna, erlendra hlutdeildarskírteina og framtaksfjárfestinga er ýmist bókfærður á móti vaxtatekjum viðkomandi verðbréfa eða innifalinn í fjárfestingartekjum viðkomandi sjóða.

Undir liðnum *aðrar tekjur* eru færðar tekjur af lánastarfsemi aðrar en lántökugjöld að fjárhæð 23,9 milljónir kr. Á móti þeim tekjum eru gjaldfærðar 14,5 milljónir kr. við umsýslu lána meðal fjárfestingargjalda. Þá er jafnframt færð undir aðrar tekjur þóknun til sjóðsins fyrir að móttaka iðgjöld í VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

# Iðgjöld

## 8. Uppgreiddar lífeyrisskuldbindingar við B-deild LSR

Uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum sínum við sjóðinn námu 569 milljónum kr. á árinu 2013. Þar af voru 368 milljónir kr. færðar meðal krafna á launagreiðendur í árslok 2013.

Enn fremur hafa nokkrir launagreiðendur greitt inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn án þess þó að gera þær upp með formlegum hætti. Þar er aðallega um að ræða innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar og viðbótariðgjöld ýmissa launagreiðenda (sjá skýringarlið 9).

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | 10.606 | 11.327 |
| Byggðastofnun | 887 | 1.917 |
| HS Orka hf. | 6.476 | 8.709 |
| Isavia ohf. | 172.992 | 168.922 |
| Íbúðalánasjóður | 10.084 | 9.899 |
| Íslandspóstur hf. | 70.070 | 71.633 |
| Íslenskar orkurannsóknir | 24.301 | 24.074 |
| Landsnet hf. | 7.822 | 11.667 |
| Orkubú Vestfjarða hf. | 7.921 | 6.741 |
| Rarik ohf. | 20.520 | 19.575 |
| Matís ohf. (Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins) | 7.730 | 5.817 |
| Ríkissjóður, vegna lögreglumanna | 146.710 | 138.046 |
| Ríkisútvarpið ohf. | 24.347 | 23.972 |
| Samábyrgðin hf./Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 0 | -23 |
| Sementsverksmiðjan hf. | 1.615 | 1.978 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 26.663 | 24.798 |
| Síminn hf. | 26.615 | 30.595 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðis bs. | 4.081 | 3.326 |
| | 569.439 | 562.974 |

## 9. Innborganir launagreiðenda inn á skuldbindingar við B-deild LSR

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Innborganir ríkissjóðs inn á bakábyrgð vegna skuldbindinga | 997.149 | 1.012.033 |
| Viðbótarframlög launagreiðenda, innborganir inn á skuldbindingar | 38.071 | 52.541 |
| | 1.035.220 | 1.064.574 |

# Lífeyrir

## 10. Lífeyrisgreiðslur

Sundurliðun lífeyrisgreiðslna eftir tegundum lífeyris árið 2013:

| | A-deild | B-deild | Séreign | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 1.255.654 | 21.037.006 | 252.498 | 22.545.159 |
| Örorkulífeyrir | 1.096.939 | 802.760 | 321 | 1.900.020 |
| Makalífeyrir | 95.016 | 4.518.638 | 5.771 | 4.619.425 |
| Barnalífeyrir | 87.344 | 7.324 | 7.956 | 102.624 |
| Aðrar útgreiðslur | 0 | 0 | 186.032 | 186.032 |
| | 2.534.952 | 26.365.729 | 452.579 | 29.353.260 |
| Kostnaður vegna örorkumats | 3.397 | 2.052 | 0 | 5.449 |
| Gjald til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs | 150.635 | 30.910 | 0 | 181.545 |
| | 2.688.984 | 26.398.691 | 452.579 | 29.540.253 |

Sundurliðun lífeyrisgreiðslna eftir tegundum lífeyris árið 2012:

| | A-deild | B-deild | Séreign | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 912.242 | 19.127.803 | 315.629 | 20.355.674 |
| Örorkulífeyrir | 937.374 | 802.623 | 1.026 | 1.741.022 |
| Makalífeyrir | 88.975 | 4.253.709 | 5.245 | 4.347.930 |
| Barnalífeyrir | 84.178 | 9.331 | 7.290 | 100.799 |
| Aðrar útgreiðslur | 0 | 0 | 384.711 | 384.711 |
| | 2.022.769 | 24.193.465 | 713.901 | 26.930.135 |
| Kostnaður vegna örorkumats | 4.349 | 3.822 | 0 | 8.171 |
| Gjald til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs | 36.281 | 8.181 | 0 | 44.462 |
| | 2.063.400 | 24.205.468 | 713.901 | 26.982.769 |

# Fjárfestingartekjur

## 11. Fjárfestingartekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:

| Fjárfestingartekjur af eignarhlutum árið 2013: | A-deild | B-deild | Séreign | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Af innlendum hlutabréfum | 6.190.296 | 3.266.593 | 153.189 | 9.610.077 |
| Af erlendum hlutabréfum | 2.047.278 | 3.141.123 | 16.487 | 5.204.887 |
| Umsýsluþóknun skv. reikningum eða upplýsingum frá stýringaraðilum | (74.915) | (117.159) | (754) | (192.829) |
| Viðskiptakostnaður innlendra hlutabréfa | (27.778) | (12.661) | (952) | (41.391) |
| | 8.134.881 | 6.277.895 | 167.969 | 14.580.745 |

| Fjárfestingartekjur af eignarhlutum árið 2012: | A-deild | B-deild | Séreign | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Af innlendum hlutabréfum | 3.182.613 | 1.068.174 | 41.026 | 4.291.812 |
| Af erlendum hlutabréfum | 4.445.451 | 6.616.358 | 72.550 | 11.134.360 |
| Umsýsluþóknun skv. reikningum eða upplýsingum frá stýringaraðilum | (66.551) | (104.480) | (648) | (171.679) |
| Viðskiptakostnaður innlendra hlutabréfa | (11.695) | (4.094) | (145) | (15.934) |
| | 7.549.818 | 7.575.958 | 112.783 | 15.238.559 |

Undir *tekjur af eignarhlutum* fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla. Jafnframt er umsýsluþóknun og viðskiptakostnaður færður á móti tekjum en sýndur sérstaklega í þeim tilvikum þar sem nákvæmar upplýsingar liggja fyrir.

Hjá nokkrum vörsluaðilum verðbréfasafna liggja kostnaðarupplýsingar ekki fyrir eða fást ekki gefnar upp og er sá kostnaður því innifalinn í vaxtatekjum viðkomandi sjóða. Miðað við umsamin þóknanahlutföll og meðalstöðu hvers safns fyrir sig er áætlað að umsýsluþóknun til viðbótar því sem kemur fram í töflu hér að ofan hafi numið 218 milljónum kr. á árinu 2013. Þar af hafi áætluð umsýsluþóknun numið 106 milljónum kr. hjá A-deild, 109 milljónum kr. hjá B-deild og 2,5 milljónum kr. hjá Séreign.

## 12. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

| Vaxtatekjur og gengismunur árið 2013: | A-deild | B-deild | Séreign | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Af veðlánum | 2.113.895 | 2.498.854 | 0 | 4.612.750 |
| Af öðrum skuldabréfum | 7.525.527 | 7.059.069 | 126.897 | 14.711.493 |
| Af hlutdeildarskírteinum | 3.976.993 | 5.943.481 | 241.990 | 10.162.463 |
| Umsýsluþóknun skv. fyrirliggjandi upplýsingum vegna hlutdeildarskírteina | (27.576) | (38.715) | (939) | (67.229) |
| Af bankainnistæðum og fleira | 768.980 | 25.743 | 276.610 | 1.071.332 |
| Lántökugjöld | 28.298 | 6.611 | 0 | 34.910 |
| Dráttarvextir | 3.367 | 14.526 | 0 | 17.893 |
| Söluhagnaður (sölutap) | (24.349) | (2.250) | 0 | (26.600) |
| | 14.365.135 | 15.507.320 | 644.557 | 30.517.012 |

| Vaxtatekjur og gengismunur árið 2012: | A-deild | B-deild | Séreign | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Af veðlánum | 2.519.527 | 3.241.053 | 0 | 5.760.579 |
| Af öðrum skuldabréfum | 10.036.002 | 11.838.379 | 209.900 | 22.084.281 |
| Af hlutdeildarskírteinum | 4.813.194 | 7.466.182 | 312.968 | 12.592.344 |
| Umsýsluþóknun skv. fyrirliggjandi upplýsingum | | | | |
| vegna hlutdeildarskírteina | (20.048) | (28.440) | (694) | (49.182) |
| Af bankainnistæðum og fleira | 691.124 | 133.766 | 291.559 | 1.116.449 |
| Lántökugjöld | 16.504 | 5.711 | 0 | 22.215 |
| Dráttarvextir | 5.281 | 13.464 | 0 | 18.746 |
| Söluhagnaður (sölutap) | 24.483 | 29.706 | 0 | 54.189 |
| | 18.086.067 | 22.699.821 | 813.734 | 41.599.622 |

Undir *vaxtatekjur og gengismun* falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnistæðum, iðgjöldum og veltiinnlánum auk lántökugjalda af lánastarfsemi. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breyting á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Hjá vörsluaðilum verðbréfasjóða (hlutdeildarskírteina) liggja kostnaðarupplýsingar ekki fyrir eða fást ekki gefnar upp og er sá kostnaður því innifalinn í vaxtatekjum viðkomandi sjóða. Miðað við umsamin þóknanahlutföll og meðalstöðu hvers safns fyrir sig er áætlað að umsýsluþóknun til viðbótar því sem kemur fram í töflu hér að ofan hafi numið 381 milljón kr. á árinu 2013. Þar af hafi áætluð umsýsluþóknun numið 143 milljónum kr. hjá A-deild, 228 milljónum kr. hjá B-deild og 10 milljónum kr. hjá Séreign.

# Fjárfestingar

## 13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

| | Fasteign | Aðrir rekstrarfjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2013 | 457.503 | 56.020 | 513.523 |
| Viðbætur á árinu | 9.613 | 15.361 | 24.974 |
| Selt á árinu og niðurlagðir rekstrarfjármunir | 0 | (5.207) | (5.207) |
| Heildarverð 31.12.2013 | 467.116 | 66.174 | 533.290 |
| | | | |
| Afskrifað áður | 2.211 | 6.049 | 8.261 |
| Afskrifað á árinu | 6.965 | 9.181 | 16.147 |
| Selt á árinu og niðurlagðir rekstrarfjármunir | 0 | (3.901) | (3.901) |
| Afskrifað samtals | 9.177 | 11.330 | 20.507 |
| | | | |
| Bókfært verð 31.12.2013 | 457.939 | 54.844 | 512.783 |
| | | | |
| Afskriftahlutföll | 1,50% | 10–33% | |

Bókfærð fasteign er skrifstofuhúsnæði LSR að Engjateigi 11. Fasteignin er í eigu A-deildar. Bókfært verðmæti fasteignarinnar var 457,9 milljónir kr. í árslok 2013. Fasteignamat eignarinnar er 230,4 milljónir kr., lóðamat 42,7 milljónir kr. og brunabótamat 328,6 milljónir kr. samkvæmt opinberum skrám í árslok 2013.

# Fjárfestingar

## 14. Verðbréf með breytilegum tekjum

Erlend verðbréf eftir fjárvörsluaðilum:

| Hlutabréf: | A-deild | B-deild | Séreign | 2013 samtals | 2012 samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Sampo OYJ-A SHS | 378.072 | 207.335 | 15.634 | 601.040 | 438.758 |
| | 378.072 | 207.335 | 15.634 | 601.040 | 438.758 |
| **Sérgreind hlutabréfasöfn:** | | | | | |
| MFS Institutional Advisors | 9.031.574 | 14.657.648 | 0 | 23.689.222 | 19.119.629 |
| Morgan Stanley | 2.948.895 | 4.565.775 | 0 | 7.514.670 | 9.762.034 |
| ETF Credit Suisse | 1.804.915 | 2.982.562 | 74.117 | 4.861.594 | 4.531.023 |
| EFG Global Equity | 1.934.890 | 2.760.734 | 90.850 | 4.786.474 | 4.298.800 |
| | 15.720.274 | 24.966.719 | 164.967 | 40.851.961 | 37.711.486 |
| **Hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum:** | | | | | |
| Vanguard Global Stock Index | 7.210.772 | 11.794.330 | 283.503 | 19.288.605 | 16.637.910 |
| Schroder Global Core | 4.993.695 | 6.895.287 | 176.919 | 12.065.901 | 10.328.053 |
| JP Morgan Global Dynamic B | 4.194.900 | 7.553.552 | 212.082 | 11.960.534 | 10.546.173 |
| Schroder Global Quant Value | 3.563.238 | 5.043.456 | 118.940 | 8.725.634 | 7.761.730 |
| T. Rowe Price US Large Growth | 2.782.120 | 3.569.492 | 97.231 | 6.448.843 | 4.338.479 |
| T. Rowe Price US Small Cap Fund | 1.348.187 | 2.471.092 | 66.312 | 3.885.591 | 2.421.956 |
| Templeton Growth Fund | 1.679.409 | 2.123.730 | 65.387 | 3.868.525 | 3.338.951 |
| Seilern Stryx Fund | 1.286.655 | 2.270.274 | 47.907 | 3.604.836 | 2.475.664 |
| ACM Global Growth Trends | 1.103.927 | 2.187.904 | 58.352 | 3.350.183 | 6.493.932 |
| Jupiter European Growth | 935.927 | 1.754.942 | 54.074 | 2.744.943 | 0 |
| Aberdeen EM | 1.015.547 | 1.216.672 | 4.525 | 2.236.744 | 1.439.875 |
| Vanguard Global Enhanced | 702.241 | 1.042.739 | 27.320 | 1.772.300 | 1.187.194 |
| Katla Fund Global Value | 590.604 | 682.803 | 24.967 | 1.298.374 | 1.166.113 |
| JP Morgan Global Emerging Equity | 272.128 | 525.787 | 14.652 | 812.567 | 959.434 |
| State Street Enhanced Fund - North America | 336.851 | 168.767 | 3.666 | 509.285 | 1.491.163 |
| MFS Global Equity | 0 | 0 | 417.592 | 417.592 | 328.810 |
| iShares MSCI World UCITS ETF | 0 | 0 | 273.821 | 273.821 | 254.201 |
| State Street Enhanced Fund - Europe | 161.988 | 83.492 | 1.749 | 247.229 | 744.978 |
| State Street Enhanced Fund - Pacific | 77.145 | 36.944 | 684 | 114.772 | 366.063 |
| ACM Thematic | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.025.737 |
| | 32.255.332 | 49.421.263 | 1.949.683 | 83.626.278 | 73.306.417 |

| Hlutdeildarskírteini í framtaks- og fasteignasjóðum: | A-deild | B-deild | Séreign | 2013 samtals | 2012 samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Schroder Private Equity III | 1.133.070 | 2.008.941 | 52.135 | 3.194.146 | 3.124.548 |
| Morgan Stanley Private Equity III | 654.290 | 1.160.090 | 30.105 | 1.844.484 | 2.316.171 |
| Landsbanki Private Equity II | 1.068.860 | 493.320 | 24.666 | 1.586.846 | 1.458.022 |
| Schroder Private Equity IV | 611.554 | 765.249 | 16.615 | 1.393.417 | 1.345.673 |
| Morgan Stanley Emerging Private Markets | 626.922 | 680.637 | 17.526 | 1.325.085 | 1.375.451 |
| Schroder Private Equity II | 380.405 | 713.258 | 0 | 1.093.663 | 1.237.044 |
| Partners Group Private Equity | 344.672 | 611.137 | 15.859 | 971.668 | 1.159.820 |
| Morgan Stanley Private Markets IV | 483.972 | 453.092 | 20.826 | 957.889 | 1.002.979 |
| BlackRock Diversified Private Equity III | 401.554 | 492.406 | 10.555 | 904.515 | 1.296.236 |
| LGT Crown European Private Equity Fund | 388.744 | 443.347 | 9.047 | 841.139 | 962.120 |
| Alþjóða framtakssjóðurinn II | 340.307 | 467.922 | 0 | 808.228 | 976.621 |
| SVG Diamond Private Equity III | 362.073 | 412.595 | 8.420 | 783.088 | 669.415 |
| Alþjóða fasteignasjóðurinn | 326.193 | 347.214 | 14.185 | 687.593 | 759.109 |
| BlackRock Private Opportunity Fund II | 311.911 | 355.433 | 7.290 | 674.634 | 992.414 |
| SVG Asia Fund of Funds | 419.293 | 193.520 | 9.676 | 622.489 | 466.119 |
| Templeton Real Estate Fund | 197.386 | 379.777 | 9.564 | 586.728 | 722.491 |
| Morgan Stanley Private Equity II | 218.011 | 365.850 | 0 | 583.862 | 772.269 |
| Morgan Stanley Global Sec.Op.F | 419.620 | 0 | 0 | 419.620 | 0 |
| Vintage V Europe LP | 360.443 | 0 | 0 | 360.443 | 417.779 |
| Brú II Venture Capital Fund | 114.413 | 204.192 | 0 | 318.605 | 524.507 |
| DLJ Merchant Banking Partners | 100.978 | 181.652 | 4.705 | 287.334 | 367.619 |
| Alþjóða framtakssjóðurinn | 42.587 | 149.054 | 0 | 191.641 | 101.388 |
| Private Opportunity Ventures | 3.582 | 7.163 | 0 | 10.745 | 15.076 |
| Uppspretta Icelandic Cap. Ventures | 0 | 0 | 583 | 583 | 583 |
| | 9.310.837 | 10.885.851 | 251.756 | 20.448.444 | 22.063.455 |
| | | | | | |
| Erlend verðbréf með breytilegum tekjum alls | 57.664.515 | 85.481.168 | 2.382.040 | 145.527.723 | 133.520.115 |

Í sérgreindu hlutabréfasöfnunum eru eingöngu hlutabréf í markaðsskráðum stórum erlendum hlutafélögum og er eignarhluti sjóðsins í hverju félagi fyrir sig óverulegur.

Lífeyrissjóðurinn hefur skuldbundið sig til fjárfestinga í framtakssjóðum, fasteignasjóðum og samlagshlutafélögum fyrir samtals 38,6 milljarða kr. sem skiptast þannig að 28,5 milljarðar kr. eru vegna erlendra sjóða, 5,2 milljarðar kr. vegna samlagshlutafélaga og 4,9 milljarðar kr. vegna annarra innlendra sjóða. Samtals hefur verið fjárfest í þessum sjóðum fyrir 28,4 milljarða kr. Sjóðurinn á því eftir að fjárfesta fyrir 10,2 milljarða kr. og kemur þessi fjárhæð til greiðslu á næstu árum.

**Innlend verðbréf:**

| Skráð innlend hlutabréf: | A-deild | B-deild | Séreign | 2013 samtals | Eignarhl. | 2012 samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Icelandair Group hf. | 6.743.100 | 3.112.200 | 140.049 | 9.995.349 | 11,0% | 5.134.123 |
| Hagar hf. | 4.427.520 | 2.096.640 | 94.349 | 6.618.509 | 14,2% | 3.739.200 |
| Eimskipafélag Íslands hf. | 3.831.662 | 1.807.800 | 81.351 | 5.720.813 | 10,9% | 195.034 |
| Össur hf. | 3.097.392 | 1.669.525 | 81.511 | 4.848.428 | 4,7% | 3.608.741 |
| Marel hf. | 2.852.850 | 1.316.700 | 59.252 | 4.228.802 | 4,3% | 4.568.180 |
| Vátryggingafélag Íslands hf. | 1.554.300 | 799.539 | 35.979 | 2.389.818 | 8,8% | 0 |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 1.402.188 | 721.125 | 32.451 | 2.155.763 | 8,8% | 522.500 |
| Fjarskipti hf. | 761.638 | 351.525 | 15.819 | 1.128.981 | 12,2% | 467.240 |
| Reginn hf. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,0% | 297.000 |
| | 24.670.649 | 11.875.054 | 540.760 | 37.086.463 | | 18.532.018 |

**Innlend verðbréf:**

| Óskráð innlend hlutabréf: | A-deild | B-deild | Séreign | 2013 samtals | Eignarhl. | 2012 samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skipti hf. | 1.386.443 | 1.606.553 | 0 | 2.992.996 | 10,9% | 0 |
| Jarðvarmi slhf. | 1.177.633 | 0 | 0 | 1.177.633 | 8,3% | 1.177.633 |
| SF I slhf. | 530.995 | 309.747 | 0 | 840.742 | 9,7% | 840.742 |
| EIK fasteignafélag hf. | 152.392 | 547.607 | 0 | 699.999 | 13,6% | 615.360 |
| Frumtak slhf. | 165.029 | 91.316 | 6.876 | 263.222 | 9,2% | 245.257 |
| FAST-1 slhf. | 154.792 | 90.295 | 0 | 245.087 | 18,9% | 0 |
| Foss Fasteignafélag slhf. | 218.461 | 0 | 0 | 218.461 | 20,0% | 0 |
| Atorka Group hf. | 44.480 | 110.176 | 0 | 154.657 | 6,7% | 154.657 |
| SF III slhf. | 84.361 | 49.211 | 0 | 133.572 | 13,9% | 348.026 |
| FÍ Fasteignafélag slhf. | 64.278 | 37.495 | 0 | 101.773 | 11,3% | 0 |
| Advania hf. | 13.375 | 48.706 | 0 | 62.081 | 2,7% | 62.081 |
| Stoðir hf. | 33.221 | 28.037 | 0 | 61.258 | 0,5% | 61.258 |
| Icelandic Tourism Fund I slhf. | 24.272 | 0 | 0 | 24.272 | 9,7% | 0 |
| Egla hf. | 4.032 | 5.645 | 0 | 9.677 | 10,6% | 9.677 |
| Akur fjárfestingar slhf. | 386 | 178 | 0 | 564 | 13,1% | 0 |
| Framtakssjóður Íslands GP hf. | 533 | 0 | 0 | 533 | 7,4% | 533 |
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. | 206 | 306 | 0 | 512 | 6,8% | 512 |
| Jarðvarmi GP hf. | 380 | 0 | 0 | 380 | 9,5% | 380 |
| SF I GP ehf. | 23 | 14 | 0 | 37 | 7,9% | 37 |
| | 4.055.293 | 2.925.286 | 6.876 | 6.987.455 | | 3.516.154 |
| **Hlutdeildarskírteini í fagfjárfestasjóðum:** | | | | | | |
| Framtakssjóður Íslands slhf. | 3.702.104 | 0 | 0 | 3.702.104 | 7,4% | 3.465.066 |
| Auður I, fagfjárfestasjóður slf. | 60.218 | 108.827 | 4.534 | 173.579 | 4,5% | 138.078 |
| Stefnir, Íslenski Athafnasjóðurinn I | 93.719 | 54.669 | 0 | 148.388 | 11,3% | 160.379 |
| | 3.856.041 | 163.497 | 4.534 | 4.024.072 | | 3.763.523 |
| **Hlutdeildarskírteini í skuldabréfasjóðum:** | | | | | | |
| Virðing, veðskuldabréfasjóður | 759.998 | 1.373.490 | 57.229 | 2.190.717 | | 2.029.330 |
| GAMMA: Iceland Goverment Bond Fund | 594.958 | 0 | 909.273 | 1.504.232 | | 1.172.340 |
| Íslandssjóðir, Sjóður 5 - íslensk ríkisverðbréf | 0 | 0 | 636.190 | 636.190 | | 618.576 |
| Gamma Credit Fund | 502.979 | 0 | 0 | 502.979 | | 0 |
| Júpíter, Ríkisskuldabréfasjóður | 0 | 0 | 346.290 | 346.290 | | 623.510 |
| Landsvaki, Markaðsbréf | 0 | 0 | 260.977 | 260.977 | | 246.017 |
| Íslensk verðbréf, Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa | 0 | 0 | 234.810 | 234.811 | | 228.188 |
| Stefnir, Ríkisverðbréfasjóður langur | 0 | 0 | 162.265 | 162.265 | | 159.728 |
| Stefnir, Ríkisverðbréfasjóður millilangur | 0 | 0 | 123.081 | 123.081 | | 119.947 |
| Íslandssjóðir, Sjóður 1 - blandaður skuldabréfasjóður | 0 | 0 | 22.439 | 22.439 | | 17.913 |
| Stefnir, Hávaxtasjóður | 0 | | 5.405 | 5.405 | | 4.315 |
| Landsvaki, Fyrirtækjabréf | 0 | 0 | 1.133 | 1.133 | | 7.518 |
| | 1.857.935 | 1.373.490 | 2.759.093 | 5.990.518 | | 5.227.382 |
| Innlend verðbréf með breytilegum tekjum alls | 34.439.917 | 16.337.327 | 3.311.264 | 54.088.508 | | 31.039.076 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum alls | 92.104.432 | 101.818.495 | 5.693.304 | 199.616.231 | | 164.559.191 |

Þau hlutabréf sem skráð eru á opinberum markaði eru metin á markaðsverði í árslok 2013.

## 15. Verðbréf með föstum tekjum og veðlán

Verðbréf með föstum tekjum og veðlán greinast þannig:

| | A-deild | B-deild | Séreign | 2013 samtals | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Ríkistryggð bréf | 100.504.839 | 68.503.630 | 207.680 | 169.216.149 | 64,4% |
| Veðskuldabréf | 28.510.657 | 32.191.363 | 0 | 60.702.020 | 23,1% |
| Sveitarfélög | 12.279.169 | 10.420.161 | 151.554 | 22.850.883 | 8,7% |
| Lánastofnanir | 1.154.773 | 919.070 | 0 | 2.073.843 | 0,8% |
| Fyrirtæki | 5.373.025 | 2.603.346 | 0 | 7.976.372 | 3,0% |
| | 147.822.464 | 114.637.570 | 359.233 | 262.819.267 | 100,0% |

| | A-deild | B-deild | Séreign | 2012 samtals | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Ríkistryggð bréf | 90.552.077 | 71.616.750 | 203.504 | 162.372.331 | 62,8% |
| Veðskuldabréf | 26.502.031 | 33.096.589 | 0 | 59.598.620 | 23,1% |
| Sveitarfélög | 9.052.193 | 8.605.001 | 138.768 | 17.795.962 | 6,9% |
| Lánastofnanir | 5.969.272 | 5.918.451 | 18.187 | 11.905.909 | 4,6% |
| Fyrirtæki | 3.554.290 | 3.214.223 | 0 | 6.768.513 | 2,6% |
| | 135.629.862 | 122.451.014 | 360.459 | 258.441.335 | 100,0% |

Ofangreindar fjárhæðir eru að teknu tilliti til afskrifaðra og niðurfærðra verðbréfa. Af þingskráðum skuldabréfum, þar sem kaupverð lá fyrir í Kauphöll Íslands þann 31. desember 2013, nam markaðsvirðið 197,1 milljarði kr. Veðskuldabréf í árslok 2013 eru lán til sjóðfélaga að frátöldum öðrum veðskuldabréfum að fjárhæð 459 milljónir kr.

Sundurliðun verðbréfa með föstum tekjum og veðlána eftir formi verðtryggingar:

| | A-deild | B-deild | Séreign | 2013 samtals |
|---|---|---|---|---|
| Verðtryggt, vísitala neysluverðs | 99.609.810 | 106.289.303 | 359.233 | 206.258.346 |
| Óverðtryggt | 46.487.953 | 7.750.674 | 0 | 54.238.626 |
| Gengistryggt | 1.724.701 | 597.594 | 0 | 2.322.295 |
| | 147.822.464 | 114.637.570 | 359.233 | 262.819.267 |

| | A-deild | B-deild | Séreign | 2012 samtals |
|---|---|---|---|---|
| Verðtryggt, vísitala neysluverðs | 89.286.765 | 111.205.561 | 342.272 | 200.834.598 |
| Óverðtryggt | 43.885.677 | 9.802.979 | 0 | 53.688.655 |
| Gengistryggt | 1.890.827 | 675.772 | 0 | 2.566.599 |
| Tengt erlendum vísitölum | 566.594 | 766.702 | 18.187 | 1.351.483 |
| | 135.629.862 | 122.451.014 | 360.459 | 258.441.335 |

Sundurliðun erlendra eigna eftir myntum:

| | A-deild | B-deild | Séreign | 2013 samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bandaríkjadollar | 87,7% | 89,0% | 89,6% | 88,5% |
| Evra | 12,2% | 11,0% | 10,4% | 11,4% |
| Japanskt jen | 0,1% | 0,0% | 0,0% | 0,1% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

| | A-deild | B-deild | Séreign | 2012 samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bandaríkjadollar | 87,6% | 89,5% | 91,0% | 89,4% |
| Evra | 12,1% | 10,3% | 8,9% | 10,4% |
| Japanskt jen | 0,3% | 0,2% | 0,1% | 0,2% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Sundurliðun erlendra hlutdeildarskírteina og sérgreindra safna eftir heimshlutum:

| | A-deild | B-deild | Séreign | 2013 samtals | MSCI World Index |
|---|---|---|---|---|---|
| Norður-Ameríka | 54,1% | 54,3% | 52,5% | 54,2% | 58,6% |
| Evrópa | 30,4% | 30,6% | 30,4% | 30,5% | 27,7% |
| Kyrrahafslönd | 9,2% | 9,0% | 10,4% | 9,1% | 13,7% |
| Þróunarmarkaðir | 6,3% | 6,1% | 6,7% | 6,2% | 0,0% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

| | A-deild | B-deild | Séreign | 2012 samtals | MSCI World Index |
|---|---|---|---|---|---|
| Norður-Ameríka | 56,8% | 57,2% | 55,3% | 57,1% | 57,4% |
| Evrópa | 26,2% | 26,3% | 26,1% | 26,2% | 27,9% |
| Kyrrahafslönd | 9,9% | 9,7% | 11,1% | 9,8% | 14,7% |
| Þróunarmarkaðir | 7,1% | 6,8% | 7,5% | 6,9% | 0,0% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

# Kröfur

## 16. Kröfur á launagreiðendur

| Kröfur á launagreiðendur skiptast þannig: | 2013 samtals | 2012 samtals |
|---|---|---|
| Áætluð óinnheimt iðgjöld í árslok | 1.281.210 | 1.217.513 |
| Ógreidd skuldbinding vegna uppgjörsfyrirtækja (sbr. skýringarlið 8) | 368.319 | 362.832 |
| Kröfur vegna lífeyrishækkana | 172.074 | 333.855 |
| Fyrirframgreiddur lífeyrir | 179.389 | 176.533 |
| Vangreidd iðgjöld | 93.011 | 95.230 |
| | 2.094.003 | 2.185.962 |

# Viðskiptaskuldir

## 17. Aðrar skuldir

| Aðrar skuldir skiptast þannig: | 2013 samtals | 2012 samtals |
|---|---|---|
| Staðgreiðsla skatta af lífeyrisgreiðslum í desember | 1.053.461 | 947.171 |
| Ógreiddur skattur til ríkissjóðs | 0 | 23.383 |
| Aðrar skuldir | 61.662 | 58.424 |
| | 1.115.123 | 1.028.979 |

# Launakostnaður og fjöldi starfsmanna

## 18. Launakostnaður og fjöldi starfsmanna

Hlutdeild sjóðsins í heildarlaunakostnaði LSR og LH nam 407,5 milljónum kr. árið 2013. Hann skiptist þannig að heildarlaun voru 332,4 milljónir kr. og launatengd gjöld 75,1 milljón kr. Stöðugildi hjá LSR og LH voru 44,3 á árinu 2013 og hlutdeild sjóðsins metin 40,9 stöðugildi.

## 19. Laun til stjórnar, endurskoðunarnefndar, framkvæmdastjóra og endurskoðenda árið 2013

| Stjórnar- og nefndarstörf: | |
|---|---|
| Árni Stefán Jónsson (formaður stjórnar 2013) | 2.686 |
| Guðlaug Kristjánsdóttir (stjórnarmaður) | 1.343 |
| Guðrún Ágústsdóttir (stjórnarmaður) | 1.343 |
| Gunnar Björnsson (stjórnarmaður) | 1.343 |
| Maríanna Jónasdóttir (varaformaður) | 2.014 |
| Viðar Helgason (stjórnarmaður) | 1.343 |
| Þórður Á. Hjaltested (stjórnarmaður) | 1.343 |
| Þórveig K. Þormóðsdóttir (stjórnarmaður) | 1.343 |
| Guðrún Þorleifsdóttir (varamaður í stjórn) | 28 |
| Stefanía S. Bjarnadóttir (varamaður í stjórn) | 56 |
| Sverrir Jónsson (varamaður í stjórn) | 113 |
| | 12.955 |

| Endurskoðunarnefnd: | |
|---|---|
| Hallgrímur Snorrason, formaður endurskoðunarnefndar | 700 |
| Maríanna Jónasdóttir | 350 |
| Trausti Hermannsson | 350 |
| | 1.400 |

| | |
|---|---|
| Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR og LH | 21.063 |

Hlutdeild LSR í launakostnaði framkvæmdastjóra nam 19.467 þúsund kr. og 1.294 þúsund kr. í þóknun til endurskoðunarnefndar.

Þóknun vegna innri endurskoðunar hjá LSR og LH nam 5.734 þúsund kr. á árinu 2013, þar af var hlutdeild LSR 5.299 þúsund kr.

Ríkisendurskoðun sér um fjárhagsendurskoðun sjóðsins sbr. 9. gr. laga nr. 1/1997 án sérstakrar þóknunar. Á árinu 2013 voru unnir samtals 758 tímar vegna fjárhagsendurskoðunar hjá LSR og LH, sem samsvarar reiknuðum kostnaði að fjárhæð 9,7 milljónir kr. og er sá kostnaður borinn uppi af fjárveitingu til Ríkisendurskoðunar á fjárlögum.

# Tryggingafræðileg úttekt

## 20. Tryggingafræðileg úttekt

### A-deild LSR

Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu A-deildar miðað við árslok 2013. Í úttektinni er miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir deildarinnar umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar eru þessar:

| Eignir: | Áfallin skuldbinding | Framtíðar-skuldbinding | Heildar-skuldbinding |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 256.743.530 | 0 | 256.743.530 |
| Endurmat verðbréfa | 9.458.440 | 0 | 9.458.440 |
| Fjárfestingargjöld | (4.810.606) | 0 | (4.810.606) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 214.251.296 | 214.251.296 |
| Eignir samtals | 261.391.364 | 214.251.296 | 475.642.659 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Ellilífeyrir | 238.226.589 | 237.405.627 | 475.632.216 |
| Örorkulífeyrir | 19.416.266 | 21.322.267 | 40.738.533 |
| Makalífeyrir | 8.139.041 | 8.850.747 | 16.989.788 |
| Barnalífeyrir | 397.942 | 2.326.788 | 2.724.730 |
| Rekstrarkostnaður | 959.207 | 1.744.710 | 2.703.917 |
| Skuldbindingar samtals | 267.139.045 | 271.650.139 | 538.789.184 |
| Eignir umfram skuldbindingar | (5.747.682) | (57.398.843) | (63.146.525) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | -2,2% | -21,1% | -11,7% |

| | 2013 | 2012 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 256.743.530 | 218.446.796 | 17,5% |
| Endurmat á verðbréfaeign | 4.647.834 | 5.453.953 | -14,8% |
| Áfallin skuldbinding | 267.139.045 | 231.493.594 | 15,4% |
| Áfallin staða | -2,2% | -3,3% | 1,1% |
| Framtíðarskuldbinding | 271.650.139 | 256.957.447 | 5,7% |
| Framtíðarstaða | -21,1% | -20,7% | -0,4% |
| Heildarskuldbinding | 538.789.184 | 488.451.042 | 10,3% |
| Heildarstaða | -11,7% | -12,5% | 0,8% |

B-deild LSR

Stjórn LSR fól Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu B-deildar miðað við árslok 2013. Útreikningarnir miða við að launahækkanir séu 1,5% umfram vísitölu neysluverðs og að ávöxtun eigna verði 2% umfram launahækkanir.

Helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar eru þessar:

| Eignir: | Áfallin skuldbinding | Framtíðar-skuldbinding | Heildar-skuldbinding |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 217.024.224 | 0 | 217.024.224 |
| Endurmat verðbréfa | 7.943.190 | 0 | 7.943.190 |
| Fjárfestingargjöld | (4.828.925) | 0 | (4.828.925) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 16.318.202 | 16.318.202 |
| Eignir samtals | 220.138.488 | 16.318.202 | 236.456.690 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Ellilífeyrir | 466.252.379 | 34.701.205 | 500.953.583 |
| Örorkulífeyrir | 7.235.686 | 736.158 | 7.971.844 |
| Makalífeyrir | 121.505.776 | 4.227.283 | 125.733.059 |
| Barnalífeyrir | 57.959 | 0 | 57.959 |
| Rekstrarkostnaður | 4.462.888 | 1.871.418 | 6.334.307 |
| Skuldbindingar samtals | 599.514.688 | 41.536.064 | 641.050.752 |
| Eignir umfram skuldbindingar | (379.376.200) | (25.217.862) | (404.594.062) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | -63,3% | -60,7% | -63,1% |

| | 2013 | 2012 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris | 220.138.488 | 211.154.692 | 4,3% |
| Áfallin skuldbinding | 599.514.688 | 573.024.242 | 4,6% |
| Heildarskuldbinding | 641.050.752 | 618.026.107 | 3,7% |

Lífeyrisréttindi í sjóðnum eru reiknuð sem hlutfall af dagvinnulaunum sjóðfélaga og þegar launin hækka þá hækkar skuldbinding sjóðsins í sama hlutfalli og launin. Við útreikning skuldbindinga er miðað við dagvinnulaun í lok ársins.

## 21. Bakábyrgð ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum B-deildar

Utan efnahagsreiknings B-deildar er getið um skuldbindingar launagreiðenda vegna lífeyrishækkana samkvæmt 1. mgr. 33. gr. laga um LSR nr. 1/1997. Eftirstæðar skuldbindingar umfram eignir sjóðsins og kröfu á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna lífeyrishækkana eru á ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 32. gr. sömu laga.

| | 2013 | 2012 | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 217.024.224 | 208.003.894 | 4,3% |
| Endurmat á verðbréfaeign | 3.114.265 | 3.150.797 | -1,2% |
| Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna lífeyrishækkana | 255.252.622 | 243.684.084 | 4,7% |
| Áfallin skuldbinding skv. tryggingafræðilegri úttekt | (599.514.688) | (573.024.242) | 4,6% |
| Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar | (124.123.577) | (118.185.467) | 5,0% |

## 22. Ábyrgð launagreiðenda á lífeyrisskuldbindingum A-deildar

A-deild stendur sjálf undir skuldbindingum sínum. Mótframlag launagreiðenda hefur frá stofnun deildarinnar verið 11,5% en það er hins vegar breytilegt skv. lögum um A-deild og er það endurskoðað árlega. Munur milli eignaliða og lífeyris-skuldbindinga A-deildar hefur nú verið meiri en 10% sex ár í röð. Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997, sbr. ákvæði til bráðabirgða nr. VI, skal stjórn gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rétta af fjárhag hennar fyrir 1. október 2014. Stjórn LSR hefur tekið til skoðunar mögulegar leiðir til að bregðast við neikvæðri tryggingafræðilegri stöðu A-deildar.



## 23. Uppgjör launagreiðenda á skuldbindingum

Eftirtaldir launagreiðendur hafa gert upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar gagnvart B-deild:

| Skuldbinding B-deildar vegna uppgerðra réttinda í lok árs: | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins | 2.968.218 | 2.905.210 |
| Byggðastofnun | 1.293.792 | 1.241.140 |
| Framkvæmdasjóður Íslands | 747.754 | 744.470 |
| Hitaveita Suðurnesja hf. (skuldbindingar eftir 31.03.2001) | 423.850 | 393.168 |
| Isavia ohf. (ásamt Flugmálastjórn Íslands, Flugstoðum ohf. og fleiri) | 15.268.443 | 14.411.659 |
| Íbúðalánasjóður (ásamt Byggingasjóði og Húsnæðisstofnun ríkisins) | 1.546.927 | 1.460.340 |
| Íslandspóstur hf. | 4.992.272 | 4.578.279 |
| Íslandssíld hf. (Síldarútvegsnefnd) | 499.593 | 499.628 |
| Íslensk endurtrygging | 256.375 | 249.839 |
| Íslenskar orkurannsóknir | 454.059 | 378.263 |
| Landsnet hf. | 267.174 | 242.400 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 330.750 | 317.586 |
| Orkubú Vestfjarða hf. (skuldbindingar eftir 30.06.2001) | 273.361 | 236.871 |
| Rafmagnsveitur ríkisins | 4.757.825 | 4.618.010 |
| Matís ohf. (Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins) | 1.425.310 | 1.358.150 |
| Ríkissjóður vegna lögreglumanna | 874.271 | 640.303 |
| Ríkisútvarpið ohf. | 8.665.305 | 8.365.463 |
| Samábyrgðin hf. | 596.058 | 603.916 |
| Sementsverksmiðjan hf. | 1.025.034 | 1.019.686 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 3.124.662 | 2.992.807 |
| Síminn hf. (ásamt Pósti og síma hf.) | 36.894.358 | 36.169.000 |
| Skýrr hf. | 1.013.317 | 964.370 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. | 113.412 | 105.577 |
| Þjóðhagsstofnun | 1.170.451 | 1.134.836 |
| Landsvirkjun Power ehf. | 26.871 | 25.106 |
| | 89.009.444 | 85.656.077 |



Þeir launagreiðendur sem hafa gert upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar gagnvart B-deild bera ekki frekari skuldbindingu vegna þeirra réttinda sem uppgjörið tekur til. Skuldbinding sem gerð er upp með þessum hætti er byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Innheimta lífeyrishækkana gagnvart viðkomandi launagreiðanda fellur niður frá og með uppgjörsdegi. Skuldbindingu B-deildar vegna uppgerðra réttinda má sjá í töflu hér að framan.

Forsendur við uppgjör lífeyrisskuldbindinga eru þær sömu og við tryggingafræðilega úttekt á stöðu B-deildar. Um langtímaforsendur er að ræða þannig að ef litið er til skamms tíma getur þróunin orðið önnur.

Stofnanir og fyrirtæki sem áður hafa gert upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild hafa flestar haldið áfram að greiða iðgjöld til B-deildar vegna þeirra starfsmanna sem voru í starfi þegar upphaflegt uppgjör á skuldbindingum fór fram. Í þeim tilfellum heldur áfram að myndast skuldbinding og er hún gerð upp árlega samkvæmt samkomulagi við þá launagreiðendur. Frá uppgjöri á skuldbindingu undangengins árs eru dregin iðgjöld sem greidd voru vegna ársins auk viðbótariðgjalda. Þá er launagreiðendum einnig heimilt að gera upp skuldbindingu sína frá ákveðnum tímapunkti og síðan árlega eftir það.

# Kennitölur LSR

| | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 10,47% | 14,18% | 7,19% | 4,92% | 11,83% |
| Raunávöxtun | 6,57% | 9,24% | 1,86% | 2,25% | 2,95% |
| Hrein raunávöxtun | 6,49% | 9,15% | 1,79% | 2,19% | 2,87% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 4,46% | -2,70% | -4,55% | -2,90% | -0,74% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 2,45% | 2,84% | 1,80% | 1,62% | 1,55% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 37,3% | 32,9% | 29,2% | 32,2% | 38,0% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 39,8% | 43,2% | 43,8% | 42,4% | 36,2% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 5,4% | 5,6% | 5,2% | 4,1% | 3,3% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 3,4% | 3,3% | 5,1% | 4,0% | 4,2% |
| Veðlán | 13,0% | 13,9% | 15,7% | 16,4% | 17,6% |
| Annað | 1,0% | 1,0% | 1,1% | 1,0% | 0,8% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 68,8% | 68,7% | 70,5% | 66,0% | 60,2% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 31,2% | 31,3% | 29,5% | 34,0% | 39,8% |
| **Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum | 0,08% | 0,08% | 0,07% | 0,06% | 0,09% |
| Fjárfestingargjöld | 0,09% | 0,09% | 0,09% | 0,08% | 0,09% |
| **Fjöldatalningar** | | | | | |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 29.491 | 27.000 | 27.527 | 27.921 | 28.417 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 15.882 | 14.974 | 14.162 | 13.436 | 12.719 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 76,8% | 75,6% | 74,4% | 74,3% | 74,5% |
| Örorkulífeyrir | 6,5% | 6,5% | 6,3% | 6,4% | 6,1% |
| Makalífeyrir | 15,7% | 16,1% | 16,8% | 17,4% | 17,5% |
| Barnalífeyrir | 0,3% | 0,4% | 0,4% | 0,4% | 0,4% |
| Aðrar útgreiðslur | 0,6% | 1,4% | 2,0% | 1,4% | 1,5% |

# Kennitölur A-deildar

| | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 10,08% | 13,09% | 6,67% | 4,98% | 11,39% |
| Raunávöxtun | 6,19% | 8,20% | 1,37% | 2,31% | 2,54% |
| Hrein raunávöxtun | 6,15% | 8,14% | 1,25% | 2,27% | 2,48% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 4,02% | -2,71% | -4,46% | -2,71% | -0,58% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 2,34% | 2,80% | 1,64% | 1,22% | 0,80% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 32,3% | 28,1% | 24,9% | 26,7% | 33,9% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 47,7% | 51,4% | 51,1% | 51,1% | 42,9% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 6,1% | 6,3% | 6,0% | 4,5% | 3,6% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 2,0% | 1,4% | 2,8% | 1,5% | 1,6% |
| Veðlán | 11,9% | 12,8% | 15,2% | 16,2% | 18,0% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 75,9% | 74,6% | 74,5% | 70,9% | 63,0% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 24,1% | 25,4% | 25,5% | 29,1% | 37,0% |
| **Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum | 0,04% | 0,05% | 0,04% | 0,03% | 0,04% |
| Fjárfestingargjöld | 0,09% | 0,08% | 0,09% | 0,08% | 0,08% |
| **Fjöldatalningar** | | | | | |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 23.066 | 22.685 | 22.730 | 22.703 | 22.773 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 3.168 | 2.681 | 2.243 | 1.876 | 1.505 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 49,5% | 45,1% | 38,0% | 33,9% | 29,2% |
| Örorkulífeyrir | 43,3% | 46,3% | 52,0% | 54,9% | 59,4% |
| Makalífeyrir | 3,7% | 4,4% | 4,7% | 5,1% | 4,2% |
| Barnalífeyrir | 3,4% | 4,2% | 5,3% | 6,1% | 7,1% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -11,7% | -12,5% | -13,1% | -12,0% | -13,2% |
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -2,2% | -3,3% | -5,2% | -2,5% | -4,7% |

# Kennitölur B-deildar

| | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 11,05% | 15,49% | 7,65% | 4,64% | 12,00% |
| Raunávöxtun | 7,13% | 10,49% | 2,30% | 1,98% | 3,10% |
| Hrein raunávöxtun | 7,00% | 10,36% | 2,12% | 1,90% | 3,00% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 4,82% | -2,67% | -4,69% | -3,09% | -0,83% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 2,56% | 2,89% | 1,81% | 1,66% | 1,70% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 42,2% | 36,9% | 32,0% | 36,4% | 40,0% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 33,0% | 37,0% | 39,5% | 36,6% | 32,9% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 4,8% | 5,0% | 4,6% | 3,9% | 3,1% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 5,1% | 5,4% | 7,2% | 6,0% | 6,0% |
| Veðlán | 14,9% | 15,7% | 16,7% | 17,1% | 18,0% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 60,4% | 62,5% | 66,7% | 61,8% | 57,9% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 39,6% | 37,5% | 33,3% | 38,2% | 42,1% |
| **Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum | 0,12% | 0,11% | 0,10% | 0,08% | 0,10% |
| Fjárfestingargjöld | 0,10% | 0,09% | 0,09% | 0,09% | 0,09% |
| **Fjöldatalningar** | | | | | |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 3.856 | 4.315 | 4.796 | 5.218 | 5.644 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 12.545 | 12.077 | 11.657 | 11.257 | 10.851 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 79,8% | 79,1% | 78,3% | 77,8% | 77,3% |
| Örorkulífeyrir | 3,0% | 3,3% | 3,5% | 3,5% | 3,7% |
| Makalífeyrir | 17,1% | 17,6% | 18,2% | 18,6% | 18,9% |
| Barnalífeyrir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,1% | 0,1% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -63,1% | -62,9% | -63,0% | -62,1% | -62,0% |
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -63,3% | -63,2% | -63,4% | -62,5% | -62,4% |

# Kennitölur Séreignar LSR

## Leið I

| | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 9,66% | 11,85% | 6,74% | 12,88% | 18,62% |
| Raunávöxtun | 5,79% | 7,00% | 1,44% | 10,01% | 9,20% |
| Hrein raunávöxtun | 5,74% | 6,95% | 1,38% | 9,96% | 9,12% |
| Meðaltal nafnávöxtunar síðustu 5 ára | 11,88% | 6,11% | 4,64% | 6,73% | 6,84% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 6,59% | -1,23% | -2,85% | -1,24% | -1,44% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 2,63% | 3,30% | 1,50% | 1,12% | -1,14% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 90,9% | 89,2% | 88,9% | 54,9% | 86,5% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 4,6% | 4,5% | 4,6% | 40,9% | 9,6% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 3,8% | 4,8% | 4,7% | 4,1% | 3,4% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 0,7% | 1,5% | 1,9% | 0,2% | 0,4% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 62,8% | 62,5% | 64,7% | 61,1% | 49,8% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 37,2% | 37,5% | 35,3% | 38,9% | 50,2% |
| **Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður | 0,05% | 0,05% | 0,06% | 0,05% | 0,07% |
| Fjárfestingargjöld | 0,05% | 0,04% | 0,04% | 0,05% | 0,05% |
| **Fjöldatalningar** | | | | | |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 1.147 | 1.209 | 1.293 | 1.391 | 1.611 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 57 | 80 | 119 | 155 | 179 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 25,7% | 22,9% | 11,2% | 20,9% | 42,4% |
| Örorkulífeyrir | 0,1% | 0,2% | 0,5% | 0,3% | 0,3% |
| Makalífeyrir | 0,3% | 0,3% | 0,3% | 0,7% | 4,1% |
| Barnalífeyrir | 2,1% | 0,1% | 0,7% | 0,5% | 1,6% |
| Aðrar útgreiðslur | 71,9% | 76,4% | 87,3% | 77,6% | 51,5% |

## Leið II

| | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 8,71% | 12,56% | 7,83% | 14,19% | 14,32% |
| Raunávöxtun | 4,87% | 7,69% | 2,47% | 11,28% | 5,23% |
| Hrein raunávöxtun | 4,82% | 7,63% | 2,42% | 11,23% | 5,16% |
| Meðaltal nafnávöxtunar síðustu 5 ára | 11,49% | 8,65% | 7,39% | 8,26% | 7,26% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 6,21% | 1,14% | -0,30% | 0,17% | -1,06% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 2,78% | 3,18% | 3,24% | 3,33% | 2,38% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 86,1% | 85,0% | 82,7% | 55,6% | 81,5% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 8,0% | 7,3% | 10,8% | 40,6% | 15,3% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 4,4% | 5,0% | 4,7% | 3,5% | 2,5% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 1,4% | 2,7% | 1,8% | 0,3% | 0,7% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 68,0% | 69,8% | 70,8% | 70,7% | 67,0% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 32,0% | 30,2% | 29,2% | 29,3% | 33,0% |
| **Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður | 0,05% | 0,05% | 0,06% | 0,05% | 0,07% |
| Fjárfestingargjöld | 0,05% | 0,04% | 0,04% | 0,05% | 0,05% |
| **Fjöldatalningar** | | | | | |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 282 | 280 | 286 | 281 | 337 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 18 | 26 | 20 | 26 | 38 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 53,0% | 56,8% | 46,7% | 55,5% | 83,1% |
| Örorkulífeyrir | 0,3% | 0,2% | 0,5% | 0,3% | 0,2% |
| Makalífeyrir | 0,5% | 1,9% | 0,0% | 0,0% | 0,6% |
| Barnalífeyrir | 1,3% | 1,0% | 0,0% | 2,7% | 0,2% |
| Aðrar útgreiðslur | 44,9% | 40,1% | 52,8% | 41,5% | 15,9% |

## Leið III

| | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 5,80% | 6,73% | 8,05% | 6,23% | 14,28% |
| Raunávöxtun | 2,06% | 2,11% | 2,69% | 3,53% | 5,20% |
| Hrein raunávöxtun | 2,01% | 2,05% | 2,63% | 3,48% | 5,13% |
| Meðaltal nafnávöxtunar síðustu 5 ára | 8,17% | 11,98% | 13,21% | 13,97% | 14,43% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára | 3,05% | 4,24% | 5,11% | 5,46% | 5,56% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára | 4,35% | 4,85% | 5,32% | 5,62% | 5,89% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar** | | | | | |
| Bundinn innlánsreikningur | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Kostnaður sem hlutfall af hreinni eign** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður | 0,05% | 0,05% | 0,06% | 0,05% | 0,07% |
| Fjárfestingargjöld | 0,01% | 0,01% | 0,01% | 0,01% | 0,01% |
| **Fjöldatalningar** | | | | | |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 1.140 | 1.197 | 1.246 | 1.251 | 1.140 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 95 | 110 | 123 | 127 | 147 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 77,1% | 59,5% | 49,6% | 50,7% | 77,3% |
| Örorkulífeyrir | 0,0% | 0,0% | 0,1% | 0,0% | 0,0% |
| Makalífeyrir | 2,1% | 0,8% | 0,8% | 1,4% | 2,0% |
| Barnalífeyrir | 1,6% | 1,8% | 0,9% | 0,3% | 0,4% |
| Aðrar útgreiðslur | 19,2% | 37,8% | 48,7% | 47,5% | 20,3% |

Útreikningur á ávöxtun í Séreign LSR miðar við daglegt gengi á sjóðnum.

Leið II og Leið III voru stofnaðar 2002. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára fyrir árin 2009 og 2010 er því frá stofnun.





# Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

Ársreikningur 2013

# Skýrsla stjórnar

## Eignir og ávöxtun

Hrein eign LH til greiðslu lífeyris nam 26 milljörðum kr. í árslok 2013. Eignirnar jukust um 1,5 milljarða kr. á árinu eða sem nemur 6,2%.

Ávöxtun á árinu 2013 var góð en nafnávöxtun sjóðsins var 11,4%. Hrein raunávöxtun sjóðsins, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var 7,3% á árinu 2013 samanborið við 9,6% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er 4,5%, en 2,2% sé horft til síðustu 10 ára. Frá árinu 1991 er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 3,9% en í tryggingafræðilegri úttekt er miðað við 3,5% ávöxtun til langs tíma.

Á árinu 2013 var raunávöxtun innlendra skuldabréfa sjóðsins 5,2%, innlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina 27,7% og erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina 8,5% umreiknað í íslenskar krónur. Í árslok voru hlutabréf 41,8% af heildareign sjóðsins en voru 36,2% árið áður. Verðbréfaeign sjóðsins í árslok 2013 skiptist þannig að 58,3% voru í íslenskum krónum og 41,7% voru í erlendum gjaldmiðlum.

## Fjárfestingar

Á árinu 2013 var LH nettóseljandi verðbréfa fyrir 699,1 milljón kr. Fjárfestingar sjóðsins í innlendum hlutabréfum námu 450,2 milljónum kr. á árinu. LH var nettóseljandi innlendra skuldabréfa að fjárhæð 704,5 milljónir kr., erlendra hlutabréfa að fjárhæð 285,8 milljónir kr. ásamt því að endurgreiðslur úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu námu 159 milljónum kr. Uppgreiðslur sjóðfélagalána umfram útlán námu 81,9 milljónum kr.

## Gjaldmiðlavarnasamningar

Við frágang á ársuppgjöri 2012 var búið að semja um uppgjör allra gjaldmiðlavarnasamninga við skilanefndir Landsbanka Íslands, Glitnis og Kaupþings og var umsamin fjárhæð færð í ársreikning sjóðsins það ár. Á árinu 2013 var gengið frá fullnaðaruppgjöri við skilanefnd Kaupþings vegna gjaldmiðlavarnasamninga. Í árslok 2013 voru eftirstöðvar skuldar við skilanefnd Glitnis vegna gjaldmiðlavarnarsamninga 291 milljón kr. og kemur fjárhæðin til greiðslu á næstu árum. Óvissa er um greiðslu á hluta þessarar fjárhæðar vegna dómsmáls sem LH hefur höfðað vegna víkjandi skuldabréfs á Glitni. Verði málið úrskurðað sjóðnum í hag á hann skuldajafnanlega kröfu að fjárhæð 38 milljónir kr. á hendur skilanefnd Glitnis.

## Iðgjöld

Lögbundin iðgjöld ársins, ásamt réttindaflutningum og endurgreiðslum, námu 235 milljónum kr. og hækkuðu um 1% milli ára. Virkir sjóðfélagar voru 382 og fækkaði þeim um 10,4%. Alls greiddu 404 sjóðfélagar iðgjald til LH á árinu 2013 og fækkaði þeim um 12,6% milli ára. Í árslok áttu 3.002 sjóðfélagar skráð réttindi hjá sjóðnum.

## Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn í formi viðbótariðgjalda námu 92,3 milljónum kr. á árinu 2013 en voru 88,5 milljónir kr. árið áður. Innborganir annarra launagreiðenda í formi viðbótariðgjalda námu 16,2 milljónum kr. á árinu 2013 en voru 16,6 milljónir kr. árið áður. Innborganir ríkissjóðs eru vaxtareiknaðar til samræmis við ávöxtun lífeyrissjóðsins og mynda inneign sem er dregin frá skuldbindingum. Með aukagreiðslum til sjóðsins er ríkissjóður að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum til lengri tíma, en ríkissjóður er bakábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins ásamt öðrum launagreiðendum. Inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna nam 18.255 milljónum kr. í árslok 2013 og hækkaði hún um 1.937 milljónir kr. milli ára.

## Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur námu 2.472 milljónum kr. á árinu 2013 og hækkuðu um 12,1% milli ára. Alls fengu 944 einstaklingar greiddan lífeyri úr sjóðnum á árinu en lífeyrisþegum fjölgaði um 2,9% milli ára. Endurgreiðslur launagreiðenda á lífeyrisgreiðslum námu 939 milljónum kr. á árinu og hækkuðu um 14,2% milli ára.

### Rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld

LH er með þjónustusamning við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) sem annast rekstur sjóðsins. Hlutdeild í kostnaði miðast við umfang við rekstur sjóðsins að teknu tilliti til stærðarhagkvæmni.

Á árinu 2013 námu rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld 68,4 milljónum kr. en voru 61,9 milljónir kr. árið áður og hækkuðu um 10,5% milli ára. Aðrar tekjur námu 1,3 milljónum kr. á árinu 2013 og lækkuðu um 4,3% milli ára. Kostnaður að frátöldum öðrum tekjum var 0,27% af meðaleignum sjóðsins árið 2013. Þar af nam rekstrarkostnaður 0,14% af meðaleignum.

Hlutdeild í launakostnaði nam 33,4 milljónum kr. árið 2013 og skiptist þannig að heildarfjárhæð launa var 27,3 milljónir kr. og launatengd gjöld 6,1 milljón kr. Hlutdeild í stöðugildum var 3,4 á árinu 2013.

### Tryggingafræðileg úttekt og hrein eign til greiðslu lífeyris

Áfallin skuldbinding sjóðsins í árslok 2013 var 72,9 milljarðar kr. og hækkaði um 7,8% á árinu. Samkvæmt útreikningi tryggingafræðings eiga launagreiðendur að standa undir 36,4 milljörðum kr. af skuldbindingum sjóðsins með greiðslu lífeyrishækkana. Skuldbindingar sem sjóðurinn á sjálfur að standa undir eru því 36,5 milljarðar kr. Samkvæmt efnahagsreikningi var hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 26 milljarðar kr. og endurmetin hrein eign hans 26,2 milljarðar kr.

Eins og fram kom í umfjöllun hér að framan hefur ríkissjóður greitt aukalega inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn. Í árslok 2013 námu uppfærðar greiðslur ríkissjóðs 18,3 milljörðum kr. og inneign annarra launagreiðenda nam tæplega 1 milljarði kr.

Stjórn sjóðsins hefur látið gera úttekt á framtíðargreiðsluflæði sjóðsins og samkvæmt niðurstöðum hennar mun sjóðurinn tæmast á árinu 2027 ef ekki koma til frekari aukagreiðslur frá ríkissjóði.

### Lokaorð

Stærsta óvissuatriðið sem snýr að sjóðnum er fjármögnun á skuldbindingum hans til framtíðar en ljóst er að eignir hans munu verða uppurnar mörgum árum áður en skuldbindingar hafa verið greiddar að fullu. Nauðsynlegt er að ríkissjóður sem bakábyrgðaraðili setji fram áætlun um hvernig bregðast skuli við þeirri stöðu.

Flestum óvissuatriðum sem hafa verið í efnahagsreikningi sjóðsins frá hruni fjármálakerfisins á árinu 2008 hefur verið eytt. Samið hefur verið um uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga og búið er að ganga frá flestum kröfum sem sjóðurinn átti vegna markaðsskuldabréfa á fyrirtæki.

Ávöxtun á árinu 2013 var góð og vel gekk að ávaxta flesta eignaflokka. Það sem af er árinu 2014 hafa verið óverulegar hækkanir á innlendum og erlendum hlutabréfum. Árið hefur því farið hægar af stað en síðasta ár. Hins vegar stefnir í að framboð fjárfestingarkosta innanlands verði heldur meira en undangengin ár.

Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 9. apríl 2014.

Ragnheiður Gunnarsdóttir, stjórnarformaður, Ásta Lára Leósdóttir, Guðjón Hauksson og Oddur Gunnarsson.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri



# Áritun endurskoðenda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og skýringar nr. 1–21 og kennitölur.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

